


**náttúra** 34



Í flóttamannabúðum til æviloka
**kenía** 36

**spottið** 18









# FRÉTTABLAÐIÐ

**Helgarblað**
**8. október 2011**
235. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Var alltaf að brjóta ísinn

*Ólafur Jóhann Ólafsson segir frá kynnum sínum af Steve Jobs.*

**tækni** 32

## Rass og rækjur

*Ágúst Bogason og Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir kætast yfir mismælum.*

**rökstólar** 28

## Kvaddur með flögum

*Útför herra Doritos og aðrar furðulegar jarðarfarir fræga fólksins í útlöndum.*



**fólk** 44

**4 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Stöð 2 | Allt | Allt atvinna | Sjónvörp






**GERVIGRASIÐ LAGT** Íþróttafélagið Fram stendur nú í stórræðum á framtíðarfélagssvæði sínu í Úlfarsárdal. Þar er verið er að leggja lokahönd á gervigrasvöll félagsins. Völlurinn mun einnig þjóna íbúum Úlfarsárdals og Grafarholts. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Leikfimi í stað fornbíla

**Fornbílaklúbbur Íslands er hættur við að koma upp safni í Elliðaárdal á lóð sem borgin gaf honum. Engar kvaðir fylgdu gjöfinni og klúbburinn hefur nú selt hús sitt á lóðinni. Þar verður opnuð líkamsræktarstöð.**

**SKIPULAGSMÁL** Ekkert verður af því að Fornbílaklúbbur Íslands komi upp fornbílasafni við Rafstöðvarveg í Elliðaárdal. „Þetta var allt of stór biti fyrir svona félagsskap,“ segir Jón Hermann Sigurjónsson, ritari klúbbsins.

Reykjavíkurborg gaf klúbbnum lóðina undir safnið árið 2005. Vonir voru bundnar við að safnið myndi laða marga gesti í Elliðaárdalinn, en vinnan við húsið, sem átti að hýsa safnið á jarðhæð og félagsaðstöðu á efri hæð, sóttist hægt.

Upphaflega stóð til að allt yrði klárt í árslok 2007 en í ágúst síðastliðnum seldi klúbburinn rétt rúmlega fokhelt hús sitt á lóðinni til leigufélags í eigu Skúla Gunnars Sigfússonar í Subway. Hann hefur nú leigt það undir líkamsræktarstöð fyrirtækisins BootCamp.

> Ég er ekki tilbúinn að kyngja því að borgin og aðrir ætlist til þess að við stöndum við okkar gefnu loforð á meðan þeir geta ekki einu sinni haldið sinni starfsemi opinni.
>
> JÓN HERMANN SIGURJÓNSSON
> RITARI FORNBÍLAKLÚBBSINS

„Það voru engar kvaðir á þessari lóð, ekki einu sinni að við opnuðum þetta safn,“ segir Jón Hermann. Þegar ljóst þótti að verkefnið hefði siglt í strand fjárhagslega og klúbburinn kom alls staðar að lokuðum dyrum með styrkumsóknir hafi stjórnin því ákveðið að gefa það upp á bátinn og selja húsið.

Hann bendir á að Orkuveitan hafi haft minjasafn í húsi hér um bil sambyggðu þeirra. Henni hafi hins vegar verið uppálagt að spara fé og hafi nú einnig selt sitt húsnæði undan safninu.

„Ég er ekki tilbúinn að kyngja því að borgin og aðrir ætlist til þess að við stöndum við okkar gefnu loforð á meðan þeir geta ekki einu sinni haldið sinni starfsemi opinni,“ segir Jón Hermann.

Alfreð Þorsteinsson, þáverandi borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og stjórnarformaður Orkuveitunnar, var einn helsti hvatamaðurinn að verkefninu á sínum tíma. Hann tók skóflustungu að húsnæðinu ásamt þáverandi formanni klúbbsins og batt miklar vonir við að safnið yrði prýði í Elliðaárdalnum.

„Þetta eru því vissulega vonbrigði,“ segir Alfreð. Klúbburinn hafi hins vegar lent illa í hruninu og því miður neyðst til að fara þessa leið.

Spurður hvort skynsamlegt hefði verið að setja kvaðir á lóðagjöfina segir Alfreð það tíðkist ekki. „Þetta eru náttúrulega frjáls félagasamtök og það er nú ekki vaninn að borgaryfirvöld leggi stein í götu manna þegar þeir reyna að bjarga sér út úr erfiðleikum af þessu tagi.“ **- sh**




**Sérhæfð vörudreifing**

Við bjóðum upp á klæðskerasniðnar lausnir í vörudreifingu fyrirtækja. Hagstæð, örugg og gæðavottuð þjónusta.

Hafðu samband til að fá nánari upplýsingar í síma 585 8300 eða 585 8330.

Póstdreifing - Suðurhraun 1 - 210 Garðabær
Sími 585 8300 - www.postdreifing.is

Póst dreifing

**Haustkvöld í Mjódd 13. okt. kl: 19-21**

Afslættir, kynningar, tískusýning, tónlist, handverk, happdrætti og léttar veitingar

Verið velkomin
Garnbúðin Gauja,
þjónusta í þína þágu

Garnbúðin Gauja

Álfabakki 14a, sími: 571-2288, www.gauja.is, e-mail: gauja@gauja.is



## SPURNING DAGSINS



*Er þá Re-lax á döfinni hjá þér?*

„Ekki spurning. Það er bara Relax and take it easy.“

Dansarinn Sigrún Blomsterberg tognaði illa á dögunum og lagðist meðal annars í laxeroliubað til að fá bót meina sinna. Hún verður að taka því rólega næstu daga.

Ráðstefnan You Are in Control haldin í fimmta sinn eftir helgi:

# Sýna þrjár myndir um Nick Cave

**MENNING** Þrjár heimildarmyndir um upptökur á hljómplötum ástralska tónlistarmannsins Nick Cave verða sýndar í Hörpu í næstu viku í tilefni ráðstefnunnar You Are in Control (YAIC), sem fram fer 10. til 12. október.

YAIC er ráðstefna sem nú verður haldin í fimmta sinn og snýst um skapandi greinar á tímum stafrænnar byltingar, að því er fram kemur í kynningarefni umsjónarmanna.

Meðal ræðumanna á ráðstefnunni verða myndlistarmennirnir Iain Forsyth og Jane Pollard, sem meðal annars gerðu myndirnar þrjár sem minnst var hér að framan, auk ellefu annarra mynda um plötur Nick Cave. Þau hafa síðustu tíu ár unnið með þekktustu sjálfstæðu útgáfufyrirtækjum Bretlands við að móta stefnu þeirra og nálgun á starfrænni og skapandi markaðssetningu.

Þá flytur Svíinn Mathias Klang frá Creative Commons fyrirlestur um upplýsingatækni með sérstaka áherslu á stafræn höfundarréttindi.

Ráðstefnan fer fram í Hörpu og miði kostar 30 þúsund krónur. - sh



**NICK CAVE** Meðal þess sem er á dagskránni er sýning á þremur heimildarmyndum tónlistarmannsins Nick Cave.

Ósáttur við gjaldheimtu:

# Bætur eftir strippbúlluför

**DANMÖRK Gestur nektardansstaðar í Danmörku hefur fengið 2.500 danskar krónur í bætur, jafngildi rúmlega 50 þúsunda íslenskra króna, eftir heimsókn á staðinn. Gesturinn var ósáttur við að greiða 40 danskar krónur, um 860 íslenskar krónur, fyrir aðgang að staðnum þar sem kvenkyns gestir þurftu að greiða helmingi minna.**

**Mismunun vegna kyns er bönnuð og þess vegna var gjaldtakan brot á jafnréttislögum. - ibs**

Stjórnvöld svara ESA:

# Áfram rekinn sem ein heild

**STJÓRNSÝSLA Íbúðalánasjóður verður áfram rekinn sem ein heild og öll starfsemin skilgreind sem þjónusta í almannaþágu. Þetta kemur fram í svari stjórnvalda við athugasemdum ESA, eftirlitsstofnunar EFTA.**

**Í svarinu kemur jafnframt fram að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á lögum og reglum um sjóðinn þannig að starfsemin samræmist samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.**

**ESA setti fyrr á þessu ári fram sex tillögur að aðgerðum og breytingum á starfsemi Íbúðalánasjóðs svo hún samræmdist samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.**

**Íslensk stjórnvöld hafa nú fjallað um tillögur stofnunarinnar og komist að þeirri niðurstöðu að fallast megi á þær í meginatriðum, að því er segir í tilkynningu. - kh**

Fagráðið vill lagabreytingar:

# Vill skaðabætur fyrir þolendur

**SAMFÉLAGSMÁL** Þeir þolendur kynferðisbrota þar sem málin eru fyrnd að lögum eiga að fá sálfræðikostnað sinn niðurgreiddan frá ríkinu, að mati Guðrúnar Ögmundsdóttur, formanns fagráðs innanríkisráðuneytisins um meðferð kynferðisbrota innan trúfélaga. Mælst verður til þess að hafa slíkt ákvæði í lögum.

„Það er gríðarlega mikið af gömlum brotum sem eru fyrnd og ekki kærð. Sveitarfélögin hafa í einhverjum tilvikum hjálpað til við sálfræðikostnað fyrir þá einstaklinga og það er mjög brýnt að útvíkka þá hugsun,“ segir hún.

Fagráðið undirbýr nú minnisblað til innanríkisráðherra, þar sem þetta verður meðal annars lagt til. - sv

# Stigi opni laxfiskum sextíu kílómetra leið

**Útbúa á fiskveg sem opnar laxfiskum sextíu kílómetra veiðisvæði í Jökulsá á Dal auk hliðaráa. Athuganir Veiðimálastofnunar benda til góðra uppeldisskilyrða fyrir seiði. Mikill ávinningur yrði af fiskveginum fyrir veiðiréttareigendur.**

**UMHVERFISMÁL** Veiðifélag Jökulsár á Dal bíður þess nú að Skipulagsstofnun gefi grænt ljós á gerð fiskvegar fram hjá svokölluðum Steinboga.

„Það er trú okkar í stjórn veiðifélagsins að það að fleyga fiskveg í klöppina við hliðina á urðinni yrði til þess að fiskur gengi upp Jökuldalinn en það er um sextíu kílómetra langt vatnasvæði sem ekkert hefur nýst hingað til. Einnig myndi koma lax í Þverár Jökulsár; Hrafnkelu, Gilsá oog Hneflu,“ segir í umsókn veiðifélagsins um framkvæmdaleyfi. Bæjarráð Fljótsdalshéraðs frestaði afgreiðslu málsins á síðasta fundi þar sem umsögn Skipulagsstofnunar um hvort gera þurfi mat á umhverfisáhrifum liggur ekki fyrir.

Grunnurinn að nýjum lendum fyrir laxfiska í Jökulsá er Kárahnúkavirkjun og Hálslón. Í stað þess að vera gruggug af jökulvatni árið um kring er Jökla nú tær þar til Hálslón fyllist síðla sumars og fer á yfirfall.

Guðni Guðbergsson hjá Veiðimálastofnun hefur kannað farveg Jöklu. Í mati sínu á hindrunum á gönguleið laxfiska í ánni segir Guðni að rafleiðni í vatninu bendi til góðra uppeldisskilyrða fyrir lax og bleikju, bæði sjógengna og staðbundna. „Á þessari stundu er mesta óvissan fólgin í því hvaða áhrif aurugt yfirfallsvatn kemur til með að hafa,“ segir Guðni.

Áðurnefndur Steinbogi er urð sem lokar nánast algerlega fyrir fiskgengd í ánni um þrjá kílómetra fyrir ofan þjóðveg 1, í landi Sellands og Gilja. Þá eru enn yfir sextíu kílómetrar að ósi Desjár en alls eru þangað 109 kílómetrar frá ósi Jöklu í Héraðsflóa.

Þröstur Elliðason, hjá veiðifélaginu Strengjum, sem hefur Jökulsársvæðið á leigu, segir í sinni skýrslu að sleppt hafi verið laxaseiðum fyrir á bilinu sjö til átta milljónir króna á vatnasvæðinu fyrir ofan Steinboga.

„Er búist við að lax reyni í framhaldi af þessum sleppingum að ganga upp Jökuldalinn í töluverðu magni og dreifa sér um þetta víðfeðma og skemmtilega veiðisvæði sem þetta getur þá orðið,“ segir Þröstur.

Útfærslan á fiskveginum er sú önnur sem lögð er fram. Þeirri fyrri var hafnað. Veiðifélagið telur það hafa verið vegna misskilnings. Verkfræðistofan Verkís gerir ráð fyrir að vegurinn verði fleygaður í bergið við hlið farvegarins og steyptur að hluta. gar@frettabladid.is






**STEINBOGI** Í venjulegu sumarrennsli smeygir Jökulsá á Dal sér undir urðina sem nefnd er Steinbogi. Veiðifélagið vill opna laxi veg með því að fleyga farveg í bergið í austurbakkanum. MYND/ÞRÖSTUR ELLIÐASON



**HELLA** Vínbúðarlaus bær í eitt og hálft ár.

Þreytt á tímabundinni lokun:

# Vínbúð á Hellu verði opnuð á ný

**VERSLUN** Sveitarstjórn Rangárþings ytra segir tímabært að ÁTVR opni að nýju Vínbúðina á Hellu sem lokað var tímabundið í mars 2010 vegna framkvæmda við tengibyggingu.

„Nú hefur aðal verslunarhæð byggingarinnar verið opnuð og vitað er að rými hefur verið frátekið sérstaklega fyrir Vínbúðina á sama stað og áður. Sveitarstjórn telur að opnun Vínbúðar sé nú tímabær þar sem öll aðstaða er gjörbreytt frá því sem áður var og hvetur forsvarsmenn ÁTVR til að opna vínbúð aftur á sama stað,“ segir sveitarstjórnin sem hefur falið sveitarstjóranum „að koma á fundi með ÁTVR hið allra fyrsta“. - gar

Ráðherra sendir tilmæli:

# Kynjum verði ekki mismunað

**MENNTUN Svandís Svavarsdóttir menntamálaráðherra hefur sent Námsgagnastofnun erindi þar sem þess er krafist að kynjum sé ekki mismunað í námsbókum.**

**Ráðherrann benti stofnuninni á niðurstöður rannsóknar sem Jafnréttisstofa lét gera í sumar, þar sem kom fram að víða hallaði verulega á konur.**

**Í bréfi ráðherra kemur fram að hún líti niðurstöðurnar alvarlegum augum og telji brýnt að verkferlar um námsefnisgerð verði endurskoðaðir. Þá óskar ráðherra eftir því að stofnunin sendi ráðuneytinu drög að úrbótaáætlun og verkferlum eigi síðar en 18. október. - þeb**






Afmælisblað Stöðvar 2 fylgir Fréttablaðinu í dag:

# Fagnar 25 ára afmæli á morgun

**FJÖLMIÐLAR** Sjónvarpsstöðin Stöð 2 fagnar 25 ára afmæli á morgun, 9. október. Af því tilefni fylgir blað um stöðina og sögu hennar með Fréttablaðinu í dag. Stöð 2 hóf afmælisfagnað 9. október í fyrra þegar 25. starfsárið hófst.

Stöð 2 er sem kunnugt er fyrsta einkarekna sjónvarpsstöðin. „Allar götur síðan hefur það verið meginmarkmið stöðvarinnar að skemmta þjóðinni.

Stytta henni stundir heima í stofu með því að bjóða upp á vandlega valda blöndu af vinsælasta erlenda skemmtiefninu, bestu íslensku dagskrárgerð sem völ er á, vönduðu barnaefni og síðast en ekki síst fréttum og fréttatengdri umfjöllun, á mannamáli, um fólkið í landinu fyrir fólkið í landinu,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, í blaðinu.

Ari segir að áskrifendur, ásamt auglýsendum og lista- og hæfileikafólki, eigi heiðurinn að innlendu dagskrárefni sem boðið hefur verið upp á á stöðinni. Því sé honum efst í huga þakklæti á stórafmælinu.

„Þakklæti til alls þess starfsfólks, skemmtikrafta og listafólks sem gætt hefur stöðina lífi, þakklæti til auglýsenda fyrir þá tiltrú sem þeir hafa sýnt stöðinni og síðast en ekki síst þakklæti til áskrifenda sem gert hafa Stöð 2 skemmtilegri í 25 ár – og munu áfram gera um ókomna tíð.“



**ARI EDWALD** Stöð 2 fagnar 25 ára afmæli sínu á morgun.

www.husa.is

*Allt fínt fyrir jólin*




**Öll innimálning 25% afsláttur* um land allt í október**

# MÁLNINGARDAGUR FJÖLSKYLDUNNAR

## Húsasmiðjunni Skútuvogi

### Jotun vörukynning

Einar Lárus Ragnarsson kynnir það nýjasta í málningu frá Jotun kl. 14-16.
Lady Pure Color, matta málningin sem allir eru að tala um!
Lady Supreme Finish, byltingarkennt nýtt lakk frá Jotun fyrir hurðir, innréttingar, glugga, húsgögn og fleira.

### Litaráðgjöf

Íva Rut Viðarsdóttir innanhússarkitekt býður upp á ráðgjöf í litavali milli kl. 14-16.
Taktu mynd af stofunni, herberginu eða hverju sem er og fáðu ráðgjöf frá Ívu um litaval.

### Andlitsmálun

Förðunarskólinn verður með andlitsmálun fyrir börnin, kl. 13-16.

### Börnin mála

Börnin búa til sameiginlegt listaverk á striga.

**ÓKEYPIS BLEIK VEGGMÁLNING**

KOMDU OG FÁÐU ÓKEYPIS BLEIKA MÁLNINGU

GEFUM 250 lítra. AF BLEIKRI MÁLNINGU TIL STYRKTAR KRABBAMEINSFÉLAGI ÍSLANDS
Hámark 6 ltr. á mann



Andlitsmálun fyrir börnin



Ókeypis ís fyrir börnin á laugardag

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

**Pylsa eða pizza og kók 199 kr.**

Kaffi Garður Skútuvogi opið til kl. 17 um helgar.

**ÍS aðeins 99 kr.**

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 07.10.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,68 | 118,24 |
| Sterlingspund | 182,51 | 183,39 |
| Evra | 157,93 | 158,81 |
| Dönsk króna | 21,213 | 21,337 |
| Norsk króna | 20,188 | 20,306 |
| Sænsk króna | 17,283 | 17,385 |
| Japanskt jen | 1,5339 | 1,5429 |
| SDR | 183,21 | 184,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 213,6772

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðalsamningamaður Íslands í makríldeilunni um niðurstöðu rannsókna á stofninum:

# Treystir stöðu Íslands í makrílviðræðum

**SJÁVARÚTVEGUR** Niðurstöður rannsóknarleiðangurs sem sýnir að um fjórðungshluti makrílstofnsins í Norðaustur-Atlantshafi hafi haldið sig innan íslenskrar efnahagslögsögunnar við fæðuöflun um fjögurra mánaða skeið í ár, ættu að treysta samningsstöðu Íslands í viðræðum um skiptingu makrílkvótans.

Þetta segir Tómas H. Heiðar í samtali við Fréttablaðið, en hann er aðalsamningamaður Íslands í þessum viðræðum.

Eins og kom fram í frétt blaðsins í gær mældust um 1.100 þúsund tonn af makríl innan íslenskrar lögsögu, sem er svipað og í fyrra.

Tómas segir að athyglisvert sé að vestan við Ísland var bæði makríllinn sjálfur hvað þéttastur svo og átan, mikilvægasta fæða makrílsins.

„Að mínu mati treysta þessar niðurstöður stöðu Íslands í samningaviðræðunum um makrílveiðar og auka líkur á því að samkomulag geti tekist um raunhæfa skiptingu kvóta í haust milli strandríkjanna fjögurra, Íslands, ESB, Noregs og Færeyja.“

Næsti samningafundur verður haldinn í London dagana 19. til 21. október.

„Brýnt er að ná samkomulagi um makrílveiðarnar sem allra fyrst til að fyrirbyggja frekari ofveiði úr stofninum sem gæti leitt til hruns hans á tiltölulega stuttum tíma,“ bætir Tómas við.

„Umgangast þarf þessa mikilvægu auðlind af ábyrgð og tryggja að veiðarnar séu sjálfbærar. Ljóst er að öll strandríkin, þar með talið Ísland, munu bera meira úr býtum til lengri tíma litið með samkomulagi en án þess.“ **- þj**



**MAKRÍLVINNSLA** 100 þúsund tonn af makríl mældust innan efnahagslögsögu Íslands í ár. Það þykir treysta samningsstöðuna í viðræðum við önnur strandríki. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



**NEI** Kína og Rússland beittu neitunarvaldi í öryggisráðinu gegn ályktun þar sem ofbeldi sýrlenskra yfirvalda var fordæmt. Forseti Rússlands stendur við þá ákvörðun. NORDICPHOTOS/AFP

Rússlandsforseti um Sýrland:

## Ályktunin hefði opnað á hervald

**MOSKVA** Dimitrí Medvedev Rússlandsforseti varði í gær beitingu neitunarvalds í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrr í vikunni. Rússland og Kína slógu þar út ályktun sem fordæmdi ofbeldi sýrlenskra stjórnvalda gegn mótmælendum, og hlutu bágt fyrir.

Medvedev sagði að Rússar hefðu ekki getað samþykkt ályktunina, þar sem hún útilokaði ekki beitingu alþjóðlegs hervalds.

Hann hvatti þó Bashar al-Assad, forseta Sýrlands, til að hrinda boðuðum endurbótum í framkvæmd. Að öðrum kosti þyrftu stjórnvöldum að fara frá völdum, en það væri komið undir almenningi þar í landi. **- þj**

### KÓPAVOGUR

**Bæjarritari segir upp**

Páll Magnússon sagði í lok september lausu starfi sínu bæjarritari í Kópavogi. Páll hefur verið ráðinn forstjóri Bankasýslu ríkisins. Deilt er um hæfi Páls í starfið og hefur Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra óskað skýringa á ráðningunni frá stjórn Bankasýslunnar.

# Vekja athygli á tíðum slysum ungmenna

**Keppnin Vertu til er ætluð til að vekja athygli ungs fólks á umferðarslysum og efla ábyrgð. Framhaldsskólanemar keppa í fjórum flokkum sem allir tengjast umferðinni. Þrír sautján ára drengir hafa látist á árinu í umferðarslysum.**

**SAMGÖNGUMÁL** Fjöldi alvarlegra umferðarslysa meðal ungs fólks er kveikjan að keppninni Vertu til, sem Umferðarstofa hefur efnt til meðal framhaldsskólanema.

Slagorð keppninnar er Lifum af – fækkum banaslysum í umferðinni. Keppt er um bestu vefsjónvarpsþáttinn, besta slagorðið, bestu ljósmyndina og bestu krækjuna á netinu og geta bæði skólar og einstaklingar unnið.

Framhaldsskólunum er skipt niður í fjóra riðla og er keppni í fyrsta riðlinum lokið. Menntaskólinn við Hamrahlíð var sigursæll í þeim riðli. Skólinn sendi inn besta vefsjónvarpsþáttinn og Hjalti Vigfússon, nemandi skólans, átti besta slagorðið: „ekki leggja líf þitt í hendur, þess sem er kenndur.“ Þá átti Sindri Benediktsson bestu ljósmyndina. „Það myndaðist ákveðin stemning innan skólans og hópsins,“ segir Sindri. Hann segist viss um að keppni af þessu tagi hafi áhrif á ungt fólk. Hann sjálfur hafi tekið þátt bæði vegna boðskaparins og verðlaunanna sem voru í boði. „Keppnin var auglýst í skólanum af Umferðarstofu, ég ákvað bara að slá til, fékk lánaða myndavél og tók myndina.“

Ákveðið var að halda keppnina til að vekja athygli á því hversu algeng alvarleg umferðarslys eru hjá ungu fólki. Það sem af er ári hafa þrír sautján ára drengir látist í umferðarslysum.

Þóra Magnea Magnúsdóttir, fræðslufulltrúi hjá Umferðarstofu, segir að framhaldsskólanemar séu einstaklega frjóir og hugmyndaríkir, líkt og sjáist af þátttöku þeirra í keppninni. „Öll þessi slagorð og myndir og myndbönd eru rosalega flott og þessu hefur verið mjög vel tekið.“ Ætlunin er að fá ungt fólk til að tala við annað ungt fólk í stað þess að ávallt séu fullorðnir að segja þeim til. „Þetta eru þeirra raddir, orðfæri og skilaboð.“

**thorunn@frettabladid.is**



**VINNINGSMYNDIN** „Það er nauðsynlegt að hafa augun opin fyrir gangandi vegfarendum“ heitir myndin hans Sindra sem sigraði í fyrsta hluta keppninnar. MYND/SINDRI BENEDIKTSSON

Reif og sló í talstöð:

## Í ofsakasti gegn stöðumælaverði

**DÓMSMÁL Tæplega fertugur maður hefur verið dæmdur í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að ráðast með hótunum um ofbeldi og líflát að kvenkyns stöðumælaverði sem var við vinnu sína í Reykjavík.**

**Maðurinn reif og sló ítrekað í talstöð varðarins sem var að skrifa sektarmiða á bíl hans. Þá beitti hann hótunum, svo sem eftirfarandi: „…ég elska að lemja fólk, …og þú ert ekkert að fara að sekta mig hérna…“**

**Jafnframt er maðurinn ákærður fyrir ærumeiðandi móðganir gagnvart opinberum starfsmanni, því hann lét klúryrðum og meiðandi ummælum rigna yfir stöðumælavörðinn. - jss**

Bæjarstjórn svarar gagnrýni:

## Virða reglur við fækkun katta

**SVEITARSTJÓRNIR** Farið verður að lögum og reglum við aðgerðir á Fljótsdalshéraði vegna þess sem upphaflega var nefnt „kattaplága“ á Egilsstöðum.

Fljótsdalshéraði bárust athugasemdir frá Önnu Kristine Magnúsdóttur fyrir hönd Kattavinafélags Íslands eftir að fréttir birtust af fyrirhuguðum aðgerðum. Bæjarstjórnin kveðst fullvissa Önnu Kristine um að farið verði að lögum og reglum við merkingar og skráningar leyfislausra katta og hunda og fækkun villikatta. Óskað verði samvinnu við dýralækna og lögreglu. Gæludýraeigendur séu hvattir til að fara eftir reglum um skráningu og meðferð dýra. **- gar**



**ANNA KRISTINE MAGNÚSDÓTTIR**




**Láttu ljós þitt skína**

**í ljósaveislu Pfaff í dag milli kl. 11–16**

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is
facebook.com/pfaff.is

PFAFF


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ROK OG RIGNING**
Suðaustan stormur eða hvassviðri og mikil rigning um sunnan- og vestanvert landið fyrir hádegi og hvessir síðan norðaustan til síðdegis. Dregur úr vindi og vætu vestra í kvöld. Norðvestanátt og kólnandi veður á morgun.



**Á MORGUN** 8-15 m/s.

**MÁNUDAGUR** Stíf NA-átt NA-til, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 14° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 24° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 11° |
| París | 14° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú á skrá yfir líffæragjafa?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 5,0% |
| NEI | 95,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú ánægð/ur með að rannsaka eigi rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálsins á ný?*

Segðu þína skoðun á vísir.is. VÍSIR

Ríkissaksóknari ákærir tæplega fertugan karlmann, Redouane Naoui:

# Ákærður fyrir að bana manni

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur tæplega fertugan karlmann. Redouane Naoui, fyrir manndráp.

Manninum er gefið að sök að hafa að kvöldi fimmtudagsins 14. júlí 2011, á veitingastaðnum Monte Carlo á Laugavegi 34 í Reykjavík, veist að íslenskum manni með hnífi og stungið hann í hálsinn vinstra megin með þeim afleiðingum að slagæð fór í sundur. Árásarmaðurinn, sem hefur verið búsettur hér á landi í átta ár, var handtekinn á veitingastaðnum eftir atlöguna eftir að lögreglan hafði verið kölluð þangað vegna líkamsárásar. Manninum sem fylgir henni varð hafði þá þegar blætt mikið. Hann var þegar fluttur á Landspítalann. Hann lést 26. júlí 2011 af völdum áverkanna.

Aðstandendur hins látna krefjast þess að Naoui verði dæmdur til greiðslu bóta samtals að fjárhæð ríflega fimm milljónir króna. Krafist er miskabóta að fjárhæð fjórar milljónir króna og bóta vegna útfararkostnaðar að fjárhæð 456.874 krónа. Krafan er samtals upp á 4.456.874 krónur auk vaxta. **- jss**




**MANNDRÁP** Maðurinn er ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Umferðarkönnun í Danmörku:

## Stór hluti ökumanna í vímu

**DANMÖRK** Jafnan eru um fimm prósent ökumanna á dönskum vegum undir áhrifum áfengis, fíkniefna eða annarra lyfja sem skerða ökuhæfni þeirra. Þetta sýnir ný fjölþjóðleg rannsókn.

Samkvæmt téðri könnun eru líkurnar á því að mæta ökumanni undir áhrifum mun meiri í Danmörku en í nágrannalöndunum, en hlutfallið er þó mun hærra í suðurhluta Evrópu. Umferðaröryggisráð í Danmörku leggur áherslu á að lögregla herði eftirlit til að fækka ölvunar- og lyfjaakstri. **- þj**




# Dagbækur Tryggva studdu ákvörðunina

**Innanríkisráðherra hefur skipað starfshóp til að fara yfir Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Hann hefur fengið í hendur 1.190 undirskriftir þar sem krafist er rannsóknar og endurupptöku málsins. Ný gögn studdu ákvörðun ráðherra.**

**DÓMSMÁL** Þau sjónarmið hafa ítrekað komið fram að margt hafi farið svo alvarlega úrskeiðis við rannsókn svonefnds Guðmundar- og Geirfinnsmáls að það varði almannahag að rannsókn fari fram á sjálfri rannsókninni.

Þetta sagði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra á blaðamannafundi í gær, þar sem hann kynnti þá ákvörðun sína að skipa starfshóp til að fara yfir þetta umfangsmikla sakamál sem lifað hefur með þjóðinni í á fjórða tug ára.

Ráðherra greindi frá því að í vikunni hefði hann fengið í hendur 1.190 undirskriftir þar sem krafist væri rannsóknar og endurupptöku málsins.

„Til marks um það hve umdeilt málið er má benda á að aðeins frá því að ég tilkynnti áform mín [um að koma hreyfingu á málið] í byrjun þessarar viku hefur komið fram fjöldi ólíkra tillagna um hvernig standa mætti að málum,“ sagði ráðherra.

Hann benti enn fremur á að endurupptaka málsins fyrir dómstólum hafi verið reynd án árangurs árið 1997.

„Með tilkomu dagbóka eins sakborninga í málinu hefur nú komið ný sýn á málið og réttarsálfræðingur í fremstu röð á heimsvísu, Gísli Guðjónsson, hefur lýst því yfir að efni þeirra sé þannig að tilefni sé til að rannsaka málið á ný. Þau orð renna enn frekari stoðum undir þá ákvörðun mína að láta málið ekki kyrrt liggja,“ sagði Ögmundur enn fremur og vísaði þar til fréttaskýringaþáttar Helgu Arnardóttur, fréttamanns á Stöð 2, sem nýverið kom með þessar nýju umræddu upplýsingar í málinu fram í dagsljósið.

Ráðherra sagði enn fremur að þó að ný samþykkt lög um rannsóknarnefndir Alþingis væru mikilvæg réttarbót teldi hann að gjalda bæri varhug við að færa rannsókn sakamáls, sem þegar hefði verið dæmt í Hæstarétti Íslands, inn á vettvang Alþingis án þess að málið væri sérstaklega reifað og undirbúið þannig að að öll rök lægju fyrir slíkri málsmeðferð.

Starfshópurinn skal skila áfangaskýrslu fyrir lok apríl á næsta ári. Ráðherra sagði að í þeirri skýrslu myndi koma fram hvort og þá til hvaða ráðstafana þurfi að grípa varðandi framhald málsins. **jss@frettabladid.is**



**STARFSHÓPUR Í SAKAMÁLI** Auk Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra og Ragnhildar Hjaltadóttur ráðuneytisstjóra sátu blaðamannafundinn Valgerður María Sigurðardóttir (lengst t.v.) sem starfar með hinum nýja starfshópi, Arndís Soffía Sigurðardóttir, lögfræðingur og lögreglumaður, sem er formaður hópsins, Haraldur Steinþórsson lögfræðingur og dr. Jón Friðrik Sigurðsson yfirsálfræðingur á Landspítala, sem báðir eiga sæti í starfshópnum. FRETTABLADID/STEFÁN

## Þetta er ekki búið



**KRISTÍN ANNA TRYGGVADÓTTIR**

„Þetta er ekki búið. Það er langt og erfitt ferli fyrir höndum,“ sagði Kristín Anna Tryggvadóttir, dóttir Tryggva Rúnars Leifssonar, eins sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu, eftir að innanríkisráðherra hafði tilkynnt ákvörðun sína um endurskoðun málsins.

„Ég vonast til þess að nöfn sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu verði hreinsuð. Að sjálfsögðu væri svo léttir að því að vita fjölskyldur Guðmundar og Geirfinns komast að því rétta um sína menn og afdrif þeirra. En mér er efst í huga, að ég vil sjá nafn föður míns hreinsað af þessum sakargiftum. Ég veit að þessi starfshópur þarf ekki að starfa lengi til þess að koma auga á vankanta á rannsókninni sem slíkri og stofnun hans er það sem við vorum að vonast eftir í fyrsta áfanga. Ég vænti mikils af störfum hópsins.“

**Sanngirnisbætur**
**Innköllun**

Í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2010 um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 og tóku gildi hinn 28. maí 2010, hefur sýslumanninum á Siglufirði verið falið að gefa út innköllun, fara yfir kröfur og gera þeim sem eiga rétt á bótum skriflegt sáttaboð. Skal sýslumaður eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að sama heimilinu.

Á grundvelli þessa er nú kallað eftir kröfum frá þeim sem dvöldu á:

**Vistheimilinu Silungapolli**

Hér með er skorað á alla þá sem dvöldu á vistheimilinu Silungapolli einhvern tíma á árabilinu 1950-1969 og urðu þar fyrir illri meðferð eða ofbeldi sem olli varanlegum skaða, að lýsa kröfu um skaðabætur fyrir undirritaðri fyrir 22. janúar 2012. Kröfu má lýsa á eyðublaði sem er að finna á vefnum www.sanngirnisbætur.is og hjá tengiliði vegna vistheimila.

Allar kröfur skulu sendar sýslumanninum á Siglufirði, Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði.

**Verði kröfu ekki lýst fyrir 22. janúar 2012 fellur hún niður.**

Bent er á að unnt er að leita aðstoðar tengiliðar vegna vistheimila við framsetningu og skil á bótakröfu. Aðstoð tengiliðar er að kostnaðarlausu. Skrifstofa tengiliðar er að Hverfisgötu 4a-6a, þriðju hæð, 101 Reykjavík. Sími tengiliðar er 545 9045. Veffang er www.tengilidur.is.

Siglufirði 7. október 2011
Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**MEIRA SJÓNVARP**

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

VÍSIR

Erfiðir hveitibrauðsdagar ríkisstjórnarinnar í Danmörku:

# Með minnihluta í skoðanakönnun

**DANMÖRK** Stjórnarflokkarnir í Danmörku myndu ekki ná meirihluta á þingi ef kosið væri nú, samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem gerð var fyrir Politiken.

Jafnaðarmenn, Sósíalistar og Róttækir, ásamt Samstöðulistanum, fá þar einungis 49,6 prósent, eða 86 þingsæti gegn 89 sætum hægriflokkanna.

Helle Thorning-Schmidt kynnti stjórn sína til leiks í byrjun vikunnar en síðan hefur fylgið kvarnast af.

Magnus Heunicke, talsmaður Jafnaðarmanna, segir að þessi þróun komi ekki á óvart, þar sem umræðan síðustu daga hafi snúist um þau mál sem Róttækir hafi fengið í gegn í stjórnarsáttmálanum, en síður um þau sem að Jafnaðarmenn og Sósíalistar hafi komið í gegn.

„Ég held að Danir bíði eftir því að við komum hlutum í verk. Við höfum lagt fram stefnumál okkar og svo setjum við fram frumvörp okkar og fjárlög. Eftir það mun hin nýja pólitík koma í ljós, en ekki bara nýju andlitin á þingi.“

Thorning-Schmidt hefur verið frammistöðu flokks síns í stjórnarmyndunarferlinu og segir að engin kosningaloforð hafi verið svikin, þó að mörg af stefnumálum flokksins hafi verið sett til hliðar í stjórnarsáttmálanum. **- þj**



**ERFIÐ BYRJUN** Ríkisstjórnarflokkarnir undir stjórn Helle Thorning-Schmidt hafa ekki sópað að sér fylgi á fyrstu dögunum. NORDICPHOTOS/AFP

©Disney

NÝ
MATREIÐSLUBÓK FRÁ
Disney

DISNEY KYNNIR NÝJA ÍSLENSKA MATREIÐSLUBÓK

# STÓRA DISNEY
## KÖKU- OG BRAUÐBÓKIN

90 UPPSKRIFTIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA.

3-99 ára

Tilboð
2.990.-
fullt verð 3.490.-




Nú er komin út Stóra Disney köku- og brauðbókin með gómsætum uppskriftum að hollu matarbrauði, bragðgóðum brauðréttum, ljúffengum múffum, klassískum kökum, litríkum tertum, svo ekki sé minnst á ævintýralegar afmælistertur.

Stóra Disney matreiðslubókin var metsölubók í fyrra og þessi verður það líka. Safnaðu öllum Disney matreiðslubókunum frá byrjun.

Gildir til 9. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Friðarverðlaunahafi Nóbels er hér á landi í boði forseta Íslands. Hvað heitir hann?

2 Hver er nýráðinn forstjóri Bankasýslunnar?

3 Hvaða söngvarar verða gestir á nýrri plötu Ghostigital?

SVÖR:

1. Kofi Annan. 2. Páll Magnússon. 3. Damon Albarn og David Byrne.

Guðmundur Steingrímsson segir viðræður á landsbyggðinni um stofnun nýs flokks ganga vel:

# Hópur Guðmundar fer ört stækkandi

**ALÞINGI** „Þetta gengur alveg glimrandi vel. Þetta verður úti um allt land, það er þannig áhugi,“ segir Guðmundur Steingrímsson þingmaður um viðræður vegna væntanlegs framboðs nýs flokks í þingkosningunum árið 2013. „Hópurinn er alltaf að stækka.“

Guðmundur hefur, eins og kunnugt er, verið í viðræðum við fólk úr Besta flokknum og L-listanum á Akureyri, ásamt fólki úr öðrum óháðum framboðum á Vestur-, Austur- og Suðurlandi. „Þetta er enn á þreifingastigi og verður að fá að koma í ljós,“ segir hann. „Það er meðal annars fólk úr L-listanum sem hefur talað við okkur og fólk í alls konar óháðum framboðum annars staðar líka. Það er kannski engin tilviljun, við erum að tala um svipaða hluti og óháðir flokkar víðs vegar um landið.“

Geir Kristinn Aðalsteinsson, oddviti L-listans, tekur því fagnandi að verið sé að þreifa fyrir sér með stofnun nýs stjórnmálaflokks. Hann segir L-listann ekki ætla í framboð sem heild en vissulega sé áhugi meðal fólks í flokknum að halda áfram viðræðum.

„L-listinn ætlar ekki að tengjast þessum nýja flokki. En ef einhver innan okkar raða hefur áhuga á að starfa með honum myndi listinn ekki setja sig á móti því,“ segir Geir. Hann segir engan af bæjarfulltrúum listans ætla í framboð.

„Við fögnum því þó að menn séu að gera þetta. Þetta er þarft framtak og það þarf nýja sýn á stjórnmálin,“ segir hann og bætir við að þar sem L-listinn sé með hreinan meirihluta í bæjarstjórn Akureyrar vanti klukkutíma í sólarhringinn frekar en hitt og því sjái hann ekki fram á að menn hafi tíma í frekari stjórnmálastörf. **- sv**



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON** Guðmundur er í viðræðum við ýmsa óháða stjórnmálaflokka á landinu öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**ÓSKA EFTIR**

**Að kaupa enska English CURSE Lingapone Námskeiðið**

ÉG BORGA 40.000 FYRIR NÁMSKEIÐIÐ

UPPLÝSINGAR 865-7013



**Opið hús í Heilsuborg**

**Í dag 8. október**
**milli kl. 11.00-14.00.**



**Afmælistilboð kr. 14.900,-**
**Líkamsrækt til áramóta + Næringarráðgjöf**
**Eingöngu í sölu 8. október**

- Frítt í heilsurækt - 8. október
- Frítt í Zumba - Leikfimistími kl. 11.00
- Heilbrigt líf - Opinn fyrirlestur kl. 12.30 - Erla Gerður læknir
- Frí ráðgjöf - Varðandi hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl
- Happdrættisvinningar

HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is




**TAWAKKUL KARMAN, ELLEN JOHNSON SIRLEAF OG LEYMAH GBOWEE** Friðarverðlaunahafar Nóbels í ár hafa allir barist fyrir bættri stöðu kvenna, lýðræði, friði og frelsi í löndum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

# Þrjár baráttukonur fá friðarverðlaunin

**Þrjár konur, sem barist hafa fyrir friði, lýðræði og sterkari stöðu kvenna í Líberíu og Jemen fá friðarverðlaun Nóbels í ár. Þær Ellen Johnson Sirleaf, Leymah Gbowee og Tawakkul Karman hafa andæft ofbeldismönnum hver á sinn hátt.**

**NOREGUR, AP** „Við getum ekki náð fram lýðræði og varanlegum friði í heiminum nema konur fái sömu tækifæri og karlar til þess að hafa áhrif á þróun mála á öllum sviðum samfélagsins,“ segir norska Nóbelsnefndin í tilkynningu sinni í gær, þar sem hún tilkynnti að friðarverðlaun Nóbels kæmu í ár í hlut þriggja baráttukvenna fyrir jafnrétti.

Þekktust þeirra er Ellen Johnson Sirleaf, sem hefur verið forseti Líberíu í fimm ár, fyrst kvenna og tók við erfiðu ástandi fáum árum eftir að blóðugu borgarastríði lauk.

„Þetta styrkir mig í því að vinna að sáttum,“ sagði hún þegar henni höfðu borist tíðindin af verðlaununum. „Líberíubúar eiga að vera stoltir.“

Hún bauð sig fyrst fram gegn harðstjóranum Charles Taylor árið 1997, en varð þá að lúta í lægra haldi. Hún er orðin 72 ára en hefur enn boðið sig fram til næsta kjörtímabils, og kosningarnar verða á þriðjudaginn kemur.

> Við, konurnar í Líberíu, látum ekki bjóða okkur það lengur að láta nauðga okkur, misnota, misbjóða, limlesta og drepa
>
> **LEYMAH GBOWEE**
> **BARÁTTUKONA FRÁ LÍBERÍU**

Leymah Gbowee hefur farið aðrar leiðir í baráttu sinni fyrir réttindum kvenna og friði í Líberíu. Árið 2003 stóð hún óhrædd uppi í hárinu á einræðisstjórn og hermönnum sem fóru með ofbeldi um landið, jafnvel eftir að samið hafði verið um frið.

„Við, konurnar í Líberíu, látum ekki bjóða okkur það lengur að láta nauðga okkur, misnota, misbjóða, limlesta og drepa,“ hrópaði hún, fremst í flokki „hvítklæddu kvennanna“ sem fylgdu henni í baráttunni. „Börn okkar og barnabörn verða ekki notuð sem drápsvélar og kynlífsþrælar.“

Þriðja konan, Tawakkul Karman, hefur tekið forystu í baráttu fyrir kvenréttindum, lýðræði og friði í Jemen. Þar í landi hefur hún verið nefnd bæði „járnkonan“ og „móðir byltingarinnar“.

Hún sagðist afar þakklát fyrir þessi verðlaun í gær, þar sem hún var í tjaldi mótmælenda á torgi í Sanaa, höfuðborg Jemens, en þar hefur hún dvalist meira og minna síðustu mánuðina og tekið virkan þátt í byltingunni gegn Ali Abdullah Saleh forseta.

Hún sagðist ætla að gefa sinn hlut í verðlaununum til byltingarhreyfingarinnar og kvennabaráttunnar í Jemen.

„Þessi verðlaun eru ekki handa Tawakkul heldur fyrir alla jemensku þjóðina, fyrir píslarvottana og fyrir málstað uppreisnarinnar gegn forsetanum og þrjótum hans. Hver einasti harðstjóri og einræðisherra kemst í geðshræringu vegna þessara verðlauna, því þau bjóða ranglætinu byrginn.“

gudsteinn@frettabladid.is


**Góð hugmynd á skilið að verða að veruleika**

**Svanni - lánatryggingasjóður kvenna auglýsir eftir umsóknum um lánatryggingar**

Svanni veitir lánatryggingar til kvenna með góðar viðskiptahugmyndir en sjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann um lánafyrirgreiðslu.

Eingöngu verkefni/fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu konu/kvenna og undir stjórn konu/kvenna geta sótt um tryggingu. Gerð er krafa um að í verkefninu felist nýsköpun/nýnæmi að einhverju marki og að verkefnið leiði til aukinnar atvinnusköpunar kvenna.

Unnt er að sækja um lánatryggingu vegna eftirtalinna þátta:

- Stofnkostnaðar
- Markaðskostnaðar
- Vöruþróunar
- Nýrra leiða í framleiðslu eða framsetningu vöru/þjónustu.

Lánatrygging skal ekki vera undir einni milljón króna og að jafnaði skal trygging ekki fara yfir tíu milljónir króna.

Allar nánari upplýsingar auk umsóknareyðublaðs má finna á heimasíðu verkefnisins **www.svanni.is** og er umsóknarfrestur til og með **19. október 2011.**

Nánari upplýsingar veitir starfsmaður verkefnisins í síma 582 4914. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið svanni@svanni.is.

Svanni
LÁNATRYGGINGASJÓÐUR KVENNA


Forseti Afganistans reynir að róa pakistönsk stjórnvöld:

# Samstarfið ekki gegn Pakistan

**INDLAND, AP** „Þessu viðskiptabandalagi er ekki ætlað að beinast gegn neinu landi,“ sagði Hamid Karzai, forseti Afganistans, í heimsókn sinni á Indlandi á miðvikudag.

Afganar og Indverjar undirrituðu samkomulag um viðskiptasamstarf á þriðjudag, en með orðum sínum var Karzai greinilega að tala til Pakistans, sem hefur áratugum saman litið á Indland sem helsta andstæðing sinn.

„Þetta á að gera Afgönum kleift að njóta góðs af styrkleika Indverja,“ sagði Karzai um tilgang samstarfsins.

Náið samstarf Indlands og Afganistans vekur hins vegar áhyggjur stjórnvalda í Pakistan, sem undanfarið hafa sætt æ harðari ásökunum frá bæði Afganistan og Bandaríkjunum um að þau styðji við bakið á hryðjuverkasamtökum, sem hafa aðstöðu í Pakistan en gera reglulega árásir í Afganistan.

Nú síðast hafa Afganar sakað Pakistana um að hafa neitað að hjálpa til við rannsókn á morðinu á Burhanuddin Rabbani, fyrrverandi forseta Afganistans. **- gb**



**SAMKOMULAG Í HÖFN** Hamid Karsai, forseti Afganistans, og Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, í Nýju-Delí á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Betri notaðir bílar

TOYOTA




# Þér er boðið í bílaveislu!

## Og þú mátt taka alla sem þú þekkir með þér.

Gríptu tækifærið því nú er planið troðfullt af
betri notuðum úrvalsbílum á frábæru verði.

Kaffi, kökur og heitt kakó.

2010 Ú ergo P 80% 5



Yaris Terra 1,0

Verðdæmi: 1.790.000 kr.
Mánaðargr.*: 25.789 kr. (72 mán.)

2010 Ú 80% 5



Auris Terra 1,33

Verðdæmi: 2.300.000 kr.
Mánaðargr.*: 34.195 kr. (72 mán.)

2009 Ú 80%



Corolla Terra 1,4

Verðdæmi: 2.190.000 kr.
Mánaðargr.*: 37.598 kr. (60 mán.)

2010 Ú 80% 5



Avensis SD Sol 6 gíra

Verðdæmi: 3.550.000 kr.
Mánaðargr.*: 52.612 kr. (72 mán.)

2010 Ú 80% 5



Verso Terra 1,6

Verðdæmi: 2.870.000 kr.
Mánaðargr.*: 42.593 kr. (72 mán.)

2010 Ú 80% 5



RAV4 2,0 sjsk.

Verðdæmi: 4.490.000 kr.
Mánaðargr.*: 66.461 kr. (72 mán.)

ergo – Grænt bílalán frá Ergo, engin lántökugjöld

5 – Toyotabílar frá 2010 og yngri eru í fimm ára verksmiðjuábyrgð

P – Frítt að leggja í gjaldskyld stæði í Reykjavík

Ú – Úrvalsbíll
1. árs viðbótarábyrgð ofl.
sjá nánar á toyotakopavogi.is

80% – 80% lánshlutfall hjá Ergo

*Miðað við bílasamning Ergo. Nánari upplýsignar og forsendur bílasamninga á ergo.is
Myndirnar eru dæmi um bíla af sömu tegund og eru í textanum.

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070
toyotakopavogi.is
info@toyota.is

**Opið í dag laugardag:**
**kl. 11.00 til 16.00**

ergo

Today
Tomorrow
Toyota

KÍNAFERÐ 5. - 24. JÚNÍ 2012
ALLT MEÐ ÖLLU: 510 ÞÚSUND



Kínaklúbbur Unnar
Njálsgötu 33, 101 Reykjavík
sími/símbréf: 551 2596, farsími: 868 2726
Vefsíða: www.simnet.is/kinaklubbur
Netfang: kinaklubbur@simnet.is

Vinsamlega geymið auglýsinguna



Umhverfi nýsköpunar á Íslandi

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

1911 2011

**Mánudaginn 10. október kl. 12-14**
**Hátíðasalur Háskóla Íslands**
Í boði Viðskiptafræðideildar

Í kjölfar efnahagsviptinga á Íslandi hefur nýsköpun oftar en ekki verið nefnd sem leið út úr ógöngunum og sögð forsenda áframhaldandi hagvaxtar. Fjallað verður um þær aðstæður sem nýsköpunarfyrirtæki á Íslandi búa við út frá víðu sjónarhorni, m.a. rekstarumhverfi skapandi greina, viðhorf til viðskipta í vísindamiðaðri nýsköpun og starfsemi íslenskra nýsköpunarfyrirtækja á alþjóðavettvangi.

Fyrirlesarar eru: **Bjargey Anna Guðbrandsdóttir** MS í stjórnun og stefnumótun, **Gunnar Óskarsson** aðjúnkt við Viðskiptafræðideild, **Jón Eðvald Vignisson** frá Clöru, **Kristján Freyr Kristjánsson** frá Innovit og **Margrét Sigrún Sigurðardóttir** lektor við Viðskiptafræðideild.

**Allir velkomnir, aðgangur ókeypis**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
1911-2011



SVINGNÁMSKEIÐ 2011

KOMIÐ OG DANSIÐ!

Mánudagana
10. og 17. október

Svingnámskeið á vegum
KOMIÐ OG DANSIÐ
verður haldið á
Hótel Klöpp CenterHótel
Klapparstíg 26, 101 Reykjavík
mánudagana
10. og 17. október n.k.
kl. 20:30 – 22:30



Verð kr. 2500

Innritun í síma 557-7700

www.komidogdansid.is





TÍU LEIÐIR TIL BETRA LÍFS.

**Sunnudagskvöldið 9. október heldur sr. Þórhallur Heimisson örnámskeið í Hafnarfjarðarkirkju um 10 leiðir að bættri líðan og betra lífi.**

Námskeiðið hefur verið haldið um allt land og á Norðurlöndunum á undanförnum árum.
Leiðirnar tíu henta öllum, einstaklingum jafnt sem pörum, sem vilja styrkja sig í samskiptum sínum og bæta andlega og líkamlega líðan sína, óháð aldri og trúarskoðunum.

Námskeiðið hefst kl. 20.00.

Allir velkomnir.



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir


Landbúnaðarráðuneytið hækkar lóðaleigu margra eftir sumargrúsk laganema:

# Ríkið samræmir leigugjald á lóðum

**STJÓRNSÝSLA** Landbúnaðarráðuneytið hefur sent um 160 aðilum bréf þar sem tilkynnt er um hækkun á leigu fyrir sumarhúsalóðir og ýmsa aðra smáskika í eigu ríkisins þar sem ekki er greidd sú 54 þúsund króna lágmarksleiga sem ráðuneytið hefur sett.

„Yngri leigusamningar hafa verið með þessari lágmarksleigu en eldri samningarnir hafa ekki í öllum tilvikum verið hækkaðir. Hugmyndin er ekki sú að hækka leiguna heldur að samræma samningana,“ útskýrir Óskar Páll Óskarsson, lögfræðingur í landbúnaðarráðuneytinu.



JÓN BJARNASON

Dæmi um þessar breytingar eru jörðin Grísatunga og lóð Kleppjárnsreykjaskóla sem Borgarbyggð hefur á leigu. Þar hefur leiguupphæðin verið 21.200 krónur á ári fyrir skólalóðina og 37.000 krónur fyrir Grísatungu sem meðal annars á land að laxveiðiánni Gljúfurá. Í báðum þessum tilvikum vill ráðuneytið nú innheimta 54.034 króna ársleigu og er sveitarstjórnin nú að velta réttmæti þeirrar kröfu fyrir sér.

Óskar segir að landbúnaðarráðuneytið hafi í sumar fengið laganema til aðstoðar við að yfirfara leigusamningana undir handleiðslu starfsfólks jarðadeildarinnar. Við grúsk hans hafi ýmislegt komið á daginn. Til dæmis hafi láðst að rukka einn leigutaka eftir að hann tók við lóð af öðrum á árinu 2008.

Hækkunin á að taka gildi um mitt næsta ár en lóðarleigjendur hafa frest til 1. nóvember til að gera athugasemdir. **- gar**

# Vilja síður viðurkenna að hafa lagt í einelti

**Innan þess hóps grunnskólabarna sem tengjast einelti hefur gerendum fækkað en þolendum fjölgað. Talið er að krakkar séu tregari til að viðurkenna að hafa beitt einelti. Um 60% karlkyns gerenda hafa fengið refsidóma fyrir 25 ára aldur.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Talsverð breyting hefur orðið innan þess hóps sem telur sig tengjast einelti í grunnskólum. Gerendum eineltis hefur fækkað um 34 prósent síðan árið 2006, en þolendum hefur hins vegar fjölgað um 26 prósent.



ÁRSÆLL ARNARSSON

Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar á algengi eineltis meðal drengja og stúlkna í 6., 8. og 10. bekk á Íslandi. Höfundar eru Þóroddur Bjarnason og Ársæll Arnarsson, prófessorar við hug- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri.

Rannsóknin var gerð árið 2006 og aftur 2010. Lítil breyting sést á hlutfalli þeirra sem sögðust vera þolendur eineltis, gerendur eða hvort tveggja; þannig sögðust 8,8 prósent svarenda það eiga við sig árið 2006, samanborið við 8,9 prósent árið 2010.

Ársæll Arnarsson segir fækkun gerenda sennilega ekki liggja í því að þeir séu afkastameiri í eineltinu.

„Það hefur verið mikill áróður gegn einelti undanfarið og því er okkar hugmynd sú að krakkar séu orðnir opnari fyrir því að segja að þeir séu lagðir í einelti. Og aftur á móti tregari til þess að viðurkenna að þeir beiti því,“ segir hann.

Ársæll bendir á að sama rannsókn sé gerð á um 200 þúsund nemendum um alla Evrópu og Bandaríkjunum. Niðurstöðurnar sýndu að einelti er fátíðast hér á landi af öllum löndunum. Hann segir þó að mikilvægt sé að uppræta einelti, þótt það sé ekki eins algengt hér á landi og annars staðar að meðaltali og skólakerfið sé besta vopnið til þess.



**GRUNNSKÓLADRENGIR** Samkvæmt rannsókninni eru strákar líklegri til að vera gerendur en stúlkur. Strákum sem verða fyrir einelti fjölgaði um fjórðung milli áranna 2006 og 2010 en stelpum um þriðjung. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**60%** karlkyns gerenda eineltis hafa hlotið að minnsta kosti einn refsidóm fyrir 25 ára aldur

„Meðaltöl breyta engu fyrir þá krakka sem eru orðnir níu ára og hafa verið kvíðnir því að fara í skólann síðan í fyrsta bekk,“ segir hann.

Ársæll minnist á norska rannsókn sem gerð var af Dan Olweus, sem hefur verið leiðandi í eineltisrannsóknum og -forvörnum, sem sýndi fram á að um 60 prósent drengja sem eru gerendur í einelti í grunnskóla eru komin með að minnsta kosti einn refsidóm fyrir 25 ára aldur. Dómarnir tengjast þá oftast kynferðislegri áreitni og líkamlegu ofbeldi, oft gegn maka og börnum.

„Gerendur eru yfirleitt félagslega virkir og eiga marga vini. Enn þótt þeir séu almennt vinsælir, þá líkar í raun og veru mjög fáum vel við þá. Foreldrar verða að taka það mjög alvarlega ef skólayfirvöld benda þeim á að barnið þeirra sé gerandi í einelti,“ segir Ársæll. **sunna@frettabladid.is**

Sveitarfélög byrjuð að lýsa afstöðu til námuáforma Soley Minerals á hafsbotni:

# Fyrirvarar vegna seguljárnvinnslu

**IÐNAÐUR** Sveitarfélög eru nú byrjuð að bregðast við ósk Umhverfisstofnunar um umsagnir vegna áforma félagsins Soley Minerals um rannsókn á hagkvæmni þess að vinna seguljárn af hafsbotni undan Suðurlandi og í Héraðsflóa.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu er Soley Minerals í eigu ástralska námafyrirtækisins Thielorr Sarl. Félagið sér fyrir sér námavinnslu til útflutnings frá Íslandi í heila öld og óskar eftir að fá fimm ára leyfi til rannsókna. Seguljárn er notað í stálframleiðslu.

Árborg og Skaftárhreppur hafa þegar lýst því yfir að sveitarfélögin séu ekki andvíg áformum Soley Minerals. Nú segist bæjarstjórn Ölfuss ekki setja sig á móti rannsóknunum „að því gefnu að ekki verði um að ræða röskun og/eða skaða á fiskistofnum, lífríki sjávar, náttúru og umhverfi“.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs er jákvæð og hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps kveðst ekki sjá neitt því til fyrirstöðu „að rannsóknir af þessum toga fari fram í sveitarfélaginu, enda liggi fyrir tilskilin leyfi að öðru leyti, svo sem frá Veiðimálastofnun, Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneyti“. Hreppsnefndin undirstrikar jafnframt að rétt sé og „eðlilegt að leitin sé gerð í fullu samráði við sveitarstjórn og landeigendur“. **- gar**




**FRÉTTABLAÐIÐ 23. SEPTEMBER 2011** Soley Minerals segir að búast megi við að allt að tvö hundruð manns fái störf við seguljárnvinnslu af hafsbotni við Ísland ef ráðist verði í verkefnið.

# Þú velur það íbúðalán sem hentar þér

**Viðskiptavinir eiga að hafa val.** Við bjóðum nú óverðtryggð íbúðalán með föstum vöxtum og lækkum breytilega vexti á verðtryggðum íbúðalánum verulega.

## Ný óverðtryggð íbúðalán 6,40%

- Fastir 6,40% vextir til 3 ára eða 6,60% til 5 ára*
- Lánshlutfall allt að 70% af markaðsvirði eða verðmati eignar
- Hraðari eignamyndun í flestum tilfellum
- Hærri greiðslubyrði
- Lánstími allt að 40 ár
- Viðbótarlán fyrir allt að 85% af markaðsvirði eða verðmati eignar

## Verðtryggð íbúðalán 3,90%

- Breytilegir vextir hafa nú verið lækkaðir í 3,90%
- Lánshlutfall allt að 70% af markaðsvirði eða verðmati eignar
- Hægari eignamyndun í flestum tilfellum
- Lægri greiðslubyrði
- Lánstími allt að 40 ár
- Viðbótarlán fyrir allt að 85% af markaðsvirði eða verðmati eignar

**Skilmála og nánari upplýsingar** má finna á vefsíðu okkar, landsbankinn.is, eða í næsta útibúi Landsbankans.

* Fyrir lok fastvaxtatímabils gefst lántökum val um að festa vexti aftur á þeim kjörum sem í boði verða eða skipta yfir í verðtryggt lán. Ekkert uppgreiðslugjald verður tekið ákveði viðskiptavinur að breyta láninu. Ef ekkert er valið færist lán yfir á breytilega óverðtryggða vexti.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Ljóðaþýðingar

Hallbergs Hallmundssonar

**Carl Sandburg, William Carlos Williams, Pablo Neruda, Anne Sexton, Alan Dugan, Billy Collins.**






Fyrr á árinu dó Hallberg Hallmundsson frá þýðingum sínum á ljóðum bandarískra, enskra og spænskra ljóðskálda. Hinsta ósk hans var að vinna hans við þýðingarnar kæmist á prent. Ættingjar hans hafa nú hafið útgáfu á þýðingum Hallbergs með prentun á **Víxlsöng** Collins, **Óminni** Neruda, **Kvöldfossi** Sandburgs, **Tölunni miklu** eftir Williams, Mánudegi Sexton og **Vaktaskiftablús** Dugans.

**Bækurnar fást í næstu bókabúð.**







# ÞAKKIR

## vegna Togarahátíðar á Akureyri í sumar



Viltu í nefið? Spekingar spjalla.



Sr. Valgeir Guðjónsson þjónar fyrir altari.



Sr. Sæmi og sr. Hjálmar.

**Innilegt þakklæti til allra þeirra sem studdu þetta framtak. Og allra sem tóku þátt!**

- Flugfélag Íslands
- Fiskifélag Íslands
- Samherji
- Sjómannafélag Eyjafjarðar
- Sjómannafélag Íslands
- Guðmundur Kristjánsson, Brim
- Farmanna- og fiskimannasambandið
- Samskip
- Merkismenn
- Framsýn stéttarfélag. Húsavík
- Valgeir Guðjónsson, veislustjóri
- Ragnar Bjarnason, söngvari

**Sjáumst hress á næsta ári helgina 20.-21. 2012!**

Nefndin.
Sæmundur Örn Pálsson, formaður, Ívar Baldursson, Gunnar Trausti Guðbjörnsson, og Kjartan Ásmundsson



Minnismerki við Glerárkirkju.



Nefndin: Ívar, Sæmi, Gunnar og Kjartan.

**Sjáumst öll hress kát 20-21. júlí 2012**


Glæpum í Kaupmannahöfn fjölgar til muna:

# Nær tvöfalt fleiri rán

**DANMÖRK** Fjöldi rána á götum úti í Kaupmannahöfn hefur tvöfaldast milli ára. Samkvæmt þarlendum miðlum voru 52 rán tilkynnt í september í fyrra en í nýliðnum mánuði voru tilfellin 97 talsins.

Talsmaður lögreglunnar segir að ræningjar sækist sérstaklega eftir iPhone og þá sé bæði um að ræða einstaklinga sem ætli sér að eiga tækin sjálfir og skipulagða starfsemi þar sem þýfið er selt áfram.

Ástæðan fyrir þessari aukningu er ekki ljós en lögregla hyggst auka viðveru í miðborginni næstu vikur til að stemma stigu við þróuninni.- þj



**GLÆPAALDA Í KÖBEN** Fjöldi rána á götum Kaupmannahafnar hefur nær tvöfaldast milli ára. NORDICPHOTOS/AFP



**AKUREYRARBÆR** Fulltrúar samfélags- og mannréttindaráðs hafa nú ákveðið að endurgreiða miðana á styrktartónleikana, sem kostuðu 2.900 krónur stykkið, til bæjarsjóðs.

# Viðurkennir vonda stjórnsýslu í ráðinu

**Fulltrúar í samfélags- og mannréttindaráði Akureyrar fóru á styrktartónleika í Hofi í boði bæjarsjóðs. Formaður ráðsins viðurkennir að hugmyndin hafi ekki verið góð. Bæjarstjóri segir vinnubrögð sem þessi ekki tíðkast hjá bænum.**

**AKUREYRI** Fulltrúar í samfélags- og mannréttindaráði Akureyrarbæjar fóru á styrktartónleika í Menningarhúsinu Hofi í boði bæjarsjóðs. Frá þessu er greint í vikublaðinu Akureyri. Formaður ráðsins viðurkennir að hugmyndin hafi verið vond og megi flokka undir vonda stjórnsýslu.



**EIRÍKUR BJÖRN BJÖRGVINSSON**

Bærinn keypti tíu miða fyrir fulltrúana og kostaði hver þeirra 2.900 krónur.

Um er að ræða styrktartónleika sem haldnir voru hinn 30. september síðastliðinn og voru kenndir við Sissu, Sigrúnu Mjöll Jóhannesdóttur, unga stúlku sem lést af of stórum skammti fíkniefna í fyrrasumar. Samfélags- og mannréttindaráð styrkti tónleikana með 50.000 króna fjárframlagi og keypti auk þess aðgang fyrir fulltrúana, alla aðal- og varamenn ráðsins.

Hlín Bolladóttir, formaður ráðsins, viðurkennir að hugmyndin hafi ekki verið góð.

„Upphaflega hugsunin var sú að vegna dræmrar miðasölu var ákveðið að kaupa tíu miða fyrir okkur,“ segir hún. „En í raun var hugmyndin vond.“

Hlín segir að á fundi ráðsins hafi kaup á miðunum verið einróma samþykkt. „Það var enginn sem gagnrýndi þetta. Ég er ekki viss um að fólk hafi áttað sig á þessu,“ segir Hlín og bætir við að nú hafi verið ákveðið að greiða miðana til baka til bæjarsjóðs.

„Hugmyndin, sem má vissulega flokka undir vonda stjórnsýslu, hefur verið tekin til baka og ég sem formaður ber ábyrgð á því,“ segir hún.

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, brást ókvæða við þegar hann var inntur eftir því hvort kaup sem þessi tíðkuðust innan bæjarins.

„Mér finnst þetta vera fáránleg spurning. Heldur þú virkilega að það sé lenska hjá okkur að styrkja eitthvað málefni og fara svo sjálf á viðburði? Ég svara ekki svona spurningu,“ segir Eiríkur, sem kveðst ekki hafa vitað af málinu fyrr en hann las um það í fjölmiðlum. Hann vildi ekki tjá sig að öðru leyti en því að taka undir orð Hlínar að ákvörðunin hafi verið óheppileg.

Geir Kristinn Aðalsteinsson, oddviti L-listans, segist vita að miðana hafa verið keyptir í góðri trú, en hvernig að því var staðið hafi vissulega verið klaufalegt. Hann hafi ekki frétt af málinu fyrr en eftir tónleikana.

Fulltrúar í samfélags- og mannréttindaráði Akureyrarbæjar eru Hlín Bolladóttir (L), Tryggvi Gunnarsson (L), Heimir Haraldsson (L), Anna Hildur Guðmundsdóttir (A), Guðlaug Kristinsdóttir (B), Brynjar Davíðsson (L), Inda Björk Gunnarsdóttir (L), Helga Eymundsdóttir (L), Jóhann Gunnar Sigmarsson (A) og Regína Helgadóttir (B). sunna@frettabladid.is




# NÝR RANGE ROVER EVOQUE

KOMDU OG KYNNTU ÞÉR EVOQUE.

Opið í dag frá kl. 12–16.

www.landrover.is

B&L • Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík

LAND ROVER

# AFMÆLIS DAGSKRÁ



Leikhópurinn Lotta
Laugardag & sunnudag

Jón Jónsson
Laugardag kl. 16.00

Matti Matt.
Sunnudag kl. 13.30

Eyþór Ingi
Sunnudag kl. 13.30

Ingó Veðurguð
Mánudag kl. 20.00

## Laugardagur 8. október
**opið 11-18**

| | |
|---|---|
| 11.00 - 18.00 | Hetjur Valhallar<br>- leikur |
| 12.00 - 15.00 | Opið hús í Smárabíó<br>- Solla stirða, Steindinn okkar o.fl. |
| 13.00 | Jón Víðis töframaður |
| 13.30 | Dansskóli Jóns Péturs og Köru<br>- samkvæmisdansar |
| 14.00 - 15.00 | Leikhópurinn Lotta<br>Grísirnir þrír, Hans klaufi og drottningin úr Mjallhvíti - myndataka |
| 14.00 - 17.00 | Andlitsmálning<br>- fyrir yngstu kynslóðina |
| 15.00 | Gerpla<br>- meistara- og unglingaflokkar kvenna í hópfimleikum sýna listir sínar |
| 15.30 | Upplestur<br>Eva María Jónsdóttir les upp úr verki sínu **Dans vil ég heyra** |
| 16.00 | Jón Jónsson |
| 17.00 | DansFlokkur DanceCenter Reykjavík |

## Sunnudagur 9. október
**opið 13-18**

| | |
|---|---|
| 13.00 - 18.00 | Hetjur Valhallar<br>- leikur |
| 13.30 | Matti og Eyþór Ingi |
| 14.00 - 15.00 | Afmæliskaka, Svali og kaffi* |
| 14.00 - 17.00 | Andlitsmálning<br>- fyrir yngstu kynslóðina |
| 15.00 - 16.00 | Leikhópurinn Lotta<br>Grísirnir þrír, Hans klaufi og drottningin úr Mjallhvíti - myndataka |
| 15.30 - 16.00 | Upplestur<br>Þórarinn Eldjárn les úr verki sínu **Hávamál**, Arndís Þórarinsdóttir les úr verki sínu **Játningar mjólkurfernuskálds** og Jón Gunnar Þorsteinsson les úr verki sínu **Af hverju gjósa fjöll?** |
| 16.00 - 17.00 | Sirkus Ísland |
| 16.30 | DansFlokkur DanceCenter Reykjavík |

* á meðan birgðir endast

**Samsýning listamanna frá Gallerí List**

**Afmæliskaffi sunnudag kl. 14-15**

## Mánudagur 10. október
**opið 10.10-22.10**

| | |
|---|---|
| 16.00 - 22.10 | Hetjur Valhallar<br>- leikur |
| 17.00 - 18.30 | Hljómsveitin Púgó<br>- lifandi tónlist, nemendur úr FÍH |
| 17.30 - 18.30 | Sirkus Ísland |
| 18.00 | Kór Kársnesskóla<br>- 10 ára stúlkur |
| 18.30 | Dansskóli Jóns Péturs og Köru<br>- samkvæmisdansar |
| 20.00 | Ingó Veðurguð |
| 20.00 - 21.15 | Hljómsveitin Púgó<br>- lifandi tónlist, nemendur úr FÍH |
| 21.00 | Skólakór Kársness |




**Fjölbreytt skemmti-atriði alla helgina**



Smáralind
10 ára
Við bjóðum alla hjartanlega velkomna í fimm daga afmælisveislu. Fjölbreytt skemmtidagskrá og frábær afmælistilboð fyrir alla fjölskylduna.
Láttu sjá þig í afmæli ársins!
VILTU VINNA 50.000 KR. GJAFAKORT
GJAFAKORT
Skráðu þig á póstlistann okkar á aðdáendasíðu Smáralindar á Facebook og þú gætir unnið 50.000 kr. gjafakort!
Vinsamlegast EKKI kvitta á síðuna okkar
Frábær afmælistilboð fyrir alla fjölskylduna
Smáralind
smaralind.is
Verslanir opnar: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18
ENNEMM / SIA / NM48469

# Smáralind 10 ára

**20% afsláttur**
af öllum vörum
ZikZak

**20% afsláttur**
af öllum vörum
ZayZay

**30-50% afsláttur**
af völdum vörum
**FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM**

**25% afsláttur**
af öllum skóm
DOROTHY PERKINS

**2.000 kr. afsláttur**
af öllum skóm
gs skór

**20% afsláttur**
af vatnsvörninni Woly Wet Blocker um afmælishelgina
SKÓMEISTARINN

**20% afsláttur**
af skóm
SAINTS

**20% afsláttur**
af yfirhöfnum
WAREHOUSE
Debenhams

**20% afsláttur**
af öllum vörum
Zink

**20% afsláttur**
af öllum vörum
6. - 10. október
Optical Studio
SMÁRALIND

Vinsælar vörutegundir
með **30% afslætti**
THE BODY SHOP

**10-15% afsláttur**
af öllum vörum fyrir líkama frá fimmtudegi til mánudags
**20% afsláttur**
af öllum vörum mánudaginn 10. október
Signatures Of Nature

**20% afsláttur**
af öllum dömu- og herra-seðlaveskjum.
Ókeypis nafngylling fylgir afmælishelgina
Drangey

**20% afsláttur**
af skóm
Bata
Skóverslun Smáralind

**20% afsláttur**
af Regal og Bosch hunda- og kattamat
DÝRABÆR

Ef þú kaupir eina peysu færðu aðra með
**50% afslætti**
evans.

**2.000 kr. afsláttur**
af öllum skóm
focus

**3 fyrir 2**
af öllum vörum
D.

**10% afsláttur**
af öllum vörum
SIX

**30% afsláttur**
af völdum vörum
**40% afsláttur**
af 10 stk. rósabúntum og 5 stk. liljubúntum
BJARKARBLÓM

**20% afsláttur**
af öllum vörum í versluninni í Smáralind afmælishelgina
Leonard

**4.000 kr. afsláttur**
af dömu- og herraúlpum
galleri sautján

**20% afsláttur**
af öllum L'Oréal, Maybelline, Oroblu og Clean and Clear vörum
**25% afsláttur**
af Solaray bætiefnum
**20% kynningarafsláttur**
af nýjum vörum frá Burt's Bees
LYFJA

**20% afsláttur**
af öllum aukahlutum
**10% afsláttur**
af Urbanears heyrnartólum
Nova diskóhúfur og hattar fylgja með öllum farsímum á afmælisdaginn 10. október
NOVA

**20% afsláttur**
af kjólum og skóm
KAREN MILLEN

**20% afsláttur**
af öllu kaffi og tei og öllum drykkjum af kaffibar
TE & KAFFI

**7. - 10. október**
10 bestu réttir Friday's á 10 ára gömlu verði
T.G.I. FRIDAY'S
In here, it's always Friday.

**30% afsláttur**
Nautafeta-burrito og kristall á 999 kr. frá 6. til 10. október

Mánudaginn 10. október býður Serrano **20% afslátt** af öllum réttum á staðnum
serrano

**Í tilefni af 10 ára afmæli Pizza Hut í Smáralind kynnum við nýja pizzu sem verður í boði fram að jólum.**
**50% afsláttur**
af ostafylltum brauðstöngum yfir afmælishelgina
Pizza Hut

**Þú kaupir fjóra hluti og færð fimmta hlutinn frítt**
MegaStore

**25% afsláttur**
af völdum vörum
Líf & List
SMÁRALIND



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl. Verð á vörum gildir meðan birgðir endast.

FULLT HÚS AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM!

# AFMÆLIS TILBOÐ

Allir skartgripir með **30% afslætti**
CARAT

**25% afsláttur** af allri snyrtivöru, leikföngum, dömufatnaði, skóm, barnaúlpum og herrabolum
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Tugir vara með **30-60% afslætti**, mögnuð afmælistilboð
DEBENHAMS

**10 ára gamalt verð** á öllum sýningum
SMÁRABÍÓ

**20% afsláttur** af öllum vörum
UNITED COLORS OF BENETTON.

**25% afsláttur** af öllum buxum
Levi's

**60% afsláttur** af völdum umgjörðum
PLUSMINUS OPTIC

**15% afsláttur** af vörum 66° Norður laugardag og sunnudag
66° NORÐUR

**20% afsláttur** af öllum ferðatöskum
**25% afsláttur** af Fimo leir
Eymundsson

**20% afsláttur** af öllum vörum
– nema gullskartgripum og trúlofunarhringum
JÓN & ÓSKAR

Tilboð á öllum bolum, verð frá **990 kr.**
DOGMA
www.dogma.is

**10-40% afmælisafsláttur** af öllum vörum
DÚKA

**Afmælisafsláttur af völdum símum**
Síminn

**20% afsláttur** af öllum gallabuxum og peysum
snúðar & snældur

**20% afsláttur** af Skin Care-línu
**30% afsláttur** af SPA-línu
MAKE UP STORE

**50% afsláttur** af völdum vörum
VILA CLOTHES

**40-60% afsláttur** af völdum vörum
VERO MODA

**30-40% afsláttur** af völdum vörum
**30% afsláttur** af öllum Mamalicious meðgöngufatnaði
name it

**30-40% afsláttur** af völdum vörum
JACK & JONES

**15% afsláttur** af öllum peysum í dömu-, herra- og barnadeild
ZARA

**Tilboð á símtækjum**
vodafone

**20% afsláttur** af Lancome fimmtudag - sunnudag
**20% afsláttur** af öllum vörum 10. október
HYGEA

**30% afsláttur** af völdum vörum
Accessorize

**20-50% afsláttur** af völdum vörum
Ice in a bucket

**20% afsláttur** af gallabuxum
oasis

**Tilboð** af völdum vörum fimmtudag-sunnudag
KARAKTER

**30-50% afsláttur** af völdum vörum
SELECTED

**Afmælisafsláttur** af völdum gönguskóm
**20% afmælistilboð** á Easy Tone vörum frá Reebok
ÚTILÍF

**20% afsláttur** af öllum yfirhöfnum
TOPSHOP

**20% afsláttur** af öllum vörum
**10 ára gamalt verð** á gallabuxum og bolum
ORGINAL

smaralind.is

Verslanir opnar: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18

Smáralind

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bönn borgarráðs ganga lengra en nauðsynlegt er.

## Hendum ekki hefðunum



SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Borgarráð hefur samþykkt tillögur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um samskipti leik- og grunnskóla borgarinnar við trúfélög. Þær hafa tekið verulegum breytingum frá upphaflegri gerð, flestum til batnaðar.

Þannig dettur Bezta flokknum, Samfylkingunni og Vinstri grænum ekki lengur í hug að reyna að banna jólaföndrið eða helgileikina, eins og upphaflegar tillögur gerðu ráð fyrir, eða að börnum sé gefið frí til að fara í fermingarfræðsluferðir. Ekki á heldur að úthýsa prestum úr áfallahjálp í skólum eins og lagt var upp með í byrjun.

Það er sjálfsagt að til séu viðmið og reglur um samstarf trúfélaga og skóla. Flestir ættu að geta verið sammála því grundvallaratriði að skólinn sé ekki vettvangur trúboðs. Yfir 90 prósent Íslendinga aðhyllast kristna trú, sem er fyrir vikið samofin allri okkar menningu og siðum, en gæta þarf að rétti þeirra sem hafa aðra trú eða enga. Það er til dæmis ekki hægt að skikka fólk til kirkjuferðar og sjálfsagt að til séu viðmið um hvað það gerir þá annað á meðan.

Reglurnar sem borgarráð samþykkti ganga hins vegar lengra en nauðsynlegt er til að tryggja rétt minnihlutans. Bjarni Karlsson, sóknarprestur og varaborgarfulltrúi, nefndi í grein hér í blaðinu í fyrradag þrennt sem hann telur að þurfi að ræða áður en nýju reglurnar verða endurskoðaðar að ári liðnu. Það er í fyrsta lagi bann við að húsnæði skóla sé samnýtt með söfnuðum, þótt sjálfsagt þyki að veita skátum, íþróttafélögum og tónskólum aðgang að því. Í öðru lagi bann við þeirri grónu hefð að Gídeonfélagið færi tíu ára börnum Nýja testamentið að gjöf. Í þriðja lagi ákvæði um að börn eigi bara að fylgjast með ef þau fara í kirkju, en taki ekki þátt í helgisiðum og athöfnum.

Þetta eru réttmætar athugasemdir. Víða í hverfum borgarinnar er áralöng hefð fyrir samstarfi kirkju og skóla og ófáir söfnuðir hófu starf sitt í skólahúsnæði á meðan kirkjuna vantaði. Víða vinna kirkjur og skólar þétt saman að æskulýðs- og forvarnarstarfi. Það er gott og brýtur ekki á réttindum nokkurs manns.

Eins og Bjarni bendir á er gjöf Gídeonfélagsins ekki síður af menningarlegum toga en trúarlegum. Enginn skilur íslenzka menningu án þess að kunna skil á Biblíunni, enda er það krafa í aðalnámsskrá grunnskóla. Og það ætti að taka því jafnvel ef einhver vildi gefa skólabörnum Kóraninn eða Talmúd.

Svo er alveg fráleitt að börn eigi bara að standa og horfa á í kirkjuferðum. Hefðbundnar kirkjuferðir, til dæmis um jól, byggjast á þátttöku í helgihaldi; sálmasöng, bænum og öðru því sem tilheyrir. Þetta er falleg og góð hefð og á að halda sér. Þeir sem vilja ekki vera með geta fengið önnur verkefni á vegum skólans.

Reynsla á eftir að komast á hinar nýju reglur borgarinnar. Ef niðurstaðan verður sú að í raun er verið að kasta fyrir róða gömlum og góðum hefðum í skólastarfinu er rétt að sá yfirgnæfandi meirihluti, sem aðhyllist kristna trú og hefur ekkert út á samstarf kirkju og skóla að setja, láti rækilega í sér heyra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Gengisvísitala tungutaks og krónu



ÞORSTEINN PÁLSSON

Eftir að eiginkona forseta Íslands hafði faðmað mótmælendur á Austurvelli við þingsetninguna fyrir viku skrifaði efnahagsráðherra hugleiðingu þar sem hann spurði hvert við værum komin „þegar forsetafrúin snýr baki í þingið og setur einkaleikþátt á svið“. Þessi orð eru vissulega umhugsunarefni.

Nú er það svo að sitt sýnist hverjum um eggjakastið frá Austurvelli þessa morgunstund. Það er ekki umræðuefnið í dag heldur hitt að orð ráðherrans hafa ekki vakið nein viðbrögð. Erfitt er að ímynda sér ummæli af þessu tagi og tilefni þeirra í öðrum vestrænum menningarríkjum. En ganga má út frá því sem vísu að teldi ráðherra í öðru ríki efni til að láta svo alvarleg orð falla leiddi það til nokkurrar umræðu.

Sumir kunna að vera þeirrar skoðunar að eiginkona forsetans hafi sýnt alþýðunni þá hjartahlýju sem ríkisstjórnina skorti. Ætla má að aðrir deili skoðunum með ráðherranum og líti svo á að hún hafi tekið stöðu með þeim sem snúa vilja baki við Alþingi án þess að hafa nokkuð fram að færa til lausnar.

Kjarni málsins er sá að annað hvort fór eiginkona forsetans yfir strikið í athöfnum sínum eða ráðherrann í orðum sínum. Rökræða á Alþingi eða í ríkisráði hefði með réttu átt að leiða til niðurstöðu sem annað hvort þeirra hefði þurft að bregðast við. En hér gerist ekkert, rétt eins og athafnir og orð hafi ekki merkingu.

Í Guðsgjafaþulu Halldórs Laxness kusu víxlarar í London heldur falska peninga en íslenska. Sá skáldskapur lýsti framvirkri hugsun. En hitt er ekki síður íhugunarverður veruleiki að gengisvísitala tungutaksins í pólitíkinni virðist sveiflast eftir svipuðum brautum og krónan.

## Þegar vond mynt rekur þá góðu út

Ádeilan á Alþingi er ekki ný af nálinni. Það er heldur ekki umræðan um flokksræði, foringjaræði, sérgæsku og hrossakaup. Heimildir sýna að álit fólks á þjóðþinginu hefur oft sinnis fallið eins og nú. Prófessor Guðmundur Finnbogason skrifaði árið 1924 bókina Stjórnarbót og lýsir þar vanda stjórnmálanna með þessum orðum:

„Frambjóðandi, sem væri of samvizkusamur til að lofa því, sem hann vissi að hann gæti ekki efnt, svo hreinskilinn, að hann segði afdráttarlaust skoðun sína á hverju máli, hvort sem áheyrendum líkaði betur eða ver, og svo sanngjarn, að hann léti andstæðinga sína alt af njóta sannmælis, mundi sumstaðar standa illa að vígi gegn þeim, sem bæði væri lagnari og lygnari en hann og lofaði margfalt meiru. Það er því hætt við, að um frambjóðendur fari líkt og um góða og vonda mynt samkvæmt Greshams lögmáli: Vonda myntin rekur góðu myntina af markaðinum.“

Þannig viku vond stjórnmál góðum til hliðar í hugum margra fyrir hart nær öld. Þetta er ekki dregið fram til að bera í bætifláka fyrir bága stöðu Alþingis eins og hún blasir við á líðandi stund. Ætli menn sér hins vegar að auka vegsemd þingsins er rétt að sjá hlutina í víðu sögulegu samhengi.

Margir kjósendur fylgja þeim að málum sem vilja heldur fleiri verðlitlar krónur en færri og verðmeiri. Eins hrífast ýmsir af þeim sem nota stór en innihaldsrýr orð fremur en hinum sem viðhafa hófsamari orð en innihaldsríkari. Það má ekki gleymast að samband kjósenda og stjórnmálamanna er gagnvirkt.

## Ábyrgðin ræður verðgildi orðanna

Eftir hrun krónunnar töldu margir að hækka mætti gengi stjórnmálanna með nýrri stjórnarskrá. Hugmyndir stjórnlagaráðs liggja nú fyrir. Forseti Íslands setti mark sitt á upphaf þinghaldsins að þessu sinni með skýringum sínum á þeim texta. Samkvæmt þeim fær forsetinn stóraukin völd um leið og þrengt verður að ríkisstjórn og Alþingi.

Eftir ræðu forsetans hafa nokkrir stjórnlagaráðsmenn fullyrt að þeir hafi haft allt annað í huga. Ekki er unnt að draga það í efa. Hitt vita allir sem lesið hafa textann að skýringar forsetans eru ekki vitlausari en hverjar aðrar. Trúlega hafa kaupin gerst þannig á eyrinni við textagerðina að ólíkum hugmyndum hefur verið hrært saman til að hafa alla sátta.

Niðurstaðan er texti sem eykur á stjórnskipulega óvissu í stað þess að eyða henni. Forsætisráðherrann hefur það eitt til málanna að leggja að þjóðin eigi að greiða um þetta atkvæði. Merking orðanna í textanum er hins vegar aukaatriði. Á henni ætlar enginn að bera ábyrgð. Þjóðaratkvæði leysir ekki þann vanda. Til þess þarf forystu.

Menn hafa lært að gengi krónunnar ræðst af verðmætasköpun en ekki reglum. Athafnir og orð þeirra sem stjórna landinu lúta líka sínu lögmáli. Ábyrgðin sem að baki býr ræður mestu um verðgildi þeirra. Einfalt lögmál sem þó hefur vafist fyrir mönnum á öllum tímum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

write your wishes here:

cut it out and mail to:

IMAGINE PEACE TOWER
P.O. Box 1009
121 Reykjavík
Iceland

**IMAGINE PEACE**

love, yoko
October 2011

# Vandtaldir keppir í sláturtíðinni

Landbúnaður
Þórólfur Matthíasson
hagfræðiprófessor



Í grein í Bændablaðinu 29. september sl. fjallar forstjóri Sláturfélags Suðurlands (sem notar hina útflutningsvænu skammstöfun SS á sumar vörur sínar) um ávinning sauðfjárbænda af útflutningi sauðfjárafurða. Tilefni greinar forstjórans er greinarskrif mín í Fréttablaðið undanfarið.

Meðferð forstjórans á talnagögnum og hagfræðihugtökum kallar á nokkrar athugasemdir. Fyrst um gagnauppsprettuna sem forstjórinn kýs að nota. Hann notar tölur Hagstofunnar um útflutningsmagn og útflutningsverðmæti til að áætla skilaverð á útfluttu kjöti til afurðastöðva. Þannig fær hann að árið 2010 hafi skilaverð á útfluttu kindakjöti verð 616 kr./kg.

### Hagnaður af að svelta innlenda markaðinn?

Af hverju fer forstjórinn í útflutningsskýrslur Hagstofunnar til að finna tölu sem er að finna í pappírum á hans eigin skrifborði? Af hverju upplýsir hann ekki hvaða verð Sláturfélag Suðurlands fær fyrir kíló af útfluttu dilkakjöti í heilum skrokkum eða eftir kjöthlutum? Þær upplýsingar ættu að vera honum höndum nær en þær tölur sem hann kýs að nota. Af hverju upplýsir forstjórinn ekki hvaða verð Sláturfélag Suðurlands fær fyrir kíló af útfluttu ærkjöti í heilum skrokkum? Af hverju reynir hann að fela sig á bak við grófa meðaltölu úr útflutningsskýrslum? Er hugsanlegt að raunverulega sé skilaverð vegna útflutnings lægra en 616 krónur á kíló? Er hugsanlegt að Sláturfélag Suðurlands sé að selja kjöt til útlanda með stórfelldu tapi? Ef svo er, hvers vegna? Er markmið útflutningsins að draga úr kjötframboði á innlendan markað og hækka þannig verðið innanlands? Neytendur eiga skilyrðislaust rétt á að fá sannar upplýsingar um útflutningsverð dilkakjöts hjá SS því það gæti verið býsna ábatasamt fyrir fyrirtækið að halda kjöti frá innlenda markaðnum og selja til útlanda, undir kostnaðarverði, sé sú staðhæfing forstjórans rétt að 1% samdráttur framboðs verði til þess að SS geti hækkað verð innanlands um 3-5%. Afurðastöðvar selja nú um þriðjung kindakjötframleiðslunnar til útlanda.

### Framleiðslukostnaður kindakjöts

Með vísan í búreikninga telur forstjórinn breytilegan kostnað sauðfjárbænda vegna framleiðslu hvers kílós af kindakjöti hafa verið 286 krónur árið 2010. Þá að búið að fella út úr hugtakinu „breytilegur kostnaður“ margt sem hagfræðingar telja til breytilegs kostnaðar, s.s. rekstrarkostnað bifreiðar, raforkunotkun, viðhald tækja og bygginga, tryggingargjöld o.fl. Sé rétt með farið var breytilegur kostnaður fyrir utan laun vegna framleiðslu kindakjöts 597,50 krónur á kíló árið 2009. Sé launum bætt við hækkar þessi kostnaður í 760 til 900 krónur (eftir því hvort mánaðarlaun sauðfjárbænda miðast við taxta ríkisskattstjóra eða atvinnuleysisbætur) samkvæmt búreikningum árið 2009. Færður til verðlags á árinu 2010 er þessi kostnaður 810 til 960 krónur á kíló. Forstjóri SS upplýsir að sláturleyfishafar hafi greitt bændum 393 kr. á kíló kindakjöts árið 2010. Beint reikningslegt tap bænda vegna hvers kílós kindakjöts sem flutt var út hefur því verið á bilinu 400 til 560 krónur. Bændur bera þó ekki þennan kostnað nema í nokkra daga. Í krafti takmarkana á framboði á innlenda markaðnum er verðið sem íslenskir neytendur eru knúnir til að borga tug eða tugum prósentum hærra en það þyrfti að vera. Og það sem ekki er hægt að draga upp úr buddu neytenda er sótt í galtóman ríkissjóðinn. Beingreiðslur til sauðfjárbænda nema 4 milljörðum króna árlega. Neytendur og skattgreiðendur munar um slíka keppi, líka í sláturtíðinni.

### Lokaorð

Sé hið hálfreiknaða reikningsdæmi forstjóra SS reiknað til enda kemur fram býsna nöturleg mynd. Þrátt fyrir lágt gengi íslensku krónunnar er skilaverð á útfluttu kindakjöti langt undir framleiðslukostnaði. Einu rekstrarlegu rökin fyrir útflutningnum virðast vera þau að með útflutningnum megi svelta innlenda kjötmarkaðinn og þvinga innlenda neytendur til að borga miklu hærra verð fyrir kindakjöt en væri innanlandssalan í samræmi við skuldbindingar í búvörusamningi. Einhver myndi nota þau orð að útflutningur kindakjöts væri liður í að blóðmjólka íslenska kaupendur kindakjöts.

# Svar við brigslum

Fjármál
Jónas Fr. Jónsson
lögmaður



Doktorsnemi skrifaði grein í Fréttablaðið um nýlega ráðningu á forstjóra Bankasýslu ríkisins og taldi hana minna á ráðningu mína sem forstjóra Fjármálaeftirlitsins síðsumars 2005, sem er alrangt. Heimildarvinna höfundar, Bjarna Torfasonar, er rýr, enda styðst hann við eina heimild, svokallaðan siðfræðikafla í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Þar felldu þrír einstaklingar sleggjudóma yfir fjölda einstaklinga án þess að sýna þá kurteisi eða manndóm að leita andmæla fyrst. Ekki gerði höfundur tilraun til að afla sér upplýsinga hjá mér eða þeim sem tóku ákvörðun um ráðninguna, þ.e. fyrrverandi stjórn Fjármálaeftirlitsins.

### Fagleg ráðning

Við ráðningu í starf forstjóra Fjármálaeftirlitsins sumarið 2005 var beitt faglegu ráðningarferli sem stjórnað var af ráðningafyrirtæki. Fleiri umsækjendur voru um stöðuna og enginn þeirra gerði athugasemdir eftir ráðningu mína. Engar athugasemdir voru heldur gerðar opinberlega við ráðninguna.

### Menntun og reynsla

Í grein Bjarna kemur fram að ég starfaði áður sem framkvæmdastjóri Innra markaðssviðs Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), þó að höfundur telji það litlu skipta. Á Innra markaðssviði ESA störfuðu um 25 sérfræðingar frá 8 löndum og undir starfsemi þess féllu m.a. málefni fjármálaþjónustu og fjármálamarkaðar. Þannig stýrði ég í tæp 5 ár eftirliti með málefnum fjármagnsmarkaða á Íslandi, Noregi og Liechtenstein.

Áður en ég var ráðinn sem framkvæmdastjóri hjá ESA, í opnu ráðningaferli þar sem umsækjendur gátu komið frá öllu EES-svæðinu, starfaði ég sem sérfræðingur hjá stofnuninni varðandi málefni verðbréfamarkaða og frjálsra fjármagnsflutninga.

Þar á undan starfaði ég bæði sem lögfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands og sinnti m.a. verkefnum tengdum fjármálamarkaðnum og hafði aðkomu að löggjöf um þann markað.

Ég hef lokið embættisprófi í lögfræði, meistaraprófi í lögfræði frá Cambridge-háskóla og MBA-gráðu frá Vlerick Leuven Gent Management School, auk þess að vera með verðbréfamiðlunarpróf.

Að síðustu er það ágætur mælikvarði á þekkingu og reynslu ef ótengdir aðilar vilja greiða fyrir þjónustu. Í dag rek ég lögmannsstofu þar sem viðskiptavinir eru einkum aðilar á fjármagnsmarkaði.

### Niðurlag

Hér hefur verið svarað tilefnislausum brigslum Bjarna Torfasonar. Þeir sem vilja skrifa málefnalega um íslenskan fjármálamarkað ættu að afla sér sjálfstæðra heimilda og ekki að líta á rannsóknarskýrsluna sem trúarrit, enda liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að skýrslan er ekki sönnunargagn (mál 561/2010). Það kann að vera erfitt fyrir Bjarna, sem var starfsmaður rannsóknarnefndarinnar.






# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Georg tók við rekstri Flúðasveppa árið 2005 en ræktun sveppa á Flúðum hófst árið 1984. Sveppirnir eru ræktaðir í lífrænum rotmassa sem einnig er framleiddur hjá Flúðasveppum. Svepparæktin er nákvæmnisverk sem krefst alúðar og þekkingar. Sveppirnir eru flokkaðir í höndunum og þeim pakkað á staðnum. Um 30 manns vinna hjá Flúðasveppum árið um kring.




ÍSLENSKA SIA.IS SFG 50278 08/10 - Ljósmyndir: Hari

# Aðför gegn aðildarviðræðum

ESB-aðild

**Úlfar Hauksson**
stjórnmálafræðingur og togarasjómaður



Aðildarumsókn Íslands að ESB virðist nú á haustdögum vera að færast nær kastljósinu eftir að hafa verið í skugga erfiðra mála sem hafa gegnumsýrt þjóðmálaumræðuna undanfarin misseri. Umræðan þessa stundina virðist þó ekki ætla að snúast um efnisatriði væntanlegs aðildarsamnings og um hvað ESB-aðild felur í sér heldur um það hvort halda beri aðildarviðræðum áfram eður ei.

Háværar raddir eru uppi um að slíta beri aðildarviðræðum við ESB. Hér er á ferðinni aðför gegn aðildarviðræðum með það að markmiði að hafa efnislega umræðu um aðildarsamning af þjóðinni og koma í veg fyrir að hún geti kosið um samninginn þegar þar að kemur.

### Aðför forsetans

Forseti lýðveldisins leggur opinberlega lag sitt við andstæðinga ESB-aðildar og tekur virkan þátt í þeirri aðför sem nú á sér stað gegn aðildarviðræðum. Innlegg forsetans er þó afar einkennilegt svo ekki sé meira sagt. Ólafur Ragnar Grímsson heldur því fram fullum fetum að okkar helstu nágranna- og vinaþjóðir, sem flestar eru í ESB, hafi gagngert tekið sér stöðu gegn okkur og séu í raun okkar helstu andstæðingar! Fullyrða má að þessi söguskoðun forsetans standist engan veginn. Ólafur Ragnar Grímsson hefur jafnframt ekki farið í grafgötur með þá skoðun sína að aðild Íslands að ESB feli í sér afsal á fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar.

Þessi skoðun forsetans er sérstaklega athyglisverð og ekki síst í ljósi þess að hann lét sig ekki muna um að láta sjá sig gleiðbrosandi á sjálfstæðis- og fullveldishátíð Eystrasaltsríkja sem nýverið fögnuðu 20 ára frelsi. Þjóðir sem allar sem ein gengu í ESB, meðal annars til þess að tryggja í sessi nýfengið fullveldi og sjálfstæði. Forsetinn skuldar þjóðinni rökstuðning á því hvernig hann fær það út að okkar helstu nágranna- og vinaþjóðir séu í raun okkar helstu andstæðingar! Jafnframt ætti forsetinn að útskýra af hverju hann þekktist boð Eystrasaltsríkja um að heiðra þau á sjálfstæðis- og fullveldishátíð þeirra ef hans staðfasta trú er sú að ESB-aðild ríkjanna geri það að verkum að þau séu hvorki fullvalda né sjálfstæð og þar að auki í hópi þjóða sem hafa snúið við okkur baki! Flestir sem þekkja til forseta lýðveldisins vita að hann er á móti aðild Íslands að ESB. Ummæli Ólafs Ragnars Grímssonar undanfarið bera þess skýr merki að hann ætlar – í skjóli forsetaembættisins – að taka opinberan og virkan þátt í þeirri atlögu sem nú stendur yfir gegn þeim aðildarsamningi sem nú er í vinnslu.

### Formaður Sjálfstæðisflokksins

Bjarni Benediktsson hefur snúist eins og vindhani í afstöðu sinni til ESB. Hringlandaháttur formanns Sjálfstæðisflokksins er með eindæmum og blása vindar nú þannig að hann hefur sett nafn sitt við þá hugmynd að slíta beri aðildarviðræðum við ESB. Fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins er formaðurinn með þessu að ítreka enn frekar fullkomna einangrun flokksins meðal mið-hægri systurflokka í Evrópu, sem allir sem einn styðja aðild og veru síns lands í ESB. Að þessu leyti tekur Sjálfstæðisflokkurinn sér stöðu með ógeðfelldum öfgaflokkum yst til hægri í litrófi stjórnmálanna.

Formaður Sjálfstæðisflokksins styður sem sagt þá hugmynd að aðildarviðræðum við ESB verði slitið, meðal annars á þeim forsendum að ESB sé að breytast svo mikið og að evran sé í fullkominni óvissu. Nú þykist ég vita að Bjarni Benediktsson veit full vel að samstarf þjóða innan þess bandalags sem nú er undir merkjum ESB hefur verið í stöðugri þróun allt frá upphafi og er síbreytilegt – líkt og samstarf þjóða almennt – og þannig verður það um ókomna tíð.

Bjarni Benediktsson hlýtur einnig að gera sér grein fyrir því að þrátt fyrir að evran sigli nú, líkt og flestallir gjaldmiðlar, ólgusjó þá er óvissan ekki meiri en svo að evran er komin til að vera og mun auka stöðugleika í efnahagslífi Íslendinga, komi til þess að hún verði lögeyrir hér í kjölfar aðildar að ESB. Sjálfstæðismenn, með Bjarna Benediktsson í broddi fylkingar, hljóta jafnframt að gera sér grein fyrir því að trúverðugleiki Íslendinga er í húfi, verði aðildarviðræðum slitið. Hugmyndin um að slíta aðildarviðræðum við ESB – og hafa þar með efnislega umræðu um málið af þjóðinni – og sú veruleikafirring forseta lýðveldisins að ESB hafi að geyma óvinveittar þjóðir er því ekki aðeins illa ígrunduð heldur fullkomlega galin.

Ráðstefna um gæðamál háskóla

**Þriðjudaginn 18. október kl. 9:30-17:00 á Grand hótel Reykjavík.**
Á ráðstefnunni verður nýtt gæðakerfi fyrir íslenska háskóla formlega kynnt.

**Nánari upplýsingar og dagskrá má nálgast á heimasíðu Rannís www.rannis.is**

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.
Vinsamlegast skráið þátttöku á rannis@rannis.is

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins og hefur umsjón með opinberum samkeppnissjóðum s.s. Rannsóknasjóði og Tækniþróunarsjóði. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun og gerir áhrif þeirra á þjóðarhag sýnileg. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




# Ólög eyða

Gengistryggð lán

**Lúðvík Bergvinsson**
lögmaður



Forsenda jafnréttis og gagnkvæmrar virðingar í samfélaginu er að allir séu jafnir fyrir lögunum. Kjörorð lögreglu „með lögum skal land byggja en ólögum eyða“ undirstrikar mikilvægi þessa. Í þessu ljósi er athyglisvert hvernig löggjafinn tók á skýlausum brotum lánafyrirtækja á vaxtalögum, en í 17. gr. vaxtalaga eru skýr fyrirmæli um að refsa skuli þeim sem veita ólögmæt gengistryggð lán.

Vandséð er hvernig fjármálafyrirtækin geta útskýrt lögbrotið en ljóst er að fyrirtækin geta ekki borið fyrir sig vanþekkingu, því í umsögn samtaka fjármálafyrirtækja til Alþingis við afgreiðslu vaxtalaga á sínum tíma, kom fram það sjónarmið þeirra að yrði frumvarpið að lögum væri fjármálafyrirtækjum óheimilt að veita gengistryggð krónulán. Frumvarpið varð að lögum. Bannið tók gildi. Þrátt fyrir það veittu fjármálafyrirtækin ólögmæt gengistryggð lán. Því verður ekki annað séð en að brotavilji fjármálafyrirtækjanna hafi verið einbeittur í þessu máli.

### Viðbrögð löggjafans

Viðbrögð löggjafans við niðurstöðum dómstóla um ólögmætið verða að teljast afar sérstæð. Í stað þess að brotin væru rannsökuð og fyrir þau refsað, eins og jafnan á að gerast þegar lögbrot eru framin, greip löggjafinn inn í atburðarásina og samþykkti lög nr. 151/2010 sem fólu í sér uppgjörsreglur vegna ólögmætra lána til einstaklinga, sem gerðu lánin jafnvel enn verðmeiri fyrir hina brotlegu lánveitendur en áður. Með lögunum voru lánveitendunum veittar áður óþekktar heimildir til að endurreikna og innheimta afturvirkt ólögmæt lán og jafnvel vaxtareikna og vaxtavaxtareikna á nýjan leik fullgreiddar kröfur.

Það er afar vandséð að lögin fái samrýmst eignarréttarvernd stjórnarskrár eða almennum reglum um neytendavernd, eins og margir umsagnaraðila bentu á við meðferð málsins á Alþingi. Enn fjarlægara er að það fáist samrýmst því sem kalla má almenna réttlætiskennd fólks að aðili sem brýtur gegn lögum standi uppi í jafngóðri eða betri stöðu en áður. Í þessu ljósi eru yfirlýsingar um miklar afskriftir fjármálafyrirtækja í þágu einstaklinga og heimila vegna endurútreiknings og niðurfærslu lána afar undarlegar, því ekkert slíkt hefur átt sér stað. Er þar að auki í besta falli villandi að tala yfirleitt um afskriftir þegar gerð eru upp lán sem lánveitendur hafa veitt með ólöglegum hætti gegn betri vitund.

> Þessi forsendubrestur og sú staða sem uppi er í samskiptum kröfuhafa og skuldara í dag slítur á endanum í sundur friðinn í samfélaginu, ef ekkert verður að gert…

### Nauðsyn aðgerða stjórnvalda

Þegar þetta er haft í huga þurfa hörð viðbrögð og reiði almennings að undanförnu ekki að koma á óvart. Hrun fjármálakerfisins, fall krónunnar og mikil verðbólga virkaði líkt og lottóvinningur fyrir eigendur verðtryggðra og gengistryggðra skuldabréfa. Aftur á móti leiddi stökkbreyting lánanna til þess að stór hluti landsmanna hefur horft á eigið fé sitt hverfa og mörg heimili eru komin í algert þrot. Það er auðvelt að færa sannfærandi rök fyrir því að hrun fjármálakerfisins sé raunverulegur forsendubrestur í lánasamningum kröfuhafa og skuldara.

Þessi forsendubrestur og sú staða sem uppi er í samskiptum kröfuhafa og skuldara í dag slítur á endanum í sundur friðinn í samfélaginu, ef ekkert verður að gert, því staðan mun aðeins versna úr þessu. Það er því afar mikilvægt að löggjafinn komi til móts við réttmætar kröfur um að umrædd ólög um endurútreikning lána verði afnumin hið fyrsta. Bænagerðir til kröfuhafa um bætta hegðun duga ekki. Löggjafinn afhenti þeim vopnið og verður nú að taka það til baka.

Jafnframt verða stjórnvöld, sem neyðarúrræði, að grípa inn í og færa neysluverðsvísitöluna nær því sem hún var þegar fjármálakerfið hrundi, hvort sem niðurstaðan að lokum verður sú að afnema verðtryggingu eða ekki. Sem fyrstu skref væru slíkar aðgerðir líklegar til að skapa einhverja samstöðu og sátt meðal borgaranna og vekja upp raunverulegan vilja til endurreisnar íslensks samfélags eftir áfall hrunsins. Sáttin mun eðlilega kosta eitthvað, en aðgerðaleysi mun kosta meira. Sátt er alger forsenda viðsnúnings úr þeirri stöðu sem íslenskt samfélag er statt í í dag. Alþingismenn hafa vald til að framkvæma þessar breytingar. Þeirra er að framkvæma, því aðrir hafa ekki það vald.

LAMBAKJOT.IS

# Lambalæri

## – MEÐ RAUÐVÍNSPERU & KARTÖFLUGRATÍNI



Lambalæri • 1 dl romm • 400 g hrásykur • 2 stk lime • 1 lítill ananas • 4 - 5 msk kókosmjöl

Rífið limebörk útí kókos og saxið myntu útí. Nuddið saman. Skerið ananas smátt og bakið í ofni í 25 mínútur á 150°C svo hann verði sætari. Lagið lög úr bræddum hrásykri, rommi og limesafa. Smyrjið lærið með leginum og kryddið með salti og pipar. Látið liggja í 2 klst. Bakið lærið í ofni við 160°C í 60 - 70 mín. Takið það út, hellið soðinu í pott. Látið kjötið hvíla í 20 mínútur. Hitið ofninn í 220°C. Smyrjið þá lærið aftur með leginum og bakið í 10 - 15 mín. Berið þá löginn aftur á lærið og stráið ananas, myntu og kókos yfir.

**Sósa**

Skerið gulrót, lauk og blaðlauk jafnt niður og steikið í potti með olíu og smjöri. Hellið soðinu af lærinu út í og sjóðið nokkra stund. Sigtið, bætið soðinu af perunum við. Sjóðið niður um $^2/_3$. Þeytið smjör út í og kryddið með salti og pipar.

## Meistarasmakk í Krónunni - svona er nýja lambakjötið ljúffengt

**Smakkið nýslátrað og brakandi nýsteikt lambalæri í verslunum Krónunnar Lindum, Granda, Bíldshöfða, Mosfellsbæ, Akranesi og Selfossi í dag, laugardaginn 8. október frá kl. 11.-16.**
**Félagar úr Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna gefa ykkur góð ráð um meðferð og matreiðslu lambakjöts.**

KRÓNAN KYNNING kl: 11 - 16

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... SAFARÍKT

**í dag, laugardag 8. október kl: 11-16**
**í Krónunni: Lindum - Granda - Bíldshöfða - Mosfellsbæ - Akranesi - Selfossi**

H:N markaðssamskipti / SÍA

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

TILBOÐIN GILDA 08.10-09.10

# GÓÐ




**INNA sængurverasett**
Bláröndótt sængurverasett á mjög góðu verði. Efni: 55% polyester / 45% bómull . Tölur að neðan.
Stærð: 140 x 200 sm.
og koddaver 50 x 70 sm.

FRÁBÆRT VERÐ
995



20% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 4.995
3.995

**Kuldaskór**
Flottir, háir kuldaskór í svörtum lit.
Stærðir: 36-41.




10 PÖR

40% AFSLÁTTUR

10 PÖR ÁÐUR: 2.495
1.495

**Herra og dömusokkar**
Fást í hvítu og svörtu. 10 pör saman í pakka.

**Gallabuxur**
Gallabuxur í bláum lit.
Margar stærðir fáanlegar.



20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 2.495
1.995

## TEXAS FATASKÁPAR

Hannaðu þinn eigin fataskáp! Raðaðu saman einföldum, tvöföldum, þreföldum, fjórföldum, fimmföldum.....fataskápum saman og settu hillur, skúffur og fatahengi í hann eftir þínu höfði.



30% AFSLÁTTUR AF TEXAS FATASKÁPUM

**TEXAS körfur**
2 stk. saman í pakka.
Stærð: B47 x H17/34 x D50 sm.
Fullt verð: **5.995**
Nú aðeins: **4.965**

**TEXAS skúffur**
2 stk. saman í pakka.
Stærð: B96 x H49 x D52 sm.
Fullt verð: **9.995** Nú aðeins: **6.996**

**TEXAS skúffur**
3 stk. saman í pakka.
Stærð: B47 x H71 x D52 sm.
Fullt verð: **7.995**
Nú aðeins: **5.596**



FULLT VERÐ: 4.995
3.496

**TEXAS hillur**
3 stk. saman í pakka.
Stærð: B47 x D56 sm.



FULLT VERÐ: 5.995
4.196

**TEXAS hillur**
2 stk. saman í pakka.
Stærð: B96 x D56 sm.



FULLT VERÐ: 24.950
17.465

**TEXAS grunnskápur**
Stærð: B99 x H221 x D58 sm.

TEXAS með 2 hurðum



FULLT VERÐ: 29.950
20.965

TEXAS með 3 hurðum



FULLT VERÐ: 49.950
34.965

TEXAS með 4 hurðum



FULLT VERÐ: 59.950
41.965

**FRANKLIN stólar**
Þægilegir og góðir stólar, sem hægt er að stilla á 3 vegu. Stólarnir eru með stálgrind sem klædd er svampi og sliterku áklæði.
Fáanlegir í bláum, grænum og orange lit.
Stærð: B62 x L111 x H83 cm



FULLT VERÐ: 24.950
16.950

32% AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR: 8.995
5.995

**OSCAR skrifborðsstóll**
Skrifborðsstóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu.
Hægt að rugga.
Litur: Svartur.

33% AFSLÁTTUR

# KAUP!



26% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.295

1.695

**MATS fataslá**
Fín fataslá á góðu verði. Stærð: B90 x H104/173 x D47 sm.



25% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.995

1.495

**Aksel skóhilla**
Skóhilla úr áli. Stærð: B93 x H38 x D35 sm.



22% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 4.495

3.495

**HANS fatastandur**
Fatahengi úr járni og beyki með 7 snögum. Hæð:178 sm.




ALLIR HEILSUKODDAR 30% AFSLÁTTUR

FLORA DANICA



**Tusindfryd gæsadúnssæng**
Þessi sæng er fyrir kónga, greifa, prinsessur og....já, þig! Það er hreint ævintýri að sofa undir þessari sæng. Fyllt með snjóhvítum gæsadúni. Þyngd: 800 gr. Áklæði er úr 100% bómullarsatíni. Sængin er saumuð í 5 x 7 ferninga. Sængurtaska fylgir. Má þvo við 60°C. Stærð: 135 x 200 sm.

FULLT VERÐ: 39.950

29.950

SPARIÐ 10.000



SPARIÐ 30.000

FULLT VERÐ: 69.950

39.950

**ARTHUR tungusófi**
Flottur tungusófi sófasett úr PU efni.
Fæst í dökkbrúnu og rauðu.
Stærð: 181 x 144 x 83 sm.

**Form með loki**
Gott kökuform með loki og góðu handfangi.
Stærð: 33 x 23 sm.



33% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.495

995

**Leðurhanskar**
Góðir leðurhanskar fyrir dömur og herra á frábæru verði!



FRÁBÆRT VERÐ!

VERÐ FRÁ: 1.495



40% AFSLÁTTUR

King Cole

VERÐ ÁÐUR: 429

254

**MERINO BLEND DK PRINTS garn**
Flott, sjálfmunstranlegt garn. Fæst í 4 litatónum.
100% ull. Superwash. 50 gr. dokka




40% AFSLÁTTUR

King Cole

VERÐ ÁÐUR: 729

437

**RIOT DK garn**
Mjög skemmtilegt garn sem fæst í 4 einstaklega fallegum litatónum.
30% ull og 70% acryl. 100 gr. dokka



3 STK. VERÐ ÁÐUR: 1.695

1.295

23% AFSLÁTTUR

**Kerti**
Falleg kerti á frábæru verði!
Fáanleg fjólublá, kiwi og svört að lit.
3 stk. saman verð áður: **1.695**
Nú aðeins: **1.295**

VERÐ ÁÐUR: 995

795



20% AFSLÁTTUR

**13 lítra plastkassi með loki**
Góður plastkassi með loki og handfangi.

ÞRÍHNÚKAGÍGUR



ÍSLENSKA SIA.IS ISL 56624 10/11





HUGMYNDA SAMKEPPNI

UM AÐSTÖÐU OG AÐGENGI VIÐ ÞRÍHNÚKAGÍG

Þríhnúkar ehf. efna til opinnar hugmyndasamkeppni um starfsemi og aðstöðu í og við Þríhnúkagíg. Meginmarkmið með samkeppninni er að fá hugmyndir um starfsemi, aðstöðu, fræðslu og viðburði fyrir ferðamenn sem styrki upplifun þeirra af þessu ótrúlega náttúrufyrirbæri.

Hugmyndasamkeppnin er opin öllum en sérstaklega er óskað eftir hugmyndum frá þeim sem hafa sérþekkingu og reynslu af sambærilegum verkefnum, t.d. „hönnuðum“ upplifana, sýningahönnuðum, sérfræðingum um ferðamennsku o.fl.

Nánari upplýsingar eru í samkeppnisgögnum á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar á slóðinni **www.vso.is** frá og með fimmtudeginum 6. október nk.

**Hugmyndum skal skilað** í móttöku VSÓ Ráðgjafar, Borgartúni 20, 105 Reykjavík, fyrir kl. 14:00 fimmtudaginn 10. nóvember 2011.



*Þríhnúkar ehf. vinna að undirbúningi að bættu aðgengi fyrir ferðamenn að gíghvelfingu Þríhnúkagígs, norðvestur af Bláfjallasvæðinu, með það að markmiði að úr verði ferðamannastaður á heimsvísu.*


# Gagnrýnin hugsun


Menntamál

**Henry Alexander Henrysson**
verkefnisstjóri við Heimspekistofnun HÍ




Í Lundúnum er hægt að rekast á unga menn sem eru á góðri leið með að efnast nægilega til þess að setjast í helgan stein um fertugt. Margir þeirra hafa efnast á því að kaupa og selja sykur og tin. Eða hvaða hrávöru sem er. Samt hafa fæstir komið út fyrir stærsta bílastæði í heimi sem innfæddir kalla M25. Hvað þá út á akur eða ofan í námu. Þegar ég hef verið í samkvæmum með slíkum mönnum hef ég alltaf átt erfitt með að viðurkenna að ég tilheyrði ekki hópnum; til þess að falla inn í hef ég einfaldlega svarað að ég sé í „hugsanabransanum“. Aldrei hefur neinn kippt sér upp við slíkt svar. Menn hafa kannski helst lýst þeirri skoðun sinni að ég ætti nú að reyna að komast yfir í arðvænlegri vöruflokk.

Verðmæti hugsana líður örlítið fyrir það að framboðið virðist fullnægja eftirspurninni. Það eina sem er ódýrara er tal, sem bendir einmitt til þess að framboðið á því fari fram úr þeirri hugsun sem á sér stað í heiminum. Raunar eigum við örlítið bágt með að tala um hugsun. Sem er undarlegt þar sem hún kemur fyrir flest okkar. Fólk grípur stundum til þess ráðs að leika Hugsuð Rodins til þess að útskýra hugsun, eins og það að styðja hönd undir kinn sé nauðsynlegur hluti hugarstarfs.

Ein ástæða þess að fáir vilja ræða um hugsun sem slíka er að okkur grunar að hún sé flókið fyrirbæri. Skýringarinnar er líklega að leita í því að hugsunin er stigskipt. Öll þekkjum við dæmi um einhvers konar lágmarkshugsun. En svo virðist einnig vera til hugarstarf sem er næstum því annars eðlis. Vönduð hugsun getur gerbreytt sýn okkar á heiminn. Stundum rekst maður á fólk sem telur sig hafa allt sitt á hreinu þar sem það fylgist svo vel með. Það hlustar eftir öllum þeim tilboðum sem lífið hefur upp á að bjóða. Og er fyrst af stað. Þetta fólk telur að þær leiðbeiningar sem það hefur heyrt út undan sér dugi til að mynda sér farsæla afstöðu; vangaveltur leiði til glataðra tækifæra. En veruleikinn hefur því miður tilhneigingu til þess að hlífa okkur ekki við því að hugsa mál til enda. Um það vitna fjölmörg myndbönd á YouTube.

Það kallast gagnrýnin hugsun að fallast ekki á neina skoðun, hvaðan sem hún kemur, nema maður rannsaki hvað í henni felst og geti fundið fullnægjandi rök fyrir henni. Gagnrýnin hugsun hjálpar okkur að setja kerfisbundið fram vandamál sem við gerum okkur einungis lauslega grein fyrir. Með því að beita gagnrýninni hugsun áttum við okkur á hvaða upplýsingar skipta máli fyrir lausn vandamálsins. Hugsun okkar verður virk þegar við túlkum upplýsingarnar með opnum huga og metum afleiðingar mismunandi túlkunarleiða. Gagnrýnin hugsun er bæði athöfn og leiðarvísir fyrir skoðanir okkar og gerðir.

Gagnrýnin hugsun er þannig takmark allrar menntunar. Aðgangur að upplýsingum er fyrir löngu orðinn ótakmarkaður í öllu skólastarfi. Nú er mikilvægara en nokkru sinni að kenna hvernig á að fara með upplýsingarnar. Hver sá sem leggur stund á fræði- eða iðngrein hlýtur að hafa það takmark að ná því valdi á greininni og beitingu hennar að hann geti sjálfur lagt eigið mat á fullyrðingar og skoðanir sem henni tengjast. Ennfremur hlýtur markmiðið að vera að temja sér gagnrýna hugsun sem lífsviðhorf og stefna að þátttöku í samfélagsumræðunni.

Ákallið um að vegur gagnrýninnar hugsunar verði að aukast í skólakerfinu varð nokkuð hávært eftir þær hremmingar sem áttu sér stað í íslensku samfélagi árið 2008. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis varpaði skýru ljósi á hvernig veruleikinn á það til að koma í bakið á þeim sem ekki hafa tamið sér að hugsa um mál á gagnrýninn hátt. Það er þó erfitt að koma auga á hvernig eigi að svara kröfu um að Íslendingar verði gagnrýnni í hugsun þegar menntakerfið byggist ekki, og hefur aldrei gert, á því að efla hæfni nemenda í að hugsa um veruleika sinn. Gagnrýnin hugsun á sér rætur í heimspeki. Þó að gagnrýnin hugsun sé í raun sú hugsun sem allar fræðigreinar og menntir vinna eftir er það heimspekin sem best getur svarað því kalli að leiða starf til þess að efla kennslu gagnrýninnar hugsunar.

Krafan um að staðhæfa ekkert nema hafa einhvers konar haldbær rök fyrir því er ekki einungis vísindaleg krafa. Krafan er einnig siðferðileg. Ákveðnar hugsanareglur og æfingar geta auðvitað hjálpað okkur við að láta ekki blekkjast. Þjálfun í gagnrýninni hugsun gerir okkur hæfari í að takast á við verkefni sem reyna á rökhugsun og beitingu tungumáls. En mikilli hæfni fylgja einnig freistingar. Það er stutt skrefið frá rökræðu yfir í kappræðu; frá því að láta ekki blekkjast og til að freistast til þess að leika sér með trúgirni annarra. Siðfræðin hjálpar okkur til að þjálfa dómgreind okkar og hún hvetur okkur til þess að axla ábyrgð. Þekkingu og rökhæfni á ekki að beita af skeytingarleysi – það skiptir máli í hvað hugsun okkar er notuð.

Rannsóknarstofa um háskóla, Heimspekistofnun og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands hafa sett af stað verkefni sem ætlað er að efla kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði. Á næstu misserum er fyrirhugað að bjóða upp á fyrirlestra um gagnrýna hugsun og tengsl hennar við fjölmörg svið mennta og menningar. Einnig er ætlunin að gefa út fjölda aðgengilegra rita um gagnrýna hugsun og siðfræði. Í hugsun okkar eru þegar öllu er á botninn hvolft líklega falin þau mestu verðmæti sem við eigum í okkar fórum. Kröfunni um að auka veg gagnrýninnar hugsunar í íslensku þjóðlífi verður vart svarað öðruvísi en með því að sem flestir þeirra sem að menntamálum þjóðarinnar koma taki höndum saman og gefi sér tíma til þess að svara því hvort ungt fólk sem gengur út í lífið eigi að geta hugsað á yfirvegaðan hátt um veruleika sinn og samfélag.

## Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegra er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.

vísir




**Borðapantanir:** 444 4020 satt@sattrestaurant.is
Icelandair Hotel Reykjavík Natura Nauthólsvegi 52 Reykjavík

**Jólin hefjast hjá okkur þann 18. nóvember.**
Jólahlaðborð í hádeginu alla daga vikunnar frá kl 11.30.
Jólahlaðborð öll kvöld frá kl. 19.00 nema á sunnudögum frá kl 18.00.

# Fljúgandi rass og rækjur

**Ágúst Bogason**, útvarpsmaður og nýráðinn fjölmiðlafulltrúi BSRB, og **Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir** rithöfundur hlusta bæði á erlendar fréttastöðvar. Ágúst á það til að missa af afmælum því hann kann ekki nógu vel á Facebook. Á þeim vettvangi segist Þórunn vera kónguló. ***Júlía Margét Alexandersdóttir*** hitti rökstólapar vikunnar.



## Á RÖKSTÓLUM

*Hafið þið hist áður?*

**Þórunn:** Nei, en ég þekki röddina hans Ágústs. Reyndar ekki svo gott að ég hafi hlustað á útvarpsþættina en hann er með rödd eins og pabbinn (innsk. blm. Bogi Ágústsson fréttamaður er faðir Ágústs). Ég var fyrirfram glöð yfir að fá að hitta Ágúst því Bogi er heimilisvinur í sjónvarpinu og býður af sér góðan þokka. Hann flytur fréttirnar í svo fínu jafnvægi, með fréttapókerfeis. En þú ert örugglega leiður á því talað sé um pabba þinn – þannig að ég bið að heilsa mömmu þinni.

**Ágúst:** Nei, ég kippi mér ekkert upp við það. Hann er búinn vera í sjónvarpinu að segja fréttirnar frá því áður en ég fæddist.

**Þórunn:** Þannig að þú lifir þetta alveg af.

**Ágúst:** Algjörlega. Ég finn engan mun á því hvort hann eða Jóhanna Vigdís eru á vakt, þetta er bara fólkið sem les fréttirnar. En sá sem er að lesa fréttirnar er ekki sami maðurinn og ég fer í mat til á sunnudagskvöldum. Ekki alveg sami talandinn í röddinni. Ég þekki ekki Þórunni og les því miður sjaldan skáldsögur en ég hef þó lesið Sól í Norðurmýri enda áhugamaður um tónlist og ævisögur.

**Þórunn:** Þú ert að fara að starfa fyrir stéttarfélag? Ertu þá ekki með sterka réttlætistilfinningu – er ekki betra að fara þarna inn af hugsjón?

**Ágúst:** Jú, ég held að það sé nauðsynlegt. Fólk á mínum aldri gerir sér voða litla grein fyrir hvað stéttarfélög eru eða til hvers, af því að í dag eru öll þessi réttindi sjálfsögð sem hafa þó fengist með mjög langri baráttu. Áttar sig ekki á því að bara fyrir nokkrum árum var jafnvel líka unnið á laugardögum og veikindadagar ekki til. Margt fólk í kringum þrítugt notar til dæmis alltaf veikindadaga tvisvar í mánuði bara af því að það hefur rétt á því. Það fólk er mjög meðvitað um réttindi sín en ekki endilega um skyldur. Öll réttindi fengust með baráttu og þeim þarf að viðhalda.

*Þórunn er fædd árið 1954 og Ágúst árið 1980. Hvaða þjóðþekktu persónur getur þú nefnt Þórunn sem þú heldur að séu fæddar á 9. áratugnum og hvaða þjóðþekktu persónur getur þú nefnt Ágúst sem eru fæddar sirka á fæðingarári Þórunnar?*

**Ágúst:** Ég hugsa strax um Valgeir Guðjónsson og Jakob Frímann er kannski ´52 módel. En það er enginn sem ég er handviss um að sé fæddur 1954. Þessi kynslóð sem stjórnaði öllu og stjórnar kannski enn þá svolítið miklu er aðeins eldri – Davíð Oddsson, Geir Haarde, Össur Skarphéðinsson. Þeir eru svona 49, 50, 51 módel. Kynslóð Þórunnar er þá busar þegar þessi svakalega kynslóð valda- og áhrifamanna eru eldri bekkingar í mennta- og gagnfræðiskólum landsins. Kannski hefur 1954 árgerðin þurft að líða eitthvað fyrir það.

**Þórunn:** Ég man helst kollega, unga rithöfunda. Kristínu Svövu Tómasdóttur og Kristínu Eiríksdóttur, Hauk Má Helgason og Hauk Ingvarsson – Sölvi Björn Sigurðsson er líka fæddur um 1980, held ég. Bryndís Björgvinsdóttir er ofarlega í huganum, því að hún var að vinna barnabókaverðlaunin. Ég fylgist ekki nógu vel með ungum þjóðþekktum persónum almennt, helst leikurum, listamönnum.

### Mávar í nýju ljósi

*Að fréttum vikunnar. Vigdís Hauksdóttir þingmaður Framsóknarflokks þykir eiga setningu síðustu daga – „Það mega sumir kasta grjóti úr steinhúsi“ – sem hún segir reyndar sjálf að hafi verið orðaleikur. Hvaða vandræðalegu*

*mismæli er ykkur minnisstæð?*

**Ágúst:** Ég man einu sinni að kollegi minn í útvarpinu sagði „ríður rækjum“ í útsendingu í staðinn fyrir „ræður ríkjum“.

**Þórunn:** Það er ógeðslega fyndið.

**Ágúst:** Hann var að tala eitthvað svo mikið að það kveikti enginn á því fyrr en eftir á þegar einhver benti honum á það. Þá var farið í upptökuna til að kanna hvort þetta hefði í alvöru verið svona og jú, það passaði alveg.

**Þórunn:** Maður er hvatvís og sér og segir alls konar vitleysu. Ég var svo mikil borgarstelpa að ég fattaði ekki að mávar væru illir eggjaþjófar fyrr en vinkona mín, Jóhanna Sveinsdóttir „matkráka“, sagði mér það. Næst þegar ég sá máv fljúga og ætlaði að dást að honum kom skapandi hik – ég mátti ekki dást að illfyglinu. Þá sá ég mávinn eins og teikningu úr barnaskóla, benti og sagði „fljúgandi rass“. Súrrealísk skynjun er fyndin og hjálpar.

### Það næsta við að tjarga og fiðra

*Fylgdust þið með mótmælum eða tókuð þátt í eggjakasti ?*

**Ágúst:** Ég fór oft á mótmælafundina árið 2009 en mér leið eins og ég myndi ekki vita hverju ég væri að mótmæla núna og fór ekki. Fyrirfram þótti manni mjög órætt hvort það yrðu tveir viðstaddir eða tíu þúsund manns, öfugt við það sem var árið 2009 þegar maður fann það vel áður að það var eitthvað mikið að fara að gerast. Fólk hefur oft verið duglegt að túlka mótmælin sem stuðning við hinn eða þennan en það virðist vera öll flóran sem mótmælir núna. Sumir vilja örugglega betur vakúmpökkuð matvæli á meðan aðrir vilja draga umsókn um Evrópusambandsaðild til baka og hengja útrásarvíkingana. Það eru öfgar í alls kyns skrýtnar áttir. Ég hélt reyndar að það yrði minna um að dóti og drasli væri hent en það virðist vera orðin hefð. Lögreglan sagðist hafa haft það á tilfinningunni að eldra og virðulegra fólk hefði verið að henda sem er öðruvísi en oft áður. En maður á kannski að forðast að túlka þetta öðruvísi en að þetta sé almennt vonleysi.

**Þórunn:** Við þingsetninguna í fyrra var ég fyrir tilviljun í Austurstræti og flæddi með að Alþingishúsinu. Þá skynjaði ég múgæsinguna á sjálfri mér, maður æsist upp við trommurnar og reiðin bara smýgur í mann. Tók ekki þátt í að kasta neinu, það er villimennska, næsti bær við að tjarga fólk og setja á það fjaðrir. Daginn eftir lenti ég í veislu með forseta Alþingis og var hin vinsamlegasta við ágæta konu sem ég hafði látið múginn æsa mig upp í að „púa“ niður. Kamelljónið var komið á annan stað, í annað hlutverk. Það er nauðsynlegt að prófa að mótmæla, skynja reiði hópsálarinnar, þannig skilur maður Grikki og þjáningar þeirra núna. Heimurinn virðist á leiðinni í stóra kreppu, ég veit svo vel sem sagnfræðingur hvað stutt er í heimsstyrjöld og mega hrylling og að allt getur gerst. En ég trúi samt á framfarir því það er hollara, til dæmis eru bleiur alltaf að batna og kaffihúsamenningin. Maður má ekki vera of gisinn og viðkvæmur, það hjálpar ekkert. Ég velti mér ekki of mikið upp úr íslensku fréttunum og sofna út frá útvarpi BBC.

**Ágúst:** Já, ég horfi oft einmitt á dönsku fréttatímana sem og BBC – þá er maður allavega með aðalatriðin á hreinu og missir ekki af ef það er að gjósa einhvers staðar. Þetta gerir manni mjög gott. Maður sleppur við þessar litlu, íslensku neikvæðnisfréttir sem eru heilt yfir ómerkilegar í stóra samhenginu. Vegna starfa minna þarf ég reyndar að fylgjast með en þegar ég er í sumarfríi og var í fæðingarorlofinu var voðalega gott að geta sleppt kvöldfréttatímanum, síðum eins og Skoðanir og lesa bara öftustu síðurnar í dagblöðunum.

**Þórunn:** Ísland hefur verið svo þjóðernissinnað og við því full mikið ofan í eigin koppi, það hjálpar að hafa víðari sýn. Varðandi eggjakastið mikla nú í vikunni, þá gekk það svo langt að það hefur öfuga virkni, þeir sem grýttu þingmenn gerðu í raun þinginu greiða því það vakti samúð með þeim sem lentu í þessari skelfilegu lífsreynslu.

### Ný hlutverk

*Fyrst við minntumst á bleiur – nú eruð þið bæði frekar nýbúin að eignast börn – þú Ágúst eignaðist þitt fyrsta barn fyrir sex mánuðum og Þórunn eignaðist sitt fyrsta barnabarn. Hvernig er tilfinningin?*

**Ágúst:** Ég vissi engan veginn hverju ég átti von á. Það voru allir búnir að segja við mann að það væri ekki hægt að lýsa þessu og það er alveg rétt. En nú er maður allt í einu orðinn miklu þroskaðri og gáfaðri en vinir manns sem eiga ekki börn og með þessa speki alveg á hreinu núna. Það er helst að maður skilur ekki í hvað tíminn fór á kvöldin og um helgar áður.

**Þórunn:** Það er alveg dásamlegt að verða amma. Þetta eru stórar vörður á lífsleiðinni, að eignast barn og barnabarn, þá er maður svo heppinn að eiga von um genetíska framtíð. Ég hef meiri tilverurétt líka núna, sem amma, það er meiri þörf fyrir mig og það er góð tilfinning. Ég hef gaman af þróunarlíffræði og þar er sagt að kannski lifi konur lengur að meðaltali því að í gegnum þróunarsöguna hefur verið meiri þörf fyrir ömmur en afa. Til að vera með krílin.

### Veggjalús og kónguló

*Að lokum. Þið eruð bæði á Facebook sem er að ganga í gegnum nokkuð stórar breytingar um þessar mundir sem þó eru ekki komnar í hús hjá öllum. Eruð þið duglegir notendur?*

**Þórunn:** Enn einar?

**Ágúst:** Ég er ekki búinn að taka eftir því sjálfur að útlitið hafi enn breyst hjá mér en hef séð fólk kvarta yfir því. Ég er svolítið á Facebook út af illri nauðsyn. Það fer mikið fram þarna og ég kemst ekki upp með að fylgjast ekki með út af vinnunni.

En sem dæmi um hvað ég er lélegur notandi að þá hef ég misst af afmælum vegna þess að það var boðið í þau á Facebook og ég áttaði mig ekki á boðinu. Ég skrifa lítið þarna inni en set stöku „læk“ ef það er eitthvað skemmtilegt. En ég er meira bara að njósna. Ég vona að með þessu nýja útliti verði almennir viðburðir, tónleikar og slíkt aðskildir frá persónulegum viðburðum svo að ég missi ekki af fermingarveislum. Það yrði góð viðbót.

**Þórunn:** Ég er dugleg á Facebook og á helling af vinum, get ekki sagt nei við þá sem vilja vera vinir mínir. Ég hugsa að ég sé kónguló frekar en veggjalús. Er ófeimin við að skrifa því ég hef alla ævi unnið við skriftir. Þar sem ég vinn heima, eru fésin notaleg nærvera. Ég dáist að þessu fyrirbæri því þetta er í raun og veru framhald dreifiblaða fyrri alda og kjaftaklúbba, sem hétu salons í París, án þeirra hefði franska byltingin ekki orðið.

Fésbók er kjaftaklúbbur alþýðunnar, fréttaveita, listaveita. Ég læt breytingar á kerfi Fésbókar ekki ergja mig, fýlupúkar fara alltaf af stað við allar nýjungar og kveina, en eftir nokkra daga er allt gleymt og allir ánægðir.




Internet hjá Símanum

Netvarinn tryggir öryggi barna á netinu og verndar þau gegn óvæntum hryllingi

Áskriftarleiðir Símans eru hraðar og öruggar. Netvarinn fylgir með þeim öllum og möguleiki á Sjónvarpi Símans. **Hringdu núna í 800 7000 og veldu þína leið.**

Viltu miklu hraðara Internet? Á siminn.is sérðu hvort Ljósnetið er komið til þín.

Vinsælasta leiðin

| Leið 1 | Leið 2 | Leið 3 | Leið 4 |
|---|---|---|---|
| 10GB | 40GB | 80GB | 140GB |
| Mánaðarverð 4.490 kr. | Mánaðarverð 5.490 kr. | Mánaðarverð 6.490 kr. | Mánaðarverð 7.690 kr. |

Síminn



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
SVEITASÆLA Í BÓNUS ALLA HELGINA !
BÓNUS Kjúklingur Leggir
698 KR. KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
FERSKUR KJÖRFUGL
1995 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
BÓNUS Kjúklingur Læri
698 KR. KG
BÓNUS FERSK KJÚKLINGALÆRI
BÓNUS Kjúklingur Læri, leggir vængir
598 KR. KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
FERSKUR KJÖRFUGL
695 KR. KG
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
BÓNUS Kjúklingur Vængir
298 KR. KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
Ali
998 KR. KG
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
SVEITASÆLA
Í BÓNUS UM
HELGINA
ÍSLENSKAR
LANDBÚNAÐAR-
VÖRUR
Á FRÁBÆRU VERÐI
Ali
998 KR. KG
FERSKUR ÚRB. GRÍSAHNAKKI
100% KJÖT
Ali Grísakjöt GRÍSAHAKK
798 KR. KG
FERSKT ALI GRÍSAHAKK
295 KR. 1 KG
ÍSLENSKIR TÓMATAR 1 KG.
Ali
598 KR. KG
FERSKUR GRÍSABÓGUR
Grand salat
SÖLUFÉLAG GARÐYRKJUMANNA
GRAND SALAT 198 KR.
129 KR. 350 G
ÍSLENSK AGÚRKA 350 G.
145 KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
LAUGARDAGUR OPNUM KLUKKAN TÍU
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# SVEITASÆLA Í BÓNUS ALLA HELGINA!

NÝTT Í BÓNUS



**FULLELDUÐ ÍSLENSK KJÖTSÚPA**
ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
**998 KR.** 1. LTR.




1395 KR.KG




1395 KR.KG

**FERSKT SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI** - MINNA BEIN MEIRA KJÖT



1398 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBALÆRI *I.FLOKKUR***



1598 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSINN LAMBAHRYGGUR**




895 KR. KG
**ÍSLANDSLAMB HAUSTSLÁTRUN 2011**
**FROSINN HÁLFUR LAMBASKROKKUR**



998 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSINN LAMBABÓGUR / FRAMP.**



3598 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBAFILLET**




1398 KR. KG
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS : ***GRILL***
**JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI**



759 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ SÚPUKJÖT 1 FL.**




579 KR.KG
498 KR.KG
**SS ÓSOÐIÐ FROSIÐ SLÁTUR**
LIFRARPYLSA 579 KR.KG BLÓÐMÖR 498 KR.KG.




298 KR. KG
**FROSIN LAMBAHJÖRTU**




259 KR. KG
**FROSIN LAMBALIFUR**




298 KR. DS
***GAMALDAGS SVEITAKÆFA***
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
GERÐ ÚR KINDAKJÖTI ***ÁN MSG***
MAGN 250 GRÖMM



995 KR. KG
SKAGFIRSKUR
**SVEITABITI 17% OSTUR**




298 KR. 250 G
**BÓNUS FETAOSTUR**

# LAUGARDAGUR OPNUM KLUKKAN TÍU

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



# Færði tæknina til fólksins

„Hann hafði mjög sterka sýn á það hvernig hann gæti fangað hug og hjörtu fólks,“ segir *Ólafur Jóhann Ólafsson* rithöfundur, sem hafði töluverð kynni af Steve Jobs vegna starfa sinna hjá Sony og Time-Warner.

**Steve Jobs**
1955-2011

Hann var alltaf að reyna að búa til eitthvað nýtt, brjóta ísinn og færa út kvíarnar,“ segir Ólafur Jóhann Ólafsson rithöfundur, sem hafði töluverð kynni af Steve Jobs vegna starfa sinna erlendis, fyrst hjá raftækjafyrirtækinu Sony og nú seinni árin hjá fjölmiðlasamsteypunni Time Warner.

„Það er ekki langt síðan hann kom við og átti fund með okkur.“

Þeir Ólafur Jóhann hittust fyrst árið 1986 þegar Ólafur var nýbyrjaður að vinna hjá Sony í Kísildalnum svokallaða í Kaliforníu, þar sem tölvufyrirtækin spruttu upp eins og gorkúlur.

Töluvert samstarf var á milli Sony og Apple á þessum árum, því Sony framleiddi ýmsan búnað í tölvurnar frá Apple, svo sem diskadrif og harða diska.

„Ég var auðvitað bara strákur þarna, en samskiptin voru töluverð því hvorugt fyrirtækjanna var með mikið batterí. Við vorum fáliðuð og þau voru líka fáliðuð.“

### Óvíst um afdrif Apple

Ólafur segir erfitt að segja til um hvernig Apple muni reiða af, nú þegar Jobs er fallinn frá.

„Þeir eru náttúrlega með mjög gott fólk innanhúss og þeir hafa mjög sterka stöðu. Þeir eiga eflaust margt á teikniborðinu og eru búnir að draga upp næstu skref. Þannig að í næstu framtíð held ég að fátt breytist. Hins vegar er spurning hvað verður til lengri tíma litið. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þeir bera sig til við þetta.“

Hann segir reyndar erfitt að greina á milli persónu Jobs og fyrirtækisins sem hann vann hjá.

„Stór fyrirtæki eru að vísu stór og það þurfa margar hendur og margir hausar að koma saman til að hlutirnir gangi upp. En það sem gerir þetta mjög sérstakt í hans tilfelli er að það er mjög erfitt að segja annað en að hann hafi sjálfur haft mjög bein áhrif á þróun fyrirtækisins. Það út af fyrir sig er mjög óalgengt og í þessu tilviki er það ekki bara mýta, sem er búin til í söluskyni.“

### Dauðinn lengi nálægur

Andláti Steve Jobs hefur verið líkt við dauða stórstjarna á borð við Elvis Presley, John Lennon, Michael Jackson, John F. Kennedy og Díönu prinsessu.

Lát hans bar þó ekki brátt að, því hann hefur glímt við krabbamein árum saman. Hann greindist fyrst með krabbamein í brisi fyrir sjö árum. Læknar sögðu honum þá strax að hann ætti aðeins nokkra mánuði eftir ólifaða, en hálfu ári síðar töldu læknar sig hafa komist fyrir meinið. Næstu árin virtist hann þó veiklulegur þegar hann kom fram opinberlega, hann tók sér nokkur löng veikindaleyfi og lést síðastliðinn miðvikudag, aðeins 56 ára gamall.

Dauðinn hafði reyndar verið honum hugleikinn lengi. Í magnaðri ræðu, sem Jobs flutti við útskrift háskólanema í Stanford árið 2005 sagðist hann jafnan hafa skoðað líf sitt í ljósi dauðans, alveg frá því hann var sautján ára og las einhvers staðar þessa setningu: „Ef þú lifir hverjum degi eins og hann væri þinn síðasti, þá hefurðu örugglega rétt fyrir þér einn daginn.“

„Eitt mikilvægasta verkfæri sem ég hef nokkurn tímann kynnst til að hjálpa mér við að taka stórar ákvarðanir í lífinu er að muna að ég verð bráðum dauður,“ sagði hann í ræðu sinni yfir ungum háskólanemum, um það bil ári eftir að hann greindist sjálfur fyrst með krabbamein.

### Bjó til tæki fyrir almenning

Þessi afstaða hefur kannski átt stóran þátt í þeim árangri sem Jobs náði, með því að setja á markað tæki sem almenningur tók opnum örmum, allt frá fyrstu Apple- og Macintosh-tölvunum til iPod-tónlistarspilaranna, iPad-spjaldtölvanna, iPhone-snjallsímanna og annarra nýjunga, sem streymdu frá fyrirtækinu.

Ólafur Jóhann segir að kostir hans hafi ekki síst verið fólgnir í því hvernig hann sá fyrir sér að tæknin gæti komið venjulegu fólki að notum í daglegu lífi.

„Hann var náttúrulega leiftrandi klár. Hann var samt enginn tæknimaður, þannig. Hann var ekki í því að prógrammera eða skrúfa saman græjur eða hanna þær, þótt hann hafi auðvitað skilið það allt saman. Það sem hann hafði hins vegar var tilfinning fyrir því hvað gæti gengið saman og hvað gæti nýst fólki. Það loðir svolítið við tæknimenn að þeim hættir til að búa til tæki fyrir sjálfa sig og vini sína sem eru eins og þeir. Og gleyma þá hinum almenna neytanda. Það kunni hans hins vegar og hann kunni líka að hrífa fólk með sér og var mikill eldhugi. Svo hafði hann mjög sterka sýn á það sem hann hélt geta fangað hug og hjörtu fólks og hvernig hægt væri að taka tækni og gera hana þannig úr garði að almenningi myndi finnast hún aðlaðandi, og það gerði held ég útslagið.“

### Endurtók leikinn

Þeir Ólafur Jóhann hittust meðal annars árið 1996 þegar Jobs var að taka við Apple á nýjan leik, eftir að hafa verið áratug í burtu. Þann áratug hafði hann notað bæði til að byggja upp tölvuteiknimyndir hjá Pixar-fyrirtækinu og þróa Next-tölvutæknina, sem síðar varð grunnurinn að endurreisn Apple-tölvanna.

„Hann var á þessum tíma að hitta menn sem hann þekkti úr bransanum, taka púlsinn og leggja á ráðin um það sem fram undan væri,“ segir Ólafur Jóhann, en segir það oftúlkun, sem skrifað var um á sínum tíma, að Jobs hafi verið að falast eftir sér til stjórnunarstarfa hjá Apple.

„Þegar þetta gerðist voru margir búnir að afskrifa Apple. Þeir voru einfaldlega búnir að tapa fyrir Microsoft. Eftir að Steve fór höfðu ýmsir forstjórar komið og farið og enginn þeirra staðið sig neitt vel.“

Ólafur Jóhann segir það vera einsdæmi í þessum bransa að menn komi aftur eftir að hafa hætt hjá fyrirtæki sem þeir byggðu upp.

„Við getum talið upp þá alla sem hafa búið til stórfyrirtæki og enginn þeirra, svo ég viti eða muni, hefur gert það sem Steve gerði, sem gerir þetta tvisvar. Hann kom þarna inn aftur og í rauninni endurtekur leikinn – en á mun hressilegri hátt. Hann smíðar þetta veldi upp á nýtt og það gerir hann í rauninni einstakan.“

### Mótmælendur setti hljóða

Það segir sína sögu að meira að segja mótmælendur á Wall Street í New York setti hljóða þegar fréttirnar af láti hans bárust á miðvikudag. Þar hefur stór hópur fólks komið saman daglega í nærri þrjár vikur og mótmælt græðgi fjármálafólksins í Wall Street.

Þótt fyrirtæki Jobs hafi malað gull fyrir þá sömu auðkýfinga, sem mótmælin beinast gegn, þá datt engum í hug að Jobs væri af sama sauðahúsinu.

„Við höfum misst eitthvað sem við fáum aldrei aftur,“ sagði Steve Wozniak, sem stofnaði Apple-fyrirtækið upphaflega með Steve Jobs. „Ég lít samt þannig á málið, að það hve fólk hefur hrifist af afurðunum sem hann lagði svo mikið í að skapa, sýni okkur að hann hafi fært heiminum mikið af lífi.“

## AFREKASKRÁ FRUMKVÖÐULS



**1976**
Steve Jobs stofnar tölvufyrirtækið Apple ásamt fleirum



**1980**
Apple fyrirtækið skráð á markað



**1984**
Apple kynnir Macintosh-tölvurnar



**1985**
Jobs hættir hjá Apple í kjölfar ágreinings



**1985-86**
Jobs stofnar NeXT tölvufyrirtækið



**1986**
Jobs kaupir Pixar-teiknimyndaverið



**1997**
Jobs snýr aftur til Apple



**1998**
iMac tölvurnar koma á markað



**2001**
iPod tónlistarspilari á markað



**2003**
Veftónlistarverslunin iTunes opnuð



**2005**
iPod Shuffle og iPod Nano á markað



**2007**
iPhone snjallsíminn á markað



**2008**
App-verslun opnuð á Netinu



**2010**
iPad spjaldtölvur koma á markað



**2011**
iPad 2 og iPhone 4S


Loforð um litríkt vor
í Blómavali
Allir haustlaukar
30% afsl.
50 stk. túlipanar
50 stk. krókusar
20 stk. páskaliljur
1.189 kr.
1.699 kr.
Erikur
ferskar og flottar!
4 stk.
Erika og Caluna
Veljið sjálf!
1.299 kr.
Tilboð!
10 stk.
Rósir
Stórar og fallegar!
1.490 kr.
Blómvendir
á betra verði!
Aðeins
1.199kr.
Krýsi og liljur
Blómaportið
laugardag og sunnudag
Ókeypis ís fyrir
börnin á laugardaginn!
Pylsa eða pizza
og kók
199 kr.
Kaffi Garður Skútuvogi opið til kl. 17 um helgar.
Ís
aðeins
99 kr.
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík





# Eldfjallasalur í iðrum jarðar

Ofan við Heiðmörk, í 25 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík, standa Þríhnúkar, gígþyrping umkringd hrauni. Í miðgígnum er á 120 metra dýpi að finna opna hvelfingu sem eitt sinn var kvikuhólf eldstöðvar. *Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari komst að því í vikunni að hvelfingin er stórbrotinn og litskrúðugur eldfjallasalur sem á engan sinn líka í heiminum. Uppi eru hugmyndir um að opna hvelfinguna brátt fyrir almenningi og ljóst er að hún gæti orðið magnaður ferðamannastaður.



# RISA
## AFMÆLISBOÐ

VERIÐ VELKOMIN
Á 3JA ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ

## 6.–9. OKTÓBER

GLÆSILEG TILBOÐ Í VERSLUNUM
BLÖÐRUR OG NAMMI FYRIR BÖRNIN

KORPUTORG
WWW.KORPUTORG.IS

PIPAR\TBWA • SÍA • 112426

ILVA einfaldlega betri kostur · the PIER · RÚMFATA LAGERINN HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ · Europris · OUTLET · TOYS "R" US · gæludýr.is · KRAKKAHÖLLIN 2-12 ára · BÓNUS · Umboðssalan · Bílasalan BÍLA KAUP S:577-1111



# Það er SPORT að SPARA



**3.490**

### ENERGETICS LINA BOXTANK
Hlýrabolur úr léttu og teygjanlegu bómullarefni. Litir: Svartur, dökkbleikur, fjólublár. Dömustærðir.

## KLÚBBTILBOÐ
### GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!

CLUB INTERSPORT



**10.990**
(fullt verð 14.990)

### RYKÄ REGULATE
Æfinga- og hlaupaskór. Þægilegt snið og góð dempun. Dömustærðir.

Skráðu þig í klúbbinn inná www.intersport.is



**5.990**

### ENERGETICS MIRRA PANT
Æfingabuxur úr teygjanlegu DRI PLUS-efni með öndun. Dömustærðir.



**3.490**

### ENERGETICS LISETTE TANKTOP
Hlýrabolur úr teygjanlegu DRI PLUS-efni með öndun. Litir: Svartur, bleikur, fjólublár. Dömustærðir. **Fæst aðeins á Bíldshöfða og í Lindum.**



**3.990**

### ENERGETICS LI TOP
Æfingabolur úr teygjanlegu DRI PLUS-efni með öndun. Litir: Svartur, bleikur, fjólublár. Dömustærðir.



**4.990**

### ENERGETICS MAIA CAPRI
Kvartbuxur úr teygjanlegu DRI PLUS-efni með öndun. Dömustærðir.



**7.990**

### ENERGETICS LATIFA JACKET
Rennd peysa úr teygjanlegu DRI PLUS-efni með öndun. Dömustærðir.

## INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 8. – 14. OKTÓBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is INT2305


ÚTILJÓS
ÍSLENSK HÖNNUN
OG FRAMLEIÐSLA
REYKJAVÍK
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
Opið:
10.00 - 18.00 virka daga
11.00 - 16.00 Laugardaga
AKUREYRI
RAFLAMPAR
Óseyri 4 • S: 462 1867
Opið:
10.00 - 18.00 virka daga
10.00 - 12.00 Laugardaga

# Stóra samhengið gleymist oft

**Íslensk íþróttafélög mættu starfa markvissar eftir ákveðnum stefnum, segir Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks. Hann sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá því hvernig árangur er oft og tíðum metinn út frá röngum forsendum.**

Hér á landi eru íþróttafélög mörg hver í sömu vandasömu aðstöðunni. Klemman liggur í því að vera með aðra löppina í að reka afreksstefnu og hina í félagsstarfi. Á sama tíma er bæði verið að reyna að skapa fagmannlegt umhverfi og sjálfboðaliðastarf. Breiðablik, eins og mörg önnur félög, er í raun einhvers konar millistig milli fyrirtækis og félags. Þetta getur orsakað mikla árekstra,“ segir Ólafur Kristjánsson, þjálfari meistaraflokks karla í fótbolta hjá Breiðabliki.

Ólafi er umhugað um að íþróttafélög starfi eftir ákveðinni stefnu og formgerð, sem hann segir vanta töluvert upp á hér á landi í dag. Síðustu ár hefur Breiðablik starfað eftir stefnu sem Ólafur segir í meginatriðum ganga út á að leyfa sem flestum ungum leikmönnum að blómstra með því að veita þeim verkefni við hæfi og sem henta hverjum einstaklingi fyrir sig. Vandamálið sem við sé að eiga liggi að miklu leyti í viðtekinni skilgreiningu á árangri.



ÁRANGUR „Menn mega ekki sofna á verðinum. Til að mynda hefur unglingastarfið í Breiðabliki alltaf verið gott, en það að vera góður getur verið helsti óvinur þess að verða framúrskarandi,“ segir Ólafur Kristjánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Stefnur í skúffum

Eftir farsælan feril sem leikmaður með FH, KR, Fram og AGF í Danmörku gerðist Ólafur aðstoðarþjálfari hjá síðastnefnda liðinu og þjálfaði síðan Fram hér á landi áður en hann tók við liði Breiðabliks árið 2006. Hann hefur þó starfað við þjálfun með einum eða öðrum hætti frá fimmtán ára aldri og býr sig nú undir lokapróf til að öðlast „pro-licence“, sem er hæsta sig sem hægt er að ná í knattspyrnuþjálfun á heimsvísu.

Ólafur segir starf sitt hjá Breiðabliki mun víðtækara en einungis að þjálfa meistaraflokk félagsins. Hans hlutverk sé meðal annars að skipuleggja klúbbinn frá starfi með þeim yngstu til þeirra elstu, í nánu samstarfi við Arnar Bill Gunnarsson, yfirþjálfara yngri flokka Breiðabliks. „Í mörgum félögum er einhver stefna til staðar en hún er kannski á blaði í skúffu og því er ekki unnið markvisst eftir henni. Víða vantar að skilgreina hugtakið árangur, að skilgreina í hverju félagið vill vera best,“ segir Ólafur. „Við í Breiðabliki viljum vera besta félagið í því að hlúa að ungum leikmönnum, strákum og stelpum, og gefa þeim kost á að blómstra. Mín skoðun er sú að afleiðing þess verði oftar en ekki sú að félagið vinni, og sé þá sigurvegari í viðtekinni skilgreiningu á árangri, en jafnframt samkvæmt víðari skilgreiningu. Það eitt að vinna titla er mjög þröng skilgreining á árangri. Samkvæmt víðari skilgreiningu á hugtakinu árangur, eins og ég hef viljað innleiða í Breiðablik, er gefin viðurkenning fyrir að leggja sig fram og sýna vilja til að verða betri. Þannig eiga fleiri iðkendur möguleika á að takast að ná árangri og fá um leið meiri viðbrögð við því sem þeir gera.“

### Ekki tekið nægt tillit til þarfa hvers og eins

Ólafur telur einnig að hæfileikar séu metnir út frá of þröngri skilgreiningu. „Við, fullorðna fólkið, byrjum að velja úr þá sem við teljum að geti orðið góðir allt of snemma. Hættulega snemma. Jafnvel þegar krakkarnir eru á aldrinum átta til ellefu ára, þegar enginn möguleiki er að sjá hverjir munu skara fram úr. Ef við segjum að Nonni sé betri en Gunni, þegar þeir eru báðir átta ára, getur það þýtt að Nonni sé þroskaðri og hann hafi einhverja meðfædda hæfileika. Með víðari skilgreiningu á hæfileikum myndum við segja að Nonni og Gunni hefðu báðir hæfileika og okkur bæri skylda til að láta mismunandi hæfileika þeirra blómstra. En þetta tengist þessari skilgreiningu á árangri, að við erum alltaf á leiðinni í keppni sem þarf að vinna. Þeir sem eru stórir og sterkir eru líklegastir til þess á hverjum tíma,“ segir Ólafur og bætir við að þroskamunur geti verið afar mikill á þessum aldri. „Munurinn á tveimur ellefu ára drengjum getur til að mynda verið gríðarlegur ef annar er fæddur í janúar og hinn í desember á eftir. Það er þekkt fyrirbrigði og margrannsakað að þeir sem eru valdir í hvers kyns úrvalslið, hvort sem það eru héraðslið erlendis, unglingalandslið eða þar fram eftir götunum, eru langflestir fæddir á fyrri hluta ársins. Það er vegna þess að kerfið veitir oft þeim sem þroskast fyrr meiri möguleika, meiri athygli, betri aðstöðu og þjálfun, og þar af leiðandi verða þeir betri,“ segir Ólafur.

Hann tekur þó fram að þessar vangaveltur eigi fyrst og fremst við um fyrstu ár þjálfunar, fram til fimmtán til sextán ára aldurs. „Þegar leikmenn eru komnir vel á unglingsárin þurfa þeir að læra að vinna, en til þess að komast þangað þarf fyrst að ganga í gegnum þetta frumstig. Ég er á þeirri skoðun að í yngri flokkunum nú sé of víða verið að líkja eftir fullorðinsíþróttum. Það á við um keppnisfyrirkomulagið, stærð keppnisvalla og fleira. Það er hreinlega ekki tekið nægt tillit til þarfa þeirra yngstu.“

### Áfangakerfi frekar en bekkjakerfi

Varðandi þjálfun yngri flokka í íþróttum hugnast Ólafi betur að skipuleggja hana líkt og áfangakerfi, fremur en bekkjakerfi.

„Ég hef oft líkt þessu við skólakerfið,“ útskýrir hann. „Kassinn einskorðar sig við aldur, þannig að nemendur í 8. bekk fá verkefni sem ætluð eru 8. bekk, jafnvel þótt þeir búi jafnvel yfir getu til að leysa verkefni sem ætluð eru 9. eða 10. bekk. Örvun þessara nemenda er mun minni en hún gæti verið. Hið sama á við um íþróttirnar. Tökum 4. flokk, þrettán og fjórtán ára gamla krakka, sem dæmi. Segjum svo að þrír leikmenn í 4. flokki séu í raun nógu góðir til að spila með flokknum fyrir ofan, 3. flokki, en þeir eru látnir spila í „kassanum“, í 4. flokki og vinna alla leiki 6-0 eða 10-0. Er það örvun við hæfi? Ef við tökum þessa þrjá leikmenn og færum upp í 3. flokk þá fara þeir kannski að gera jafntefli, tapa einstaka leik eða vinna nauma sigra. Þannig læra þeir, því það er engum hollt að vinna alla leiki 10-0. Þannig myndast aðstæður fyrir fleiri leikmenn 4. flokks til að blómstra. Þessar tilfæringar myndu þá væntanlega þýða að einhverjir leikmenn 3. flokks yrðu færðir niður í B-lið, en kannski er B-liðið hreinlega rétti vettvangurinn fyrir þá til að blómstra í stað þess að sitja sífellt á varamannabekk í A-liði,“ segir Ólafur.

### Andstaðan er eðlileg

Hann segir þetta svokallaða áfangakerfi í þjálfun, sem hefur verið útfært hjá Breiðabliki síðustu tvö ár, hafa mætt andstöðu, sem þó sé eðlileg. Kerfið sé öðruvísi og ekki „eins og það hefur alltaf verið“.

„Nokkur andstaða kemur til að mynda frá foreldrum, en þeir eru auðvitað sterkir hagsmunaaðilar. Foreldrar hafa oft eins konar kíkissjón á börnin sín, sem lýsir sér þannig að þeir einblína á börnin sín en gleyma stóra samhenginu. Þegar leikmenn eru færðir upp um flokka verða foreldrar þeirra sem ekki eru færðir upp stundum viðkvæmir, því þeir telja það bitna á úrslitum í leikjum barnanna sinna að bestu leikmennirnir séu færðir upp. Þeir segja þá að það bitni á árangrinum, en aftur eru þeir að einblína á þessa hefðbundnu skilgreiningu á árangri; að vinna eða tapa leikjum. Oft skilja foreldrarnir ekki tilganginn með þessu kerfi og það er okkar, stjórnendanna, að sjá til þess að hugmyndafræðin að baki því sé kynnt og útskýrð nægilega vel. Eins eru þjálfarar oft óánægðir með þessa tilfærslu leikmanna milli flokka, því auðvitað eru þeir dæmdir út frá hefðbundnum hugmyndum um árangur eins og leikmennirnir. Mín skoðun er sú að ekki ætti að dæma þjálfara yngri flokka eftir því hversu marga leiki eða titla þeir vinna, heldur út frá því hvernig þeim tekst að vinna með efniviðinn, iðkendurna.“

Ólafur ítrekar að ótalmargt jákvætt megi finna í starfi yngri flokka margra félaga á undanförnum árum, Breiðabliks þar á meðal, en hættan sé sú að festast í ákveðnum þankagangi, sem hafi hamlandi áhrif á framþróun.

„Menn mega ekki sofna á verðinum. Til að mynda hefur unglingastarfið í Breiðabliki alltaf verið gott, en það að vera góður getur verið helsti óvinur þess að verða framúrskarandi. Þá á fólk til að vera sátt í kringum veisluborðið en huga ekki að framtíðinni. Að sjálfsögðu er þetta viðkvæmt mál og andstaðan er á stundum eðlileg. Það má deila um hvort þessi leið sem við í Breiðabliki höfum ákveðið að fara sé sú rétta. En um leið og fólk byrjar að ræða, og jafnvel deila um aðferðir, þá skapast í það minnsta umræðugrundvöllur. Það er betra en að ganga út frá því að einhver ein aðferð sé sú eina rétta,“ segir Ólafur.


Siðareglur
fyrir íslenskt vísindasamfélag

**Rannís óskar eftir samstarfi við vísindamenn, rannsakendur og fræðimenn til að skapa íslensku vísinda- og rannsóknarsamfélagi sterka siðferðilega umgjörð.**

Rannís hefur að beiðni Vísinda- og tækniráðs sett fram tillögur sem er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir vönduð vinnubrögð í vísindum.

Allir sem telja sér málið skylt eru hvattir til að kynna sér það nánar á heimasíðu Rannís, www.rannis.is/sidareglur og koma á framfæri athugasemdum á netfangið sidareglur@rannis.is fyrir 15. október 2011.

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins og hefur umsjón með opinberum samkeppnissjóðum s.s. Rannsóknasjóði og Tækniþróunarsjóði. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun og gerir áhrif þeirra á þjóðarhag sýnileg. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# LOKSINS Á ÍSLANDI

## Breyers ÍS

NÚ FÁANLEGUR EINGÖNGU Í HAGKAUP

EKTA AMERÍSKUR ÍS

*- þennan verður þú að smakka!*





24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## ÖND REYTT OG SVIÐIN



**1.** Skerið vængi og lappir frá við liðamót.



**2.** Reytið fuglinn eins vel og þið getið alveg upp að haus.



**3.** Hengið fuglinn upp á hausnum og svíðið fjaðrirnar af án þess að brenna fuglinn.



**4.** Burstið fuglinn og svíðið aftur.



**5.** Skerið höfuðið frá.



**6.** Opnið fuglinn með hnífi og takið öll innyfli innan úr honum. Geymið hjarta, lifur og fóarn fyrir soð og lifrar-mousse.



# Léttsteiktar svartfuglsbringur með trönuberjasósu FYRIR 4

8 svartfuglsbringur, fitu- og sinalausar
2 msk. olía
salt og nýmalaður pipar

*Steikið svartfuglsbringur í 1 mínútu á hvorri hlið eða þangað til þær eru orðnar fallega brúnaðar. Færið þá bringurnar í eldfast mót og kryddið yfir með salti og pipar. Setjið bringurnar inn í 180 °C heitan ofn í 2 mínútur. Takið þær út og látið standa í 2–3 mínútur og endurtakið síðan leikinn þar til bringurnar eru búnar að vera í ofninum í 6 mínútur samtals.*

**Trönuberjasósa**
2 msk. olía
2 skalottlaukar, smátt saxaðir
2 dl rauðvín eða 1 dl portvín
1 msk. balsamedik
1 tsk. timjanlauf, má sleppa
100 g þurrkuð trönuber
2 dl svartfuglasoð eða vatn og nautakraftur
1 msk. títuberjasulta
Sósujafnari
Salt og nýmalaður pipar
40 g kalt smjör í teningum

*Hitið olíu og steikið skalottlauk á sömu pönnu og svartfuglsbringurnar voru steiktar á. Steikið laukinn í 1 mínútu og bætið síðan rauðvíni, balsamediki, timjanlaufum og trönuberjum á pönnuna, sjóðið niður um ¾. Hellið svartfuglssoði saman við ásamt títuberjasultu og hitið að suðumarki. Þykkið með sósujafnara og smakkið til með salti og pipar. Takið pottinn af hellunni og hrærið smjör saman við þar til það er bráðið.*



# Hreindýrabollur með gráðaosti og rifsberjahlaupi FYRIR 4

700 g hreindýrahakk eða annað gott villibráðarhakk
1 egg
2 msk. hveiti
1 tsk. salt
½ tsk. pipar
8 tsk. gráðaostur
8 tsk. rifsberjahlaup
3 msk. olía

*Setjið hakk, egg, hveiti, salt og pipar í skál og blandið vel saman. Mótið 8 bollur úr hakkinu, stingið þumalfingri í bollurnar og myndið holur. Fyllið holurnar með gráðaosti og rifsberjahlaupi og lokið fyrir með hakki. Steikið bollurnar í olíu í 2 mínútur á hvorri hlið.*



**Gráðaostasósa**
4 dl vatn
1 msk. rifsberjahlaup
1-2 tsk. gráðostur
1 msk. villibráðarkraftur
½ dl rjómi
sósujafnari
salt og nýmalaður pipar

*Hellið vatni á pönnuna ásamt rifsberjahlaupi, gráðaosti og villibráðarkrafti og sjóðið við vægan hita í 10 mínútur. Bætið rjóma á pönnuna og þykkið með sósujafnara. Smakkið til með salti og pipar.*

# *Virðing borin fyrir bráðinni*

Í Stóru bókinni um villibráð eru svo skýrar leiðbeiningar um nýtingu og svo girnilegar uppskriftir að friðsælustu frúr fyllast löngun til að snara haglabyssunni á bakið og fara á veiðar. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** spjallaði við **Úlfar Finnbjörnsson** um bókina sem hann hefur gengið með í maganum í 20 ár.

Nú er engin afsökun fyrir þessa karla lengur,“ segir meistarakokkurinn og veiðimaðurinn Úlfar Finnbjörnsson, maðurinn á bak við Stóru bókina um villibráð, sem er nýútkomin hjá Bókaútgáfunni Sölku. Þar á hann við þá veiðimenn sem hingað til hafa veigrað sér við að búa til mat úr bráðinni sem þeir færa í búið.

Úlfar segir marga veiðimenn ekki einungis smeyka við að matreiða villibráð, heldur nýti þeir dýrin heldur ekki nógu vel. „Það er sorglegt að sjá gæsaveiðimennina henda lærunum, lifrunum og hjörtunum, og hreindýraveiðimennina tungunum og kinnunum. Það er hægt að búa til svo mikið fínerí úr þessu. Veiðin á að snúast um að bera virðingu fyrir bráðinni. Skjóta færri dýr, nýta þau betur og hafa meira gaman af þessu. Og á meðan menn eru að veiða og bíða eftir gæsinni geta þeir tínt sveppi, ber og jurtir. Boðið svo upp á gæs með sósu úr berjum sem maður tíndi í veiðitúrnum. Það er toppurinn.“

Veiðimenn hafa haft þá afsökun hingað til að upplýsingar um réttu aðferðirnar hafi ekki verið á hverju strái. Með bókinni hans Úlfars verður sú afsökun að engu, enda er hún sannkallað alfræðirit, full af fróðleik um hvernig nýta skuli villibráðina með fjölda sælkerauppskrifta. Aftast í bókinni er sýnt skref fyrir skref hvernig á að reyta, úrbeina, heitreykja, búa til sínar eigin pylsur og paté og þar fram eftir götunum. „Ef maður segir „paté“ við einhvern fer hann alveg í flækju. Sá hinn sami getur hins vegar alveg gert hakkabuff. En að gera paté er bara aðeins flóknara en að gera hakkabuff. Það auðveldar mönnum að sjá það svona svart á hvítu. Og um leið og þú ert búinn að gera þetta einu sinni slökknar ekki á hakkavélinni.“

Úlfar tekur skýrt fram að bókin sé hreint ekki bara fyrir veiðimenn, heldur sé hún hugsuð fyrir alla sem hafi gaman af því að elda yfir höfuð. Hins vegar dregur hann ekki dul á að hann vonast til þess að það verði frúrnar sem gefi veiðimönnunum bókina í jólagjöf, frekar en öfugt. „Það er vitleysa að vera hræddur við að elda villibráð. Ef þú kannt að elda nautasteik geturðu alveg búið til hreindýrasteik. Það þarf enginn að vera hræddur við villibráðina. Það er bannað.“



**ÚLFAR Í LEYNI** Á undanförnum tveimur árum hefur ljósmyndarinn Karl Petersson elt matreiðslumanninn og veiðimanninn Úlfar Finnbjörnsson þvert og endilangt um Ísland og myndað hann við veiðar. MYND/KARL PETERSSON



KEPLER

Alexandra og Alexander Ahndoril standa á bak við höfundarnafnið Lars Kepler. PAGANINISAMNINGURINN er önnur bók þeirra saman.

# Kraftmikil og æsispennandi

Ný bók frá Lars Kepler, höfundi metsölubókarinnar DÁVALDURINN

*„Frábær glæpasaga, spennusaga í sérflokki ... bók sem ekki er hægt að leggja frá sér.“*

VEJLE AMTS FOLKEBLAD

★★★★★

*„Dúndurtryllir...“*

EKSTRA BLADET







JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is






**FRÆGIR OG FEIGIR** **Hunter S. Thompson**, sem hér sést ásamt vinum sínum Benicio Del Toro og Johhny Depp, pönkbassaleikarinn **Sid Vicious**, breski háðfuglinn **Spike Milligan** og **Frank Sinatra** eiga það sameiginlegt að eitthvað óvenjulegt var við útfarir þeirra.

# Hvíl í friði og flippi

**Útfarir fræga fólksins** vekja oft og tíðum athygli, ekki síst þegar tekið er upp á óvenjulegum siðum eins og að strá kartöfluflögum yfir duftker, skjóta jarðneskum leifum úr fallbyssu eða fela tuskubrúðum að sjá um útfararsöngva. *Kjartan Guðmundsson* rifjaði upp nokkrar athyglisverðar jarðarfarir.

Arch West, maðurinn sem fann upp Doritos-snakkið vinsæla, lést á sjúkrahúsi í Dallas í lok september, 97 ára að aldri. Sjálft andlátið vakti nokkra athygli vestanhafs, enda tókst West að gera Doritos að einu þekktasta vörumerki heims frá því hann setti flögurnar fyrst á markað fyrir 45 árum og þénaði samkvæmt því. Öllu meiri áhuga kveiktu þó áform varðandi útför milljarðamæringsins.

Fréttavefur Reuters sagði frá því að snakkkóngurinn yrði brenndur og ílátið sem geymdi líkamsleifar hans grafið, en í stað þess að minnast hins látna með blómum eins og víðast tíðkast hvatti fjölskylda West syrgjendur til að hafa með sér poka af Doritos í jarðarförina og strá flögunum yfir duftkerið.

„Honum hefði þótt þetta bráðfyndið," sagði dóttir West í viðtali við Reuters, en kirkjugarðsyfirvöld í Dallas lögðu blessun sína yfir áformin á þeim forsendum að flögurnar eyddust fljótt og örugglega í jörðu.

Líklega eru óvanalegir jarðafararsiðir af þessum toga daglegt brauð um víða veröld. Andlát fræga fólksins vekja þó eðli málsins samkvæmt meiri áhuga en önnur, svona oftast nær, og fregnir af þeim spyrjast hraðar út. Stundum er farið eftir hinstu óskum hinna látnu, oft detta vinum og vandamönnum sniðugir hlutir í hug varðandi jarðarfarir og annað verður hreinlega að flokkast sem slysni, að því ógleymdu þegar móðir náttúra tekur í taumana.

### Prúðuleikarar halda uppi stuðinu

Þegar Jim Henson, hinn ástsæli skapari Prúðuleikaranna og fleiri brúðuþátta, lést árið 1990 voru haldnar tvær minningarathafnir, ein í New York og önnur í London. Samkvæmt ósk Hensons var öllum viðstöddum meinað að klæðast svörtu við athafnirnar. Brúðupersónan Big Bird úr Sesame Street-þáttunum söng einkennislag Kermits frosks, Bein' Green, og sex af höfuð-Prúðuleikurunum sungu syrpu af eftirlætislögum hins látna. Í lokin gengu gestirnir svo út undir dynjandi dixísveiflu þegar sveitin Dixieland Jazz Band lék lagið When the Saints Go Marching In. Tímaritið LIFE lýsti jarðarförinni síðar sem „næstum óbærilega áhrifamikilli lífreynslu".

Með óvenjulegri jarðarförum seinni tíma hlýtur að teljast minningarathöfn sem haldin var um rithöfundinn Hunter S. Thompson, sem féll fyrir eigin hendi árið 2005. Thompson, sem skrifaði bækur á borð við Fear and Loathing in Las Vegas og innleiddi svokallaða „Gonzo"-blaðamennsku í upphafi áttunda áratugarins, hafði lengi gengið með þá hugmynd í maganum að hentugasta leiðin til að kveðja jarðneska tilveru væri sú að láta skjóta sér úr fallbyssu. Fjölskylda rithöfundarins og vinur hans Johnny Depp (leikarinn mun hafa pungað út fyrir athöfninni) sáu til þess að óskum Thompsons var framfylgt og komu ösku hans fyrir í fallbyssu ofan á 47 metra háum turni, þaðan sem jarðneskum leifunum var skotið út í buskann við mikinn fögnuð gesta á borð við leikarana Jack Nicholson, Bill Murray og Sean Penn, tónlistarmannanna Lyle Lovett og John Oates og fleiri.

Líkið af Sid Vicious, bassaleikara pönksveitarinnar Sex Pistols, var einnig brennt eftir að hann lést úr of stórum skammti eiturlyfja árið 1979. Hinsta ósk Vicious, að ösku sinni yrði komið fyrir hjá leiði unnustu sinnar, Nancy Spungen (sem bassaleikarinn var ákærður fyrir að hafa myrt skömmu fyrir dauða sinn) varð þó líklega aldrei að veruleika. Sagan segir að Anne Beverley, móðir Vicious, hafi misst duftkerið á Heathrow-flugvellinum í nágrenni London og pönkarinn því hlotið þau örlög að fjúka um flugvallarloftkælingu í áraraðir.

### Smápeningar í kistunni

Jarðarför tónlistarmannsins Harry Nilsson, góðvinar Bítilsins John Lennon sem færði heiminum frábær lög á borð við Everybody's Talking, Without You og Coconut, árið 1994, hitti á sama dag og gríðarlegir jarðskjálftar riðu yfir sunnanvert Kaliforníuríki. Kirkjan í Los Angeles þar sem athöfnin fór fram nötraði og skalf og mun einhver viðstaddra hafa grínast með að skjálftarnir væru afleiðing þess að Nilsson, sem var mikill drykkjumaður og lést eftir hjartaáfall, hefði náð til himna og uppgötvað að enginn bar væri á staðnum. Í kirkjugarðinum stakk annar Bítill, George Harrison, upp á því að fjölskylda Nilssons og vinir syngju lag hins síðarnefnda, You're Breaking My Heart, yfir gröfinni. Textinn „You're breaking my heart, you're tearing it apart, so fuck you" fylgdi því tónlistarmanninum yfir móðuna miklu.

Þá er skemmst að minnast þess þegar Bláskjár gamli, töffarinn Frank Sinatra, var jarðsettur í Beverly Hills árið 1998. Á meðal þeirra fjölmörgu sem syrgðu söngvarann voru fyrrnefndur Jack Nicholson, leikararnir Tom Selleck og Sophia Loren, tónlistarmaðurinn Bob Dylan og forsetafrúin fyrrverandi Nancy Reagan. Í kistuna munu aðstandendur hafa komið fyrir ýmsum munum: Tootsie Rolls-karamellum, Life Saver-mintutöflum, tyggigúmmíi, flösku af Jack Daniels-viskíi, pakka af Camel Lights og Zippo-kveikjara auk 25 senta smápenings, ef ske kynni að Sinatra þyrfti að hringja símtal hinum megin. Á legsteininn var áletrað „The Best Is Yet To Come" eftir einu lagi söngvarans.

Breski skemmtikrafturinn Spike Milligan hafði líka ákveðnar óskir um áletrun á legsteini sínum. Þegar hann lést árið 2002 gáfu kirkjugarðsyfirvöld ekki þó leyfi fyrir að setningin „Ég sagði ykkur að ég væri veikur" færi á legsteininn. Málamiðlunartillaga, írska þýðingin „Dúirt mé leat go raibh mé breoite" varð því ofan á í bókstaflegri merkingu.

## ÞRÍR MEISTARAR



### Hjartað heldur áfram

Pólska tónskáldið **Frédéric Chopin** lést eftir langvinn veikindi í París árið 1849. Áður en Chopin var grafinn í París var hjartað úr honum fjarlægt, samkvæmt hinstu bón tónskáldsins, og varðveitt í krukku sem var full af alkóhóli. Systir Chopin smyglaði síðan krukkunni til Varsjár, höfuðborgar Póllands, þar sem hjartað var múrað inn í stólpa í Kirkju heilaga krossins þar í borg.

### Ósæmileg meðferð á ösku?



Í laginu Black Jesus með Tupac Shakur, sem var skotinn til bana í Las Vegas árið 1996, er að finna eftirfarandi textabrot: „Last wishes, n****s smoke my ashes." Þegar líkið af Tupac var brennt ákváðu félagar rapparans í sveitinni Outlawz að hlíta þessum fyrirmælum. „Við skelltum okkur á ströndina með duftkerið og tókum með fullt af hlutum sem Tupac elskaði, slatta af grasi, kjúklingavængi, appelsínugos og fleira. Svo blönduðum við öskunni í grasið, bjuggum til feita jónu og reyktum hann," sagði Outlawz-meðlimurinn Noble nýlega í viðtali. Félagi hans EDI Mean bætti við: „Hann bað um að askan sín yrði reykt. Var honum alvara? Við tókum hann að minnsta kosti alvarlega."

Þá gekkst gítargoðsögnin Keith Richards úr Rolling Stones við að hafa blandað ösku Berts, föður síns, út í kókaín og tekið í nefið skömmu eftir andlát hins síðarnefnda árið 2002. Reyndar dró Richards frásögnina til baka stuttu síðar og sagðist í raun hafa notað öskuna sem áburð fyrir eikartré í garðinum sínum. Hægur leikur er að trúa hvorutveggja upp á rokkarann.





UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKU

VERÐHRUN!

# SÍÐASTA HELGIN!

# RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 11-18 ALLA DAGA**

1.000 TITLAR UNDIR 1.000 KR.

BARNABÆKUR VERÐ FRÁ 490,-

ALLIR KRAKKAR FÁ GEFINS BÓK!

ALLIR SEM VERSLA FÁ ÓKEYPIS BÓK!

Mikið úrval hljóðbóka!

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




~~3.990,-~~ 1.990,-




~~2.490,-~~ 895,-




~~2.950,-~~ 1.250,-




~~8.890,-~~ 2.990,-




~~2.490,-~~ 990,-




SÉRTILBOÐ

~~3.990,-~~ 490,-




~~3.490,-~~ 990,-




~~2.980,-~~ 690,-




~~3.490,-~~ 1.990,-




~~3.990,-~~ 990,-




~~1.990,-~~ 690,-




~~3.990,-~~ 1.990,-

Bókafélagið Ugla · BÆ Bókaútgáfan Æskan · CRYMOGEA · Setberg · Tindur Bókaútgáfa · Opna · Bókaútgáfan Hólar · Bókafélagið · ÚTKALL · Vestfirska forlagið · Háskólaútgáfan

Uppheimar · HLJÓÐBÓK.IS · Sögur · Ormstunga · heimur · VERÖLD · SKRUDDA · Salka · Óðinsauga · Unga ástin mín · BJARTUR

# Krossgáta

**Lárétt**

**6:** Launráð byrgi söngfugl (7)
**9:** Styrkjandi fyrir verkalýðinn (6)
**10:** Mannvirki úr spýtu er drasl (9)
**12:** Merkið við 97,7 (4)
**13:** Stela frá sorglegum (8)
**14:** Heimskt á við krónprins eða jafnvel plöntu (12)
**17:** Barin læra að afrugla hreiður fugls (9)
**18:** Fríður og frávita er hræsnin uppmáluð (11)
**19:** Lokki litla japanska með sætindum (9)
**21:** Frá hyljandi til hins gagnstæða (10)
**24:** Þangað fara hnöttóttu frjálsíþróttafuglarnir til þess að fjölga sér (12)
**29:** Kaka úr röndóttu lérefti? (8)
**30:** Keyri röð yfir akurinn (6)
**32:** Mók á erlendri heimavist (4)
**35:** Snákur á Suðurheimskautinu er sníkjudýr (9)
**36:** Svörður og heiður hindra för (7)
**38:** Stendur ekki rétt að sókninni (10)
**39:** Áberandi í landslagi, brókarlindi bergrisa? (11)
**40:** Kemur sér vel fyrir hjá Hreiðari (8)

**Lóðrétt**

**1:** Tófur týna tölunni fyrir innri mótsagnir (8)
**2:** Undirförul húðfletta nefnd (6)
**3:** Gríðarlega hávært klaufdýr? (4)
**4:** Verða okkar þegar dagarnir lengjast (5)
**5:** Barmar og hörfar (6)
**6:** Set gallana á klyfjahestana (7)
**7:** Finn ónýta bifreið í Tívolí (9)
**8:** Snyrtir hár hvers á fætur öðrum upp í skuld (10)
**10:** Má leggja grunnhyggnu glysguttana á hrossin? (8)
**11:** Vatn á föstu formi er útbreitt og altalað hérlendis (8)
**15:** Amboð í miðri belju er eyja (5)
**16:** Spyr Eyvind: Lumarðu á kúbönskum? (7)
**19:** Glápir á strá (6)
**20:** Sár og sódi mynda snúna lausn (5)
**22:** Helmingur slöngu leiðir til ókláraðra (9)
**23:** Legg spilabunka á borðið og fer yfir hann til að komast í land (9)
**25:** Íþrótt og innyfli nýtast til dýptarstýringar (9)
**26:** Stoppa skepnu frá S-Ameríku (7)
**27:** Hafa ákveðið að tala í kór (8)
**28:** Vitlausir í mót, segir langamma (8)
**31:** Hér segir frá maðki sem er grænmetisæta með einfaldan smekk (7)
**33:** Turn 50 snýr uppá sig (6)
**34:** Hamri á rétti sínum (6)
**37:** Aha, bilaður skipper (4)





| R | U | N | N | A | M | U | R | A |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

Lausnarorð síðustu viku var runnamura.

## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi gjafakörfu frá Te og kaffi að verðmæti 5.000 kr.. Vinningshafi síðustu viku var **Þórey Ketilsdóttir**, Akureyri.

## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist afar mikilvægt hugtak eða fyrirbæri. Sendið lausnarorðið fyrir 12. október næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „8. október".


HEILSUGÆSLAN

**Bólusetning gegn árlegri inflúensu**

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins vill vekja athygli á því að skipulögð bólusetning gegn inflúensu hefst á heilsugæslustöðvum mánudaginn 10. október 2011. Bóluefnið myndar mótefni gegn þremur inflúensuveirustofnum þ.á m. svonefndri svínainflúensu.

Hverjum er einkum ráðlagt að láta bólusetja sig?

- Öllum sem orðnir eru 60 ára
- Öllum, bæði börnum og fullorðnum, sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Starfsfólki heilbrigðisþjónustu sem daglega annast fólk með aukna áhættu.
- Þunguðum konum

Þeir sem tilheyra ofangreindum hópum fá bóluefnið sér að kostnaðarlausu en greiða komugjald samkvæmt reglugerð nr. 1042 / 2010. Fyrirkomulag bólusetningar getur verið mismunandi milli heilsugæslustöðva. Vinsamlegast leitið upplýsinga á vef Heilsugæslunnar **www.heilsugaeslan.is**, eða hafið samband við hlutaðeigandi heilsugæslustöð.

| | |
|---|---|
| Heilsugæslan Árbæ, Reykjavík | s: 585 7800 |
| Heilsugæslan Efra-Breiðholti, Reykjavík | s: 513 1550 |
| Heilsugæslan Efstaleiti, Reykjavík | s: 585 1800 |
| Heilsugæslan Fjörður, Hafnarfirði | s: 540 9400 |
| Heilsugæslan Garðabæ | s: 520 1800 |
| Heilsugæslan Glæsibæ, Reykjavík | s: 599 1300 |
| Heilsugæslan Grafarvogi, Reykjavík | s: 585 7600 |
| Heilsugæslan Hamraborg, Kópavogi | s: 594 0500 |
| Heilsugæslan Hlíðum, Reykjavík | s: 585 2300 |
| Heilsugæslan Hvammi, Kópavogi | s: 594 0400 |
| Heilsugæslan Miðbæ, Reykjavík | s: 585 2600 |
| Heilsugæslan Mjódd, Reykjavík | s: 513 1500 |
| Heilsugæsla Mosfellsumdæmis | s: 510 0700 |
| Heilsugæslan Seltjarnarnesi | s: 561 2070 |
| Heilsugæslan Sólvangi, Hafnarfirði | s: 550 2600 |
| Heilsugæslan Lágmúla 4, Reykjavík | s: 595 1300 |
| Heilsugæslan Salahverfi, Kópavogi | s: 590 3900 |

Búast má við að bólusetning geti veitt a.m.k. 70% vörn gegn sjúkdómnum auk þess sem hann verður vægari hjá þeim í hópi bólusettra sem veikjast. Þeim sem leita vilja ráðgjafar er bent á sína heilsugæslustöð.

Frekari upplýsingar er að finna á vef Heilsugæslunnar, **www.heilsugaeslan.is**
Fræðsluefni um inflúensu má finna á vef landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is

Reykjavík, 8. október 2011

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins**
**Álfabakka 16, 109 Reykjavík sími 585 1300 www.heilsugaeslan.is**


Í ÞÁ TÍÐ: 1957

# Jerry Lee Lewis tekur upp Great Balls of Fire

**Ein af perlum rokksins sett á vínyl í Sun-upptökuverinu.**

Fyrir réttum 54 árum, hinn 8. október árið 1957, lauk rokkarinn og ólátabelgurinn Jerry Lee Lewis upptökum á sínum stærsta smelli, Great Balls of Fire.

Lewis hafði árið áður lagt leið sína í Sun upptökuverið í Memphis, þar sem Elvis Presley hafði skömmu áður fundið frægðina, og hann var ekki lengi að ná eyrum fjöldans, þar sem lagið Whole Lotta Shakin' Going on sló í gegn og seldi um milljón plötur til rokkþyrstra ungmenna um öll Bandaríkin.

Nú var komið að því að láta kné fylgja kviði, en Lewis, sem var kominn af ákaflega guðhræddu fólki, átti afar erfitt með að samræma trú sína og hina æsilegu tónlist og texta sem hann bjó til.



Sam Phillips, upptökustjórinn frægi hjá Sun, hvatti Lewis áfram í hljóðverinu og sagði að tónlistin gæti bjargað sálum hlustenda. Upptökurnar eru enn til af samskiptum þeirra tveggja þar sem Lewis kallar hátt: „Hvernig getur fjandinn bjargað sálum? Fjandinn býr innra með mér!"

Skömmu síðar virtist sem Lewis hefði náð innri sátt og rétt áður en hann renndi í lagið sagði hann við Phillips: „Ertu tilbúinn?"

Great Balls of Fire varð, eins og allir vita, risasmellur og tók unglinga með trompi. Það voru ekki aðeins lögin, heldur var það sviðsframkoma Lewis sem gerði hann svo einstakan í hópi samtíðarmanna sinna í frumkvöðlasveit rokksins. Hann hoppaði og skoppaði og snerist eins og óður væri um allt sviðið og tryllti með því lýðinn.

Árið eftir féll allverulega á stjörnugljáann þegar í ljós kom að Lewis, þá 22ja ára, hafði gengið að eiga 13 ára náfrænku sína, þau skildu 13 árum síðar. Hann naut engu að síður mikillar hylli um allan heim og kom meðal annars til Íslands á níunda áratugnum og spilaði á Broadway.

Lewis er nú 76 ára gamall og hefur ekki komið mikið fram í seinni tíð en er enn minnst sem einhvers magnaðasta rokktónlistarmanns allra tíma.

**- þj**

*Heimild: History.com*



ÚTILÍF
Reetone
reebok.is
Karen, Hamburg, Production Manager.
TrainTone fan from Day 1.
© 2011 Reebok International Ltd. Reebok®, EasyTone®, TrainTone® and ResisTone™ bands are trademarks of Reebok International Ltd.
20% afsláttur af Reebok
Kynning á Reebok fatnaði og skóm
Útilíf Smáralind
Laugardaginn 8.október kl 13-15
Tilboð gildir til 10.10.11
STYRKTU RASS OG LÆRI MEIRA Á HVERRI ÆFINGU MEÐ TRAINTONE.
EINNIG FÁANLEGIR RUNTONE FYRIR HLAUPIN OG EASYTONE TIL DAGLEGRAR NOTKUNAR.
TRAINTONE
Reebok
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# tímamót

timamot@frettabladid.is



51 **BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR** rektor er 51 árs í dag.

*„Börnin manns skipta mestu máli og svo það að vera samferða sjálfum sér í lífinu og við góða heilsu.“*

## Merkisatburðir

1720 Skriða fellur úr Vatnsdalsfjalli í Húnavatnssýslu á tvo bæi og farast sex manns.

1910 Áhöfn ensks togara rænir hreppstjóra og sýslumanni Barðstrendinga og fer með þá til Englands.

1967 Che Guevara er handtekinn í Bólivíu.

1969 Leikskáldið Peter Ustinov er viðstaddur frumsýningu í Þjóðleikhúsinu á verki sínu, Betur má ef duga skal.

1994 Breski söngvarinn Donovan skemmtir í Þjóðleikhúskjallaranum.

2001 Arnold Schwarzenegger er kosinn ríkisstjóri Kaliforníu.

2005 Gífurlegur jarðskjálfti skekur löndin Pakistan, Afganistan og Indland norðanverð og veldur dauða sjötíu þúsunda.

**ÞETTA GERÐIST:** 8. OKTÓBER 1977

## *Málflutningi lauk í sakamáli*

Tuttugu og níu klukkustunda málflutningi í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu lauk þennan dag árið 1977.

Upphaf málsins má rekja til hvarfs Geirfinns Einarssonar 19. nóvember 1974. Síðar blandaðist inn í málið hvarf Guðmundar Einarssonar aðfaranótt 25. janúar sama ár.

Fjögur ungmenni voru hneppt í gæsluvarðhald og höfð í haldi svo mánuðum skipti. Sakborningarnir sættu það miklu harðræði í fangelsinu að Þjóðverjinn Karl Schütz, sem var fenginn til að stýra rannsókn málsins, lýsti því yfir að það hefði minnt sig á blómatíma nasismans.

Ungmennin bentu á fjóra þekkta menn sem flestir tengdust skemmtistaðnum Klúbbnum og voru þeir líka í gæsluvarðhaldi í marga mánuði.



**FATAHÖNNUNARFÉLAG ÍSLANDS:** OPNAR AFMÆLISSÝNINGU Í GERÐARSAFNI

# Fyrstu Indriðaverðlaunin veitt

Áratugur af tísku nefnist sýning Fatahönnunarfélags Íslands sem opnuð verður í dag klukkan 17 í Gerðarsafni í Kópavogi af Hafsteini Karlssyni, formanni Menningar- og þróunarráðs Kópavogs. Tilefnið er notað til að veita svonefnd Indriðaverðlaun í fyrsta sinn. Þau eru kennd við Indriða Guðmundsson klæðskera, sem var einn af stofnendum félagsins fyrir tíu árum en lést 2006, aðeins fertugur að aldri. „Indriði var merkur maður og þekktur fyrir gæði og fagmennsku í starfi. Okkur finnst við hæfi að heiðra minningu hans,“ segir Brynhildur Þórðardóttir, hönnuður og formaður afmælisnefndar. Hún segir Epal hafa styrkt félagið í gerð verðlaunagripsins en ekki fæst hún til að ljóstra því upp hver hljóti hann. „Það kemur í ljós síðdegis,“ segir hún sposk og bætir við að Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands, afhendi verðlaunin og ávarpi gesti.

Þrjátíu og átta fatahönnuðir af þeim sjötíu sem starfa á landinu taka þátt í sýningunni, auk þess sem gripir til minningar um Indriða klæðskera verða til sýnis. „Allir félagsmenn höfðu tækifæri til að vera með,“ tekur Brynhildur fram og segir þá hafa fjölbreytt starfssvið, sumir hanni undir eigin merki, aðrir fyrir stór fyrirtæki og enn aðrir fáist við búningahönnun í leikhúsunum og víðar. Jóna Hlíf Halldórsdóttir myndlistarmaður er sýningarstjóri. „Okkur fannst gaman að fá sýn myndlistarmannsins á uppsetningu fata og fylgihluta, hún passar líka svo vel af því að sýningin er í listasafni,“ segir Brynhildur.

Gróska hefur verið í fatahönnun hér á landi þann áratug sem liðinn er frá stofnun félagsins. „Það er bylgja í heiminum í þessa átt,“ segir Brynhildur. „Norræn löndin hafa lengi verið þekkt fyrir vöruhönnun og eru alltaf að sækja í sig veðrið í fatahönnun. Íslendingar eru þar engir eftirbátar. Fatahönnunardeildin í Listaháskólanum hefur komið sterk inn og íslenskir fatahönnuðir sækja líka menntun sína til Englands, Frakklands, Bandaríkjanna, Belgíu og Danmerkur svo áhrifin koma víða að.“

Sýningin í Gerðarsafni stendur til 13. nóvember. Ýmsir viðburðir verða um helgar meðan á henni stendur, stefnumót við hönnuði, sýningarstjóraspjall og fyrirlestrar. gun@frettabladid.is



**FORMAÐUR AFMÆLISNEFNDAR** Brynhildur er textíl- og fatahönnuður og rekur fyrirtækið Luka Art Design ásamt manni sínum Rúnari Leifssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, besti vinur, faðir og stjúpfaðir,*

**Ingvar Ólafsson**
tölvunarfræðingur,
Sæbólsbraut 24, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 6. október á gjörgæsludeild Landspítalans. Jarðarför auglýst síðar.

**Kolbrún Olgeirsdóttir**
**Kristín Sóley Ingvarsdóttir**
**Kristófer Guðni Ingvarsson**
**Ásgeir Bjarni Ingvarsson**
**Ester Brynjólfsdóttir**
**Örn Brynjólfsson** **Birgitta Ásbjörnsdóttir**
**Askja, Hekla og Katla**
**Guðmundur Þór Brynjólfsson** **Ragnheiður Benediktsdóttir**

---



†

*Þökkum af alhug öllum þeim sem sýndu samúð og vinarhug við andlát og útför okkar elskulegu eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Huldu S. Þórðardóttur**
Drápuhlíð 37, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 11B og 11E á Landspítalanum við Hringbraut, Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, Karítas heimaþjónustu og starfsfólki líknardeildar Landakotsspítala fyrir fagmannlega og umhyggjusama umönnun í veikindum hennar.

**Jóhannes Gunnarsson**
**Jón Albert Sigurbjörnsson** **Lára Guðmundsdóttir**
**Ómar Jóhannesson** **Inga Hannesdóttir**
**Guðrún Jóhannesdóttir**
**Kristín Jóhannesdóttir** **Magnús Rúnar Magnússon**
**Gunnlaugur Jóhannesson** **Elín Þ. Pétursdóttir**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gunnars Sæmundssonar**
Birkihvammi 5, Kópavogi.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki A-7 Landspítala Fossvogi fyrir einstaka umönnun og hjartahlýju. Guð blessi ykkur öll.

**Ásta Halldóra Ágústsdóttir**
**Ágúst Þ. Gunnarsson** **Hólmfríður Sigurðardóttir**
**Ólafur S. Gunnarsson**
**Hulda B. Gunnarsdóttir** **Helgi Valberg**
**Sigurlaug Gunnarsdóttir** **Hafsteinn G. Haraldsson**
**Gunnhildur Gunnarsdóttir** **Rannver Eðvarðsson**
**Valdimar G. Gunnarsson** **Katrín Einarsdóttir**
**Gunnar Gunnarsson** **Anna María Bjarnadóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu móður, tengdamóður, systur ömmu og langömmu,*

**Þóru Níelsínu Helgu Hákonardóttur**
Grettisgötu 64, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólkið hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Guð blessi ykkur öll.

**Helga Dagmar Jónsdóttir**
**Snjólaug Petrína Sveinsdóttir** **Jónas Þór Jakobsson**
**Guðrún Margrét Sveinsdóttir**
**Auður Sveinsdóttir** **Jóhann Valgeir Jónsson**
**Kristín Sveinsdóttir** **Guðmundur Unnarsson**
**Áslaug Sveinsdóttir** **Björn Grétar Þorsteinsson**
**Hákon Sveinsson**
**Haraldur Hákonarson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Bergur Jónsson**
rafmagnsverkfræðingur,
Löngulínu 27, Garðabæ,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 11. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjálparsveit skáta í Reykjavík (landsbjorg.is), MS-félagið (s.: 568 8620) eða aðrar líknarstofnanir.

**Ingunn Guðmundsdóttir**
**Magnús Bergsson** **Guðrún Elín Guðnadóttir**
**Bergþóra Bergsdóttir** **Reynir Þór Sigurðsson**
**Jón Örn Bergsson**
**Ásgerður Bergsdóttir** **Högni Sigurþórsson**
**og barnabörn.**

FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR

# FARTÖLVUR

NÝJAR VÉLAR • SÝNINGARVÉLAR • NOTAÐAR VÉLAR

# RÝMINGARSALA

AÐEINS 3 DAGAR EFTIR - TAKMARKAÐ MAGN

ASUS TOSHIBA msi acer ASUS TOSHIBA msi acer

DÆMI 1
69.990
ASUS




DÆMI 2
99.990
acer




DÆMI 3
109.990
TOSHIBA




60 GERÐIR AF FARTÖLVUM!

VERÐ FRÁ 34.990 - ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR - OPIÐ FRÁ 11-16 Í DAG

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ragnheiðar Malmquist Hjartardóttur**

frá Lækjamóti í Fáskrúðsfirði.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rósa Margrét Steingrímsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 3. október sl. Útför hennar verður frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 12. október kl. 15.

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir** **Bolli Þórsson**
**Steingrímur Eyfjörð** **Laufey Elíasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Kristjánsson**

Keldulandi 11, Reykjavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 1. október, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 10. október kl. 13.00.

**Gísli Már Gíslason** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Halldóra Gísladóttir** **Eiríkur Líndal**
**Anna Gísladóttir** **Kjartan Örn Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar ástkæri*

**Þorsteinn Steingrímsson**

Eyjabakka 14, Reykjavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 5. október. Útförin auglýst síðar.

**Kristrún Ellertsdóttir**
**Kolbrún Þorsteinsdóttir** **Matthías Loftsson**
**Þorsteinn Rúnar Kjartansson** **Arna Huld Sigurðardóttir**
**Lilja Björg Kjartansdóttir** **Erlendur Ingi Jónsson**
**og barnabarnabörn.**

---



*Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,*

**Halldóra Eyjólfsdóttir**

frá Tumakoti, til heimilis að Vesturbrún 15, Reykjavík,

sem lést 2. október, verður jarðsungin frá Áskirkju þriðjudaginn 11. október kl. 13.00.

**Steinar Gunnbjörnsson** **Þuríður Snorradóttir**
**Ásthildur Thorsteinsson** **Gunnar Bjarnason**
**Helga Thorsteinsson**
**Margrét Thorsteinsson** **Jón Sigurðsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

# Brospinnar fyrir bættum aðbúnaði

Brospinnar verða seldir á völdum stöðum um helgina og fram á Alþjóðageðheilbrigðisdaginn, sem er á mánudag. Þeir komu fyrst fram á sjónarsviðið í fyrra. Að baki þeim stendur Brospinnafélagið, sem er áhugahópur um bættan aðbúnað á geðdeildum, skipaður af starfsmönnum geðdeilda Landspítala. Niðurskurður hefur haft veruleg áhrif á starf þeirra og starfsumhverfi, auk þess sem geðdeildirnar hafa verið í umræðunni fyrir slæman aðbúnað. Hópurinn ákvað að leggja töluvert á sig í sjálfboðavinnu til þess að bæta aðbúnaðinn. Brospinnarnir voru seldir í fyrsta skipti á götum borgarinnar í fyrra og voru viðtökurnar góðar. Í kjölfarið var félagið stofnað.



JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

„Allur ágóði af sölu brospinnanna í ár mun renna til geðdeilda Landspítalans til að bæta aðbúnað sjúklinga og starfsfólks," segir Jórunn Frímannsdóttir, hjúkrunarfræðingur á deild 12 á Kleppsspítala. „Þeir kosta þúsund krónur stykkið og fást í fjórum gerðum. Þeir verða meðal annars seldir í verslunarmiðstöðinni í Mjódd, Í Kringlunni, á Eiðistorgi, í Holtagörðum og IKEA. Þá er hægt að nálgast þá á vefnum www.brospinnar.is þar sem söfnunarreikning er einnig að finna."

Í tilkynningu frá félaginu segir: „Þegar Kleppsspítali opnaði var eitt af markmiðunum að búa hinum veiku mannsæmandi dvalarstað. Stóra húsið, sem stendur nú á Kleppi, var reist skömmu eftir stríð en síðan hefur íbúðarhúsum, endurhæfingar- og skrifstofubyggingum verið bætt við. Geðdeildirnar við Landspítalann við Hringbraut voru opnaðar árið 1979. Húsnæðiskostur Geðsviðs Landspítalans er því orðinn áratugagamall. Það sem einu sinni var nýtt, verður gamalt og þarf að endurnýja en ljóst er miðað við fjárhag ríkisins að svo mun ekki verða í náinni framtíð."

Þar segir einnig að starfsmönnum Geðdeilda Landspítalans sé annt um velsæld og vellíðan skjólstæðinga sinna. Þeir vita sem er að það skiptir máli að skapa heimilislegt og hlýlegt umhverfi til þess að auka lífsgæði notenda geðdeilda á meðan þeir liggja inni. „Bæði innréttingar og húsmunir á flestum deildum eru komnir til ára sinna og margir upprunalegir og máðir eftir því, auk þess sem umhverfið er fremur stofnanalegt og hafa margir notendur kvartað."



**FYRIR FULLORÐNA OG BÖRN** Brospinnarnir fást í fjórum mismunandi gerðum.

---

# Ætlaði alltaf að gera betur en aðrir

HaPP Lúxemborg var kjörinn besti heilsuveitingastaður Lúxemborgar á ráðstefnu hjá Explorator þann 6. október en það fyrirtæki gefur árlega út leiðbeiningarbók um veitingahús borgarinnar. Frá árinu 1994 hefur það veitt veitingastöðunum verðlaun fyrir gæði matar og þjónustu og í ár voru tæplega 600 veitingastaðir verið heimsóttir af fulltrúum þess.

„Í ljósi mikillar matarmenningar og fjölda veitingahúsa í Lúxemborg er viðurkenningin afskaplega ánægjuleg. Til að mynda eru hvergi jafn margir Michelinstjörnu veitingastaðir á hvern íbúa og þar," segir Lukka Pálsdóttir sem stofnaði fyrsta HaPP eldhúsið í kjallaranum heima hjá sér árið 2006. Hún segir viðurkenninguna koma á óvart en kveðst samt alltaf hafa ætlað að gera vel og helst betur en aðrir. „Það er gaman að einhver skuli upplifa það þannig," segir hún ánægjuleg.

HaPP rekur þrjá heilsuveitingastaði, tvo í Reykjavík, í Austurstræti og Höfðatúni og þann þriðja í Lúxemborg. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 30 manns.

- gun



**STJÖRNUVERT** Lukka Pálsdóttir í veitingastaðnum á Höfðatorgi en hún opnaði fyrsta HaPPeldhúsið í kjallaranum heima hjá sér 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinbjörn Markússon**

kennari,

verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 11. október kl. 13.00.

**Anna Jónsdóttir**
**Bjartmar Sveinbjörnsson** **Halldóra Kristín Gunnarsdóttir**
**Sigrún Sveinbjörnsdóttir** **Brynjar Ingi Skaptason**
**Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir** **Davíð S. Óskarsson**
**Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir** **Sigurður Þórir Sigurðsson**
**Hrafn Sveinbjarnarson**
**Björn Ragnar Sveinbjörnsson** **Majken Hammer**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Elsku fjölskylda og vinir, hjartans þakkir til ykkar allra sem sýndu okkur stuðning og vinarhug við fráfall okkar elskulega sonar, kærasta, bróður, mágs, dóttursonar og frænda,*

**Finns Dórs Þórðarsonar**

Lúxemborg.

**Þórhildur Hinriksdóttir** **Þórður Sigurjónsson**
**Jess Andree**
**Sigurjón Þórðarson** **Jóhanna Jakóbsdóttir**
**Ólöf Dís Þórðardóttir** **Birgir Örn Björnsson**
**Harpa Rún Þórðardóttir** **Rom Bucholtz**
**Ólöf Jóhannsdóttir**
**Þórður Ingi, Ari, Daniel Snær, Matthis og Björn Hinrik.**

---



*Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Herdís Jónsdóttir**

kennari,
Auðbrekku 29, Kópavogi,

lést á heimili sínu að kvöldi þriðjudagsins 4. október. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 14. október kl. 15.00.

**Halldór Snorri Gunnarsson**
**Berglind Björk Halldórsdóttir, Hannes Þór Baldursson**
**Svanhildur Sif Halldórsdóttir, Hjalti Geir Pétursson**
**Lovísa Lára Halldórsdóttir, Ársæll Rafn Erlingsson**
**Gunnar Már Halldórsson og ömmubörnin þrjú.**

---



*Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur fjölskyldunni samhug og vináttu við andlát okkar ástkæru*

**Fjólu Guðmundsdóttur**

frá Böðmóðsstöðum í Laugardal, áður húsfreyju að Auðbrekku í Hörgárdal.

Sérstakar þakkir sendum við Heimahlynningu á Akureyri og starfsfólki á Lerki- og Beykihlíð fyrir einstaka umönnun og alúð í veikindum hennar.

**Karólína Stefánsdóttir** **Höskuldur Höskuldsson**
**Guðmundur Valur Stefánsson** **Adelia Santos Mondlane**
**Valþór Stefánsson** **Anna Sigurbjörg Gilsdóttir**
**Lilja Stefánsdóttir** **Hörður Hafsteinsson**
**Hildur Stefánsdóttir** **Guðjón Magni Jónsson**
**Gunnhildur Fjóla Valgeirsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**


HJÓNABANDSSÆLA
Með Eddu Björgvinsdóttur
og Þórhalli (Ladda) Sigurðssyni
eftir Michele Riml
„Laddi fannst mér algjörlega frábær í sínu hlutverki og ég væri til í að sjá hann í fleiri „mannlegum“ hlutverkum. Ef Woddy Allen gerði mynd á Íslandi myndi hann eflaust ráða Ladda í hlutverk.“
„Edda Björgvins var í flottu formi og skemmtileg að vanda. Karakterinn Lísa á sér samhljóm hjá ótal konum.“
- Margrét Gústavsdóttir dv.is
GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS
Miðasala á www.gamlabio.is eða á www.midi.is
Fös. 7. okt - Uppselt
Lau. 8. okt - Uppselt
Sun. 9. okt - Örfá sæti laus
Lau. 15. okt - Örfá sæti laus
Sun. 16. okt
Fim. 20. okt
Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opið Lau - Sun 14:00-20:00 Mið - Fös 16:00-20:00)

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**HVAÐ HAFA LJÓN STÓRAR TENNUR?** Er geimurinn endalaus? Svör við þessum og fleiri spurningum eru á vísindavef Háskóla Íslands, sem er tilvalinn fyrir fróðleiksþyrsta krakka. Slóðin er www.visindavefur.hi.is/

## Fjallabúinn Róbert fer til byggða 3

Bragi Halldórsson

„Ja hérna," sagði Róbert hneykslaður eftir að hafa rýnt í stafasúpuna. „Og hvað lærið þið annað en stafasúpugerð í skólanum?" „Við lærum að telja," svaraði Konráð hróðugur. „Hér er ég til dæmis með einn blýant og þú annan, það eru samtals tveir blýantar, ekki satt?" „Er þetta að telja?" spurði Róbert og dæsti. „Þetta liggur nú alveg í augum uppi." Lísaloppa benti á borðið fyrir framan þau. „Hér liggja margir blýantar," sagði hún. „Getur þú talið hvað þeir eru margir Róbert?" Róbert renndi augunum yfir borðið. „Blýantasúpa, það var svo sem auðvitað," sagði hann. „Skóli virðist allur snúast um matargerð."

Getur þú talið hversu margir blýantar eru í þessari blýantasúpu á borðinu?



# RÓSENBERG MÁ ALLS, ALLS EKKI SJÁ ÞETTA

**Álfurinn Skotta verður í Stundinni okkar í vetur ásamt vini sínum Rósenberg, sem verður önugur ef hann er kallaður annað en skoffín. Hún er nýflutt og er búin að banka upp á hjá öllum í blokkinni og knúsa.**



**Hvað heitirðu?** Sunna Karítas Oktavía Torfhildur Tildurrófa Aðaldal. En ég er alltaf kölluð Skotta. Ég er ekki með skott eða neitt svoleiðis. Ég er bara alltaf eitthvað að... skottast!

**Hvar áttu heima?** Ég er frá álfheimum en bý núna í blokk í Álfheimum í mannheimum.

**Hvað heita bestu vinir þínir?** Besti vinur minn er eiginlega Rósenberg. En svo á ég tvo nýja vini sem heita Ása og Gunnar. Þau koma stundum í heimsókn til mín.

**Þú ert nýflutt og ert að taka upp úr kössum – hvað leynist í kössunum þínum?** Spiladósin mín og svo allir kökubaukarnir mínir. Svo er það steinasafnið mitt og skuggsjáin mín, sem ég nota meðal annars til að ná upplýsingum úr loðinlumpunum sem pabbi sendir.

**Þekkirðu einhvern í blokkinni sem þú ert flutt í?** Já, alla! Það fyrsta sem ég gerði þegar ég flutti inn var að banka á allar dyr og faðma íbúana.

**Hvað borðarðu í morgunmat?** Hmmm. Ég er mjög hrifin af ávöxtum. Svo finnst mér góðgæti óskaplega gott. Það eru sérstakar álfasmákökur sem pabbi minn bakar.

**Horfirðu einhvern tímann á sjónvarpið og hvað horfirðu þá á?** Ég á ekki svoleiðis en ég hef heyrt Gunnar tala um það. Líklega verð ég að fara að kynna mér það almennilega.

**Hvað ætlarðu að gera í dag?** Í dag ætla ég að klára að setja dagblaðið mitt saman og prenta það. Svo dreifi ég því í fyrramálið. Það heitir Gleðitíðindi og er mjög skemmtilegt blað, þótt ég segi sjálf frá.

**Hvers óskarðu þér í afmælisgjöf?** Mig langar í ný gúmmístígvél. Það kom gat á mín og það er svolítið óþægilegt að vera í lekum stígvélum.

**Hvað kanntu sem enginn annar kann?** Ég kann að blanda ótrúlega góðan og fallega bláan ávaxtasafa sem bragðast mjög vel með góðgæti. Ég bjó uppskriftina til sjálf!

**Hvort finnst þér skemmtilegra í sveit eða borg?** Bæði hafa sína kosti. Í borginni er svo margt fólk. Mér finnst fólk nefnilega svo skemmtilegt. Svo er yfirleitt aðeins rólegra í sveitinni, sem er gott líka. Mér finnst líka gott að hafa mikið af gróðri í kringum mig.

**Er úlfurinn þinn góður?** Eða er þetta ekki annars úlfur? Uss, hann má alls ekki sjá þetta! Hann er alls, alls ekki úlfur og ekki köttur og ekki hundur. Rósenberg er nefnilega skoffín, sem þýðir að mamma hans var læða og pabbi hans refur. Hann verður mjög önugur ef einhver segir að hann sé eitthvað annað en skoffín.



## BRANDARAKISTAN

**Móðir býr til kvöldmat og lætur son sinn Konráð vita að hann sé til. „Flýttu þér nú, viltu ekki heita pitsusneið?!"**
**Konráð var ekki seinn til svars: „Nei, ég vil bara heita Konráð."**

**Einu sinni voru tveir tómatar að labba yfir götu. Allt í einu krýpur annar tómaturinn niður á jörðina og lýtur höfði. Hinn spyr hvað hann sé eiginlega að gera. Sá krjúpandi svarar: „Votta látnum bræðrum okkar virðingu."**

**Gréta kemur heim eftir fótboltaæfingu.**
**Móðir hennar: „Hvernig gekk?"**
**Gréta: „Vel. Ég skoraði sex mörk."**
**Móðirin: „Hvernig fór leikurinn?"**
**Gréta: „Þrjú-þrjú."**

**Maður við þjón á veitingastað: „Ég er búinn að bíða í klukkutíma eftir skjaldbökusúpunni minni!"**
**Þjónninn: „Þú veist hvað skjaldbökur eru hægfara."**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***




## Allt í myrkri?

Snemma morguns dreifa um 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu heim til lesenda.

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu þarf lýsing að vera til staðar og aðkoma að póstlúgu í lagi.

Höfum útiljósin kveikt.

Með fyrirfram þökk,

Póstdreifing

Sími: 585 8300 www.postdreifing.is


## Logi og Glóð heimsækja leikskólana

Slökkviálfarnir Logi og Glóð eru sérlegir aðstoðarmenn slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu. Nú eru þau á ferðinni með slökkviliðinu um bæinn og ætla að heimsækja leikskólabörn í 160 leikskólum.

Logi og Glóð fræða krakkana og starfsfólkið á leikskólunum um eldvarnir og starf slökkviliðsmanna og minna líka foreldra á að hafa eldvarnir í lagi á heimilinu. Slökkviliðsmennirnir hitta elsta árganginn í hverjum leikskóla og sýna þeim ýmsan búnað sem þeir nota við að slökkva eld. Þá fá krakkarnir að gjöf ísskápasegul og plakat með mynd af Loga og Glóð. Krakkarnir fá líka möppu sem heitir Slökkviliðið mitt með alls konar skemmtilegum verkefnum til að taka með heim.




Slökkviálfarnir Logi og Glóð heimsækja leikskólakrakka með slökkviliðinu.


GEGGJUÐ MEGA
LAGERSALA
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
Tréleikföng
LÁGMARK 50% AFSLÁTTUR
Púsluspil
499 ÁÐUR 1.490
Syrpa
SJÁÐU VERÐIÐ
499 ÁÐUR 999
Blásturslitir
LÁGMARK 50% AFSLÁTTUR
Blindrammar
LAGER SALA
Takmarkað magn
160 GB Playstation 3
49.999
áður 59.999
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU !!
Ion plötuspilari
17.999
áður 24.999
Samsung N350 10,1"
59.999
áður 74.999
Samsung RF310 10,1"
69.999
áður 89.999
Samsung RV520 15,6"
99.999
áður 119.999
-flottar fartölvur-
síðustu eintök
með afslætti
mikið úrval
Tónlist frá 299
Ódýrt DVD
aðeins 2 verð
499
799
XBOX og PC leikir frá 499
Nordica Poppvél
7.999
áður 9.999
Samsung C350
DVD - 5.1 kerfi
Samsung heimabíó
39.999
áður 59.999
Samsung 32" LED D4004
99.999
áður 119.999
Samsung 32" LCD D404
79.999
áður 89.999
-sjónvörp-
síðustu eintök
með afslætti
Samsung 40" LCD D555
129.999
áður 149.999
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
OPIÐ TIL 22
ALLA DAGA
BT
Griffill sími 533-1010 - www.griffill.is - SKEIFUNNI 11 - BT sími 550-4444 - www.bt.is
Auglýsingin gildir til 10. október 2011 eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** krukka, **6.** mannþvaga, **8.** stykki, **9.** raus, **11.** stór, **12.** afspurn, **14.** brennivídd, **16.** samtök, **17.** sigað, **18.** frjó, **20.** í röð, **21.** lokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** eins, **3.** í röð, **4.** miðla, **5.** hallandi, **7.** samsíða, **10.** arinn, **13.** keyra, **15.** málmur, **16.** máttur, **19.** pípa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** krús, **6.** ös, **8.** stk, **9.** mas, **11.** há, **12.** umtal, **14.** fókus, **16.** aa, **17.** att, **18.** fræ, **20.** aá, **21.** laða.
**LÓÐRÉTT: 1.** sömu, **3.** rs, **4.** úthluta, **5.** ská, **7.** samfara, **10.** stó, **13.** aka, **15.** stál, **16.** afl, **19.** æð.




**TIL STRYKTARFÉLAGA OG VINA KRÝSUVÍKURSAMTAKANNA**

**Í tilefni 25 ára afmæis Krýsuvíkursamtakanna er opið hús í Krýsuvíkurskóla sunnudaginn 16 októ́ber frá kl. 14 og 17.**

**Hlökkum til að sjá ykkur!**



MEÐGÖNGUSUND
Sundleikfimi hjá sjúkraþjálfurum

Dagtímar á Hrafnistu í Reykjavík
Síðdegistímar á Boðaþingi í Kópavogi
Kvöldtímar á Reykjalundi í Mosfellsbæ

**S. 412 3253**
***www.medgongusund.is***
***medgongusund@medgongusund.is***



BYLGJAN 25 ÁRA 989
**Heimir & Kolla**
**vakna með þér í bítið**
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

# Opið bréf til Boltalands

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**

Kæri íþróttafréttamaður. Takk fyrir að bjóða mér að vera gestur í knattspyrnuþættinum Boltaland.

**MIG** langar miklu frekar að segja áhorfendum þáttarins frá því hvað ég hef gert fyrir borgarbúa. T.d. var ég í mjög flottri hljómsveit sem kom reglulega fram í Reykjavík og vann að því að gera tónleikamenningu framúrskarandi hér í borg.

**SVO** er ég líka að gera áhugaverða hluti hjá Fréttablaðinu, en þar sé ég um að skrifa fréttir af fólki frá skrifstofu blaðsins hér í Skaftahlíð. Annað sem ég held að fólk hafi áhuga á að heyra mig tala um er uppgangur íslenska fjárhundsins í Bandaríkjunum – en ég hef skrifað margar fréttir af þessari lífsglöðu skepnu, við mikinn fögnuð.



**SÍÐUSTU** ár hef ég líka styrkt fjöldann allan af góðgerðasamtökum. Hún Malleswari á Heimili litlu ljósanna á Indlandi fær mánaðarlegar greiðslur frá mér, Krabbameinsfélagið líka. Svo hafa lamaðir, heyrnarlausir og lesblindir notið góðs af örlæti mínu ásamt björgunarsveitum landsins í gegnum árlega neyðarkallasölu. Er það ekkert merkilegt í þínum augum?

**ÉG** er líka mikill sælkeri með víðtæka þekkingu á matargerð – *la cuisine*! Ég elda fyrir mig og aðra mér til skemmtunar, yndisauka og næringar. Fyrir vikið hef ég notið hylli í vinahópum, hjá fjölskyldu og jafnvel tengdamæðrum. Af hverju viltu ekki ræða við mig um það?

**OG** hvað með einskæran áhuga minn á tekkhúsgögnum? Ég hef vaktað verslanir og markaði, hangið tímunum saman á vefsíðum, boðið í hluti og keyrt landshorna á milli til að sækja dýrgripina. Íbúð mín hefur notið góðs af þessum áhuga og lyktar af ríkulegum gömlum viði. Ég gæti nefnt ýmis önnur áhugamál, eins og þjóðfána og hummusgerð ásamt söfnun og framleiðslu á geitaosti – en þér finnst kannski knattspyrna merkilegri en allt þetta.

**SVO** nei, ég er ekki til í að koma í þáttinn þinn og tala um knattspyrnu. Því ég held að fólki sé alveg nokkuð sama um hvað ég hef að segja um boltaleiki nokkurra oflaunaðra prímadonna og hver af þeim skoraði flottasta markið. Kannski samstarfsmenn mínir hjá Fréttablaðinu eða strákarnir í hljómsveitinni minni sálugu hafi eitthvað frábært að segja við áhorfendur þáttarins?

**KVEÐJA**, Atli Fannar.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# A4 SMÁRATORGI

**VIÐ OPNUM KL. 10:00 Í DAG OG KL. 12:00 Á SUNNUDAG**

# ÚTSÖLUMARKAÐUR




## LEIKFÖNG, DVD OG BÆKUR Á SÚPER VERÐI




Tilboðin gilda á meðan birgðir endast

Sími 580 0000 + www.a4.is

# menning

menning@frettabladid.is

**ÞÓRDÍS OG EMMALYN BEE** Þórdís Björnsdóttir skáld les úr skáldsögunni Yfir ystu brák á Alþjóðlegu ljóðahátíðinni í Nýlistasafninu í kvöld. Bókin skiptist í þrjá hluta og er skrifuð í nafni persónunnar Emmalyn Bee, sem er hugarfóstur Þórdísar. Á ljóðahátíðinni les Þórdís úr síðasta hlutanum, sem er saga froskmúsarinnar Zúrkofs. Þórdís sendi síðast frá sér bókina Sónata fyrir svefninn, sem kemur út í Þýskalandi eftir helgi.

# HAFÐI ÞÖRF FYRIR AÐ SKIPTA UM TEMPÓ

**Ólafur Gunnarsson hefur hingað til verið kunnur fyrir skáldsögur sem eru stórar í sniðum. Nú hefur hann söðlað um og sendir frá sér í vikunni sitt fyrsta smásagnasafn, *Meistaraverkið og fleiri sögur.***

Fyrir nokkrum árum skrifaði Ólafur Gunnarsson rithöfundur innblásinn pistil á heimasíðu Forlagsins til varnar smásögunni, þar sem hann brýndi höfunda jafnt sem útgefendur til að gera sitt til að auka veg hennar. Nú í vikunni lagði Ólafur sín lóð á vogarskálarnar þegar hann sendi frá sér *Meistaraverkið og fleiri sögur*, safn fjórtán smásagna. Þetta er fyrsta smásagnasafn Ólafs, sem fram til þess hefur einbeitt sér að stórum skáldsögum, á borð við Tröllakirkju, Öxina og jörðina og Dimmar rósir. Spurður hvort hann hafi meðvitað verið að bregðast við eigin herhvöt segir hann svo ekki vera.

„Ég hef skrifað smásögur, reyndar fyrir allmörgum árum, sem hafa birst hér og þar. Síðustu ár hef ég skrifað mikið af skáldsögum sem eru á bilinu 200 til 500 blaðsíður og taka þrjú, jafnvel fjögur ár í vinnslu. Ég hafði einfaldlega þörf fyrir að breyta um tempó og vildi spreyta mig á smásagnaforminu á nýjan leik. Ég átti ansi margar hugmyndir niðurpunktaðar og vildi sjá hvar ég stæði, hvort ég gæti skrifað smásögur sem ég væri sáttur við að kæmu út á bók.“

Ólafur segir smásöguna strangt form sem krefjist mikils valds á efnistökunum, svo hægt sé að þjappa efni sem gæti jafnvel dugað í heila skáldsögu niður í nokkrar blaðsíður. Var ekkert erfitt fyrir Ólaf að trappa sig af?

„Nei, í sjálfu sér ekki. Skáldskapur snýst alltaf um að velja og hafna og þegar maður er á annað borð búinn að ákveða hvað maður ætlar að gera við efnið skrifar maður einfaldlega í það form sem hentar.

Smásagan hefur líka það fram yfir skáldsöguna að það kemur fljótt í ljós hvort hún gangi upp. Þegar maður skrifar skáldsögu getur maður skrifað 150 síður og skyndilega áttað sig á því að þær eru einskis virði. Með smásöguna þarf maður ekki að sitja við í nema einn tvo daga til að sjá hvort hún virki.“

Elsta sagan í bókinni er frá 1998 en flestar voru þær skrifaður á undanförnum tveimur árum. Þær gerast á ólíkum tímum, nokkrar á stríðs- og eftirstríðsárunum, sem Ólafur játar að sér þyki spennandi tímabil, og sumar þeirra byggja lauslega á raunverulegum atburðum, til dæmis þegar Rod Stewart tróð upp á Broadway við krýningu ungfrú Íslands 1985. Ólafur áréttar sérstaklega á titilsíðu að sögurnar séu skáldskapur og hafi ekkert með sagnfræði að gera.

„Ég hef stundum séð ástæðu til að gera það, til dæmis í þríleiknum Tröllakirkju, Blóðakri og Vetrarferðinni, vegna þess að ég vil hafa fullt skáldsagnarlegt frelsi. Þegar ég síðan gaf út Dimmar rósir 2008 höfðu hins vegar svo margir sagt við mig að þessi klásúla væri óþarfi svo ég ákvað að sleppa henni í þeirri bók. Það tókst ekki betur en svo að ég var stundum stoppaður úti á götu og bent á að ég færi ekki rétt með hverjir hefðu verið í hljómsveitinni Eik eða að Kinks hefðu ekki leikið heila hljómleika í Glaumbæ, eins og ég lét þá gera.

Mér finnst stundum gleymast á Íslandi að það er grundvallarmunur á sagnfræði og skáldskap og ég er bara að troða upp í það gat. Ég vona að minnsta kosti að fólk fari ekki að hringja í mig til að benda á að það hafi verið Björgvin Halldórsson sem söng með Rod Stewart á Broadway 1985, en ekki þessi söngvari sem ég bý til og á ekkert skylt við Björgvin.“

Stílbrögð sagnanna eru ólík, ein sagan er sögð í glettnislegum gleðisögustíl og aðra einkennir hart raunsæi.

„Ég hafði nokkuð skýrar hugmyndir um hvernig stíll hæfði hverri sögu,“ segir Ólafur. „Í einni sögunni, Dauði hermannsins, reyni ég til dæmis að kallast á við uppáhaldið mitt í smásagnagerð; hún er að minnsta kosti skrifuð eins og ég ímynda mér að Hemingway hefði leitast við að hafa hana – án þess að ég ætli að skipa mér á bekk með þeim meistara.“

bergsteinn@frettabladid.is



ÓLAFUR GUNNARSSON „Smásagan hefur líka það fram yfir skáldsöguna að það kemur fljótt í ljós hvort hún gangi upp. Þegar maður skrifar skáldsögu getur maður skrifað 150 síður og skyndilega áttað sig á því að þær eru einskis virði.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Tónleikar ★

**Phantom of the Opera**

Bein útsending frá Royal Albert Hall í Háskólabíói

## Skerandi öskur

Óperan hefur löngum haft á sér þann stimpil að hún sé fyrst og fremst fyrir fína fólkið. En óperur í nýjum og alþýðlegri umbúðum hafa verið áberandi í menningarlífinu undanfarið. Þetta eru óperusýningar frá stórum erlendum óperuhúsum, sem eru sýndar í bíóhúsum í Reykjavík í beinni útsendingu. Það er bráðsniðugt. Maður getur farið á óperusýningu í hæsta gæðaflokki fyrir þokkalega viðráðanlegt verð án þess að vera í jakkafötum með bindi. Og borðað popp.

Á sunnudaginn var boðið upp á slíka sýningu í sal 1 í Háskólabíói. Þetta var Óperudraugurinn eftir Andrew Lloyd Webber í sérstakri afmælisuppfærslu. Nú eru 25 ár liðin síðan þessi sívinsæli söngleikur var frumsýndur. Einvalalið kom að sýningunni, sem var í Royal Albert Hall í London.

Nokkuð var gert úr því í fjölmiðlum að Garðar Thór Cortes myndi koma þar fram. Ég hugsa að margir hafi skilið það þannig að hann væri í stóru hlutverki í sýningunni.

Svo reyndist ekki vera. Garðar Thór var í mjög smáu hlutverki og það rétt sást í hann. Það litla sem maður heyrði gaf samt til kynna að hann væri í góðu formi, svo hann má vera stoltur af frammistöðunni. Og það er auðvitað heiður að taka þátt í uppfærslu í beinni útsendingu í hvorki meira né minna en 750 bíóhúsum víðs vegar um heiminn. Enginn smáræðis menningarviðburður, það.

En ég varð samt fyrir gífurlegum vonbrigðum. Ekki með Garðar, og ekki með uppfærsluna almennt, sem var glæsileg í alla staði. Nei, það var sýningin í Háskólabíói sem var fyrir neðan allar hellur. Fyrir hlé var hljóðið svo hátt stillt að þegar söngkonurnar tóku hvellar sópranaríur þurfti maður að halda fyrir eyrun. Söngurinn var svo skerandi að það var beinlínis sársaukafullt. Auk þess var hljóðið almennt alls ekki gott, nauðsynlegur tærleiki var ekki til staðar. Hljómurinn var mattur og skítugur, og það marraði í hátölurunum.

Maður spurði sjálfan sig hvar sýningarstjórinn var. Í hléinu virðist einhver hafa kvartað, því hljóðstyrkurinn var orðinn viðunandi þegar sýningin byrjaði aftur. En hljóðið var samt ekkert sérstakt. Það vantaði líka tærleikann eftir hlé. Munurinn á þessu og að heyra sungið í virkilega góðum græjum var sláandi.

Nú veit ég ekki hvers vegna. Sennilega er hljóðkerfið í sal 1 í Háskólabíói bara ekki hannað fyrir svona tónlist. En svo er líka hugsanlegt að útsendingin hafi ekki verið nægilega góð. Mér finnst það þó ólíklegt. Í öllu falli var útkoman í Háskólabíói meira og minna ómöguleg.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Stórkostleg sýning sem gersamlega misheppnaðist í hátölurum Háskólabíós.




*Hugmynd og sjónrænt efni*
Dorte Holbek, Mette Sia Martinussen
Alette Scavenius, Martin Tulinius

*Leikstjóri*
Martin Tulinius

*Hönnun sviðsmyndar*
Dorte Holbek

*Matreiðslumenn*
Mette Sia Martinussen
Gunnar Karl Gíslason

*Leikritahöfundur*
Alette Scavenius

Ný og einstök túlkun á spádómi völvunnar. Sýningin er ferðalag um heima skilningarvitanna þar sem landamæri hefðbundinnar leiksýningar og máltíðar eru könnuð og þeim ögrað.

Um er að ræða undraverða sýningu þar sem öll skilningarvitin spila saman, sjón, heyrn og tilfinning og svo auðvitað bragð og ilman. Sýningin er sett upp sem ferðalag um fagra byggingu Alvars Aaltos og nánasta umhverfi hennar. Maturinn í sýningunni er skipulagður af danska matreiðslumeistaranum Mette Sia Martinussen, sem hefur m.a. slegið í gegn með Madeleines Madteater í Kaupmannahöfn, og matreiðslumeistara DILL, Gunnari Karli Gíslasyni.

Örfáar sýningar
Til að kaupa miða: www.midi.is

Upplýsingar á:
www.norraenahusid.is
*sími* +354 551 7030

Sýningin fer fram á íslensku og ensku og er aðeins ætluð fullorðnum. Seldir eru 24 miðar á hverja sýningu.
Verð. 19.000 kr. Innifalið margrétta máltíð með drykkjum.

NORRÆNA HÚSIÐ




# Íbúðir óskast

**Kópavogsbær óskar eftir að kaupa einstaklings, tveggja og þriggja herbergja íbúðir í Kópavogi.**

- Íbúðirnar þurfa að vera nýjar, nýlegar eða í byggingu.
- Hámarksverð er 240.000 kr./m2 (birt stærð), miðað við fullbúna íbúð.
- Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Tilboðum skal skila í þjónustuver Kópavogsbæjar Fannborg 2. eigi síðar en 19. október 2011 merkt „tilboð í félagslegar íbúðir í Kópavogi".

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.
vísir


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 8. október 2011**

### Tónleikar

**12.00** **Björn Steinar Sólbergsson** organisti spilar á tónleikum í Hallgrímskirkju. Aðgangur er ókeypis.

**19.00** **Helgi Björns og Reiðmenn Vindanna** halda tvenna stórtónleika í Háskólabíói. Fyrri hefjast kl. 19 og þeir seinni kl. 23. Miðaverð er kr. 4.990.

**20.00** 25 ára afmælis- og útgáfutónleikar **Greifanna** í Hofi. Sérstakir gestir eru Felix Bergson og Bergþór Pálsson. Miðaverð er kr. 3.900.

**21.00** Ourlives, Vigri, Pétur Ben og Eberg spila á tónleikum á **Gauki á Stöng**. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** **KK** og **Maggi Eiríks** halda tónleika á Café Rosenberg.



**22.00** Hjómsveitin **Bloodgroup** spilar ásamt bresku hljómsveitunum Spaceships are Cool og Yunioshi á Græna hattinum. Miðaverð er kr. 2.500.

**22.00** Í tilefni afmælis John Lennon koma Bítladrengirnir Blíðu, Gunnar Þórðarson, Andrea Gylfadóttir, Björgvin Ploder, Þórður Árnason, Kormákur Bragason, Gísli Helgason og Helga Völundardóttir fram á **Obladi Oblada** við Frakkastíg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Félagið Ísland-Palestína stendur fyrir tónleikum á **Faktorý**. Fram koma hljómsveitirnar Reykjavík!, Prins póló, Blaz Roca & Sesar A, Nolo, Futuregrapher. Frjáls framlög, sem renna í neyðarsöfnun fyrir íbúa herteknu svæðanna.

### Leiklist

**14.00** **Fúsi Froskagleypir** er sýnt í Gaflaraleikhúsinu. Miðaverð er kr. 2.000.

**18.00** **Leikfélagið Peðið** sýnir óperuna Bjarmaland - rísandi land eftir Jón Benjamín Einarsson í leikstjórn Andreu Gylfadóttur kl. 20 og örverkið Ægir, Ægir og Ægir (saga af þremur rasshausum) eftir Björgúlf Egilsson í leikstjórn Lísu Pálsdóttur kl. 18 á Gallery-Bar.

**20.00** **Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands** sýnir Á botninum í Smiðjunni. Miðaverð er kr. 1.500.

**20.00** Sýningin **Alvöru menn** í Austurbæ. Miðaverð er kr. 3.500.

### Listahátíð

**13.00** **Listahátíðin Oktov** stendur yfir helgina í Gallery-Bar, Hverfisgötu 46. Tónleikar og ýmsar uppákomur.

### Opnanir

**14.00** Sýning með myndum **Kristínar Rögnu** úr Hávamálum opnar í Norræna húsinu.

**14.00** Margrét Jónsdóttir, Ragnheiður Guðjónsdóttir og Steinunn Guðmundsdóttir opna myndlistarsýningu á **Víkinni sjóminjasafninu**, Grandagarði 8.

**15.00** Sýningin **Fyrirbrigði** með verkum kanadíska listamannsins Jude Griebel opnar í sal Íslenskrar grafíkur.

**16.00** Sýningin Hið daglega blek á verkum **Arndísar Bjargar Marinósdóttur** opnar í Gallerí Tukt í Hinu Húsinu.

**16.00** Sýning **Ragnars Jónassonar**, Rætur, opnar í Galleríi Ágústi.

### Sýningar

**19.00** Sýningin Söngleikir með **Margréti Eir** hefst í Tjarnarbíói. Hún syngur lög úr söngleikjum ásamt valinkunnum gestasöngvurum. Hægt er að panta borð og snæða kvöldverð matreiddan af Friðriki V fyrir sýningu kl. 19. Sýningin hefst kl. 20. Miðaverð er kr. 3.200 en með mat inniföldum er það kr. 5.400.



### Hönnun Og Tíska

**17.00** **Fatahönnunarfélag Íslands** opnar afmælissýningu félagsins í Gerðubergi. Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri við Listaháskóla Íslands, mun afhenda Indriðaverðlaunin í fyrsta sinn.

### Dansleikir

**23.00** Hljómsveitin **Sixties** með dansleik á Players. Miðaverð er kr. 1.500.

### Tónlist

**22.00** Rvk Soundsystem spilar reggí á Hemma og Valda.

**23.30** Dj Addi Intro þeytir skífum á Prikinu.

**23.00** Alfons X stjórnar tónlistinni á Kaffibarnum.

### Fyrirlestrar

**14.00** Finnski hönnuðurinn **Pia Holm** flytur fyrirlestur í Hönnunarsafni Íslands.

### Útivist

**10.00** **Hjólreiðaferð** frá Hlemmi á vegum LHM.is. Hjólað í 1 til 2 tíma um borgina. Þátttaka er ókeypis.

### Uppistand

**23.00** Benni B-Ruff og Jónas Jay-O með uppistand á **Vegamótum**.

### Tónlistarhátíð

**12.15** Kórinn **Hljómeyki** með tónleika í Norðurljósum kl. 12.15. Miðaverð er kr. 2.500. Kammertónleikar í Kaldalóni kl. 15. Miðaverð er kr. 2.500. Stórtónleikar í Eldborgarsal. kl. 19. Miðaverð er kr. 2.900. Tónleikarnir eru á dagskrá Norrænna músíkdaga.

**Sunnudagur 9. október 2011**

### Tónleikar

**16.00** Garðar Thór Cortes, Valgerður G. Guðnadóttir, Eiríkur Hreinn Helgason, Krystyna Cortes og karlakórinn Þrestir koma fram á tónleikum í **Salnum**. Miðaverð er kr. 2.500.

**16.00** Systurnar Sigga, Beta og Elín koma fram á tónleikum í Merkigili á **Eyrarbakka**. Frjáls framlög þegin.

**18.15** Lilja Eggertsdóttir sópran heldur ljóðatónleika í **Norræna húsinu** ásamt Helgu Bryndísi Magnúsdóttur píanóleikara. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**20.00** Guðný Guðmundsdóttir, fiðluleikari og Peter Maté píanóleikari, koma fram í Hafnarborg á árlegu tónleikaröðinni **Tríó Reykjavíkur**. Sérstakur gestur er Sigurður Ingvi Snorrason klarínettuleikari. Miðaverð er kr. 2.400.

**21.00** **Bloodgroup** spila á tónleikum með bresku hljómsveitunum Yunioshi og Spaceships Are Cool í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Miðaverð er kr. 1.500.

**21.30** **Lame Dudes** með útgáfutónleika á Gauki á Stöng. Aðgangur er ókeypis.

### Leiklist

**14.00** **Möguleikhúsið** sýnir barnaleikritið Gýpugarnagaul í Gerðubergi. Miðaverð er kr. 2.000.

**14.00** Barnaleikritið **Kallinn sem gat kitlað sjálfan sig** sýnt í Norðurpólnum. Miðaverð er kr. 1.900.

**14.00** **Fúsi Froskagleypir** er sýnt í Gaflaraleikhúsinu. Miðaverð er kr. 2.000.

**16.30** **Leikfélagið Peðið** sýnir óperuna Bjarmaland - rísandi land eftir Jón Benjamín Einarsson í leikstjórn Andreu Gylfadóttur á Gallerí - Bar.



**20.00** Sómi þjóðar sýnir **Gálmu,** nýtt íslenskt leikverk í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi. Miðaverð er kr. 1.800.

**20.00** **Hjónabandssæla** er sýnd í Gamla Bíói. Miðaverð er kr. 4.300.

### Félagsvist

**14.00** **Félagsvist** spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

### Síðustu Forvöð

**14.00** Á síðasta degi sýningarinnar **Ásfjall** í Þjóðminjasafni Íslands mun Ágústa Kristófersdóttir sýningarstjóri leiða gesti um sýninguna.

### Heimildamyndir

**15.00** **MÍR** sýnir í salnum Hverfisgötu 105 tvær heimildarmyndir. Það eru Olíuborg á hafi úti og framúrstefnan í Rússlandi. Aðgangur er ókeypis.

### Sýningarspjall

**15.00** Sigríður Melrós Ólafsdóttir sýningarstjóri ræðir um verk Arnars Herbertssonar, JBK Ransu og Davíðs Arnar Halldórssonar sem eru til sýnis í **Listasafni Árnesinga** undir yfirskriftinni Almynstur. Aðgangur er ókeypis.

### Uppákomur

**18.30** Friðarsúlan í Viðey verður tendruð og býður **Yoko Ono** upp á fría kvöldsiglingu til Viðeyjar. Tónlistarmennirnir Jóel Pálsson og Óskar Guðjónsson spila fyrir gesti í Viðeyjarnausti og sérstök dagskrá við Friðarsúluna. Í Viðeyjarstofu er kvöldverður og tónlistardagskrá helguð John Lennon. Siglingar frá Skarfabakka eru milli kl. 18.30 til 19.30. Siglingar í land eru milli kl. 21 til 22.

### Listamannaspjall

**15.00** Jón Proppé og Bjarki Sveinbjörnsson ræða um ólíkar tilraunir tónlistarmanna á sjöunda áratugnum á Kjarvalsstöðum í tengslum við sýninguna **Ný list verður til.** Að spjallinu loknu flytur Fengjastrútur verk sem eru hluti af tónleikaröðinni Jaðarber.

**15.00** Kanadíski listamaðurinn **Jude Griebel** spjallar við gesti sýningar sinnar Fyrirbrigði í sal Íslenskrar grafíkur.

**15.00** **Sigurgeir Sigurjónsson** ljósmyndari spjallar við gesti um verk sín á sýningunni Yfirsýn. Spjallið fer fram í Hafnarborg og aðgangur er ókeypis.

### Tónlistarhátíð

**13.00** Kammertónleikar með **Caput hópnum** kl. 13. Miðaverð er kr. 2.500. Lokatónleikar með Kammersveit Reykjavíkur kl. 16. Miðaverð er kr. 2.500. Tónleikarnir fara fram í Hörpu og eru á dagskrá Norrænna músíkdaga.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



**Gott í bíó:** Dögg Mósesdóttir kvikmyndagerðarkona

## Mæli sérstaklega með Eldfjalli

„Ég mæli með að sjá eitthvað af RIFF-myndunum sem Græna ljósið er að sýna í bíó. Ég mæli með þeim öllum og þá sérstaklega Eldfjalli. Ég ætla í það minnsta að eyða helginni í Háskólabíói og reyna að sjá sem mest."




# Tækniþróunarsjóður

## Markáætlun um klasasamstarf: Betri lausnir fyrir minna fé

- Markáætlunin skiptist í þrjá flokka og verða veittir styrkir til verkefna á sviði menntamála, heilbrigðismála eða orku- og umhverfismála
- Umsækjendur skulu vera fyrirtæki í samstarfi við opinberan kaupanda sem ber hluta kostnaðar við verkefnið
- Verkefnin verða að stuðla að sparnaði í opinberum rekstri
- Forsenda fyrir aðkomu Tækniþróunarsjóðs er að fyrir liggi vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning
- Umsóknarfrestur er til kl. 17.00 þann 1. nóvember nk.

**Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um reglur eru á vefsíðu Rannís www.rannis.is**

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar skv lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr 75/2007. Sjóðurinn, sem er í vörslu Rannís, fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.

Tækniþróunarsjóður | SI Samtök iðnaðarins | Iðnaðarráðuneytið | rannís Laugavegi 13, 101 Reykjavík sími 515 5800, rannis@rannis.is www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

CHEVROLET

# Vinsæll og veit af því!

## Tveir söluhæstu bílarnir á Íslandi eru frá Chevrolet*




*Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Umferðarstofu, hafa 1.889 nýir bílar verið seldir til einstaklinga og fyrirtækja, annarra en bílaleiga, fyrstu 9 mánuði ársins.

**Miðað við þær forsendur leiða upplýsingarnar í ljós að Chevrolet er söluhæstur í tveimur flokkum; Captiva er söluhæsti jeppinn og Spark er söluhæsti smábíllinn. Ennfremur er Chevrolet Spark söluhæstur allra bíla á Íslandi í dag.**

**www.benni.is**

Chevrolet er 100 ára á þessu ári og við, hjá Bílabúð Benna, erum því sérstaklega stolt þessa dagana, samgleðjumst nýjum Chevrolet eigendum og hlökkum til að þjóna enn fleirum.

Við erum þess fullviss að ört vaxandi vinsældir Chevrolet, meðal fólksins í landinu, byggjast á gæðum og góðu verði, - og máttum því til með að auglýsa þetta.
**Komdu og reynsluaktu nýjum Chevrolet í dag!**

*Söluupplýsingar unnar eftir gögnum frá Umferðarstofu og Bílgreinasambandinu þann 3.okt 2011

SOS BARNAÞORPIN ÍSLAND
Bílabúð Benna
SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA
WWW.SOS.IS - WWW.BENNI.IS

**Opið alla virka daga frá 10 - 18 og laugardaga frá 12 - 16**

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*

# Fólk

folk@frettabladid.is



**8 HÚÐFLÚR** prýða líkama leikkonunnar Megan Fox en hún er nú að reyna að fjarlægja eitt þeirra með hjálp geislatækni. Það er mynd af Marilyn Monroe á framhandleggnum sem Fox fékk sér þegar hún var 18 ára gömul.




**GEISLAÐI** Leikkonan Anita Briem fór ekki framhjá ljósmyndurum á frumsýningu Real Steel í Hollywood. NORDICPHOTOS/GETTY

## Anita sumarleg á rauða dreglinum

Íslenska leikkonan Anita Briem heillaði ljósmyndara þegar hún mætti á frumsýningu myndarinnar Real Steel í Hollywood á dögunum. Sumarlega klædd í grænt pils og ljósan topp geislaði Anita en hárgreiðsla hennar vakti athygli enda ekki á hverjum degi sem leikkonur skarta tveimur fléttum á rauða dreglinum. Aníta bar hárgreiðsluna hins vegar með prýði.

Anita ber nú hinn langa titil Anita Briem-Paraskevopoulus eftir að hún gekk að eiga hinn gríska unnusta sinn Dean Paraskevopoulus síðasta sumar.

**Aðalfundur kvennadeildar Fáks**

Aðalfundur kvennadeildar Fáks verður haldinn í Félagsheimilinu mánudaginn 10. okt kl 20. venjuleg aðalfundarstörf.

**Stjórnin.**

# Stærsta hlutverk Halldórs

**Halldór Gylfason leikur aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Heimsendi sem hefja göngu sína á Stöð 2 á sunnudagskvöld. Hann las meðal annars Ljósu og horfði á Richard Geremyndina Mr. Jones til að búa sig undir hlutverkið.**

Heimsendir, sem verður frumsýndur á sunnudagskvöldið, segir frá hálfgerðri uppreisn sem á sér stað á geðveikraheimili úti á landi um verslunarmannahelgi árið 1992. Heill her stórleikara fer með stærstu hlutverkin; Pétur Jóhann Sigfússon, Jörundur Ragnarsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Jóhann Sigurðarson og Karl Ágúst Úlfsson svo einhverjir séu nefndir. Þættirnir koma úr smiðju Vaktahópsins svokallaða sem gerði Nætur-, Dag- og Fangavaktina en Heimsendir er mun stærri í sniðum og persónugalleríið umfangsmeira.

Með aðalhlutverkið í þáttunum fer hins vegar Halldór Gylfason, en hann var viðloðandi Vaktaþættina sem Kiddi Casio úr stuðhljómsveitinni Sólinni frá Sandgerði. Halldór leikur grunnskólakennarann Einar, sem fer yfirum og er færður á geðveikraheimilið. „Taugarnar fara hjá honum, hann fær ranghugmyndir og fer í manískt ástand. Hann kemur hins vegar með nýjar hugmyndir og gerir vistmönnum grein fyrir réttindum sínum og í kjölfarið fer af stað atburðarás og hlutir fara að breytast," útskýrir Halldór.

Mikill undirbúningur liggur að baki sköpun persónunnar, en Halldór sótti meðal annars í reynslubankann sinn frá því að hann starfaði á geðdeild í nokkur ár. Auk þess ræddi hann við fólk sem þekkir vel til geðrænna veikinda, las Ljósu eftir Kristínu Steinsdóttur og horfði á kvikmyndina Mr. Jones með Richard Gere í aðalhlutverki. „Þetta er mesta og stærsta hlutverkið mitt í sjónvarpi eða kvikmyndum og þetta var virkilega erfitt, enda Einar mikill karakter en jafnframt veikur maður. Ég var byrjaður að pæla í honum hálfu ári áður en tökur hófust," segir Halldór en viðurkennir um leið að honum hafi þótt vænt um hlutverkið. „Ég sakna þess pínulítið, þetta var góð rulla og Einar er góður gaur sem verður bara veikur."

Tökurnar á Heimsendi stóðu yfir í átta vikur og tökudagarnir voru langir, stundum tólf til fjórtán tímar. Halldór segir hins vegar ekki hafa verið þverfótað fyrir skemmtilegu fólki og tími milli taka hafi verið nýttur til að spjalla, fá sér kaffi og lesa. „Við máttum bara alls ekki fara í sólbað af því að þetta gerist náttúrlega yfir eina helgi. Ég varð því að passa mig á því þegar ég fór í frí að koma ekki aftur eins og karfi. Enda verð ég ekki sólbrúnn heldur bara rauður."

freyrgigja@frettabladid.is



**STÓR STUND** Hlutverk Einars í Heimsendi er stærsta hlutverk Halldórs Gylfasonar í sjónvarpi eða kvikmyndum. Þótt hann og Jörundur Ragnarsson séu í stærstu rullunum léku þeir aðeins saman í örfáum senum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Erfðabreyttar lífverur – ræktun erfðabreyttra plantna á Íslandi**

*Landsþing Náttúrulækningafélags Íslands fordæmir það ábyrgðarleysi íslenskra stjórnvalda að heimila útiræktun á erfðabreyttum lífverum á Íslandi. Fjöldi ritrýndra vísindalegra rannsókna liggja nú fyrir sem sýna fram á að erfðabreyttar lífverur og afurðir þeirra valda óafturkræfu tjóni á umhverfi og heilbrigði dýra og manna. Landsþing NLFÍ telur að notkun erfðabreyttra lífvera skuli einvörðungu fara fram í lokuðu rými. Þingið krefst þess að þar sem leyfi til slíkrar afmarkaðrar notkunar hafa verið veitt tryggi eftirlitsaðilar raunverulega afmörkun þannig að erfðabreytt efni berist ekki út í umhverfi og mengi grunnvatn og jarðveg. Landsþing NLFÍ hvetur stjórnvöld til að banna með öllu útiræktun á erfðabreyttum lífverum og undirbúa að Ísland verði sem fyrst lýst „land án erfðabreyttra lífvera".*

Ályktanir 33. landsþings Náttúrulækningafélags Íslands, haldið í Hveragerði 2. október 2011

**Berum ábyrgð á eigin heilsu**

Náttúrlækningafélag Íslands
Laugavegi 7 – 101 Reykjavík
Sími: 552 8191 – www.nlfi.is



**ÁSTFANGIN** Kanye West er ekki bugaður maður þó að frumraun hans sem fatahönnuðar hafi ekki gengið vel. Hann fann nefnilega ástina á tískuvikunni í París með fyrirsætunni Chanel Iman. NORDICPHOTOS/GETTY



## Kanye floppaði en fann ástina

Frumraun tónlistarmannsins Kanye West sem fatahönnuður gekk ekki vel, en fatalína hans KW by Kanye West lagðist ekki vel í tískuheiminn. Þegar ritstjóri bandaríska Vogue, Anna Wintour, var spurð um álit eftir sýningu West svaraði hún „Spurðu einhvern annan en mig" en það þykir jafngilda dauðadómi í tískubransanum. Fleiri spekingar hafa kallað fatalínuna bæði illa saumaða og ófrumlega.

Þrátt fyrir að hafa ekki fengið góðar viðtökur brosti tónlistarmaðurinn breitt er hann fylgdist með öðrum sýningum á tískuvikunni, en kappinn ku hafa fundið ástina í París. Sú heppna er ofurfyrirsætan Chanel Iman, en hún gekk einmitt tískupallinn fyrir West og hafa þau sést náið saman á öðrum viðburðum í París.

# SÍÐUSTU DAGAR lagersölunnar

66° NORÐUR

KRAKKAR



**MAGNI parka**
ÁÐUR: 24.500 kr. **NÚ: 12.000 kr.**

KRAKKAR

Einnig í appelsínugulu



**BALDUR jakki**
ÁÐUR: 9.800 kr. **NÚ: 3.800 kr.**

KRAKKAR

Fleiri litir



**BRAGI heilgalli**
ÁÐUR: 17.500 kr. **NÚ: 8.000 kr.**

KRAKKAR



**ANDVARI húfa**
ÁÐUR: 4.900 kr. **NÚ: 2.500 kr.**

## 50-70% afsláttur

**Húfur & vettlingar**

**500 - 2.500 kr.**

DÖMUR

Einnig í rauðu



**LAUGAVEGUR dúnkápa**
ÁÐUR: 33.000 kr. **NÚ: 15.000 kr.**

KRAKKAR



**ANDVARI jakki**
ÁÐUR: 18.500 kr. **NÚ: 6.000 kr.**

DÖMUR/HERRAR



**GLYMUR softshell jakki**
ÁÐUR: 38.500 kr. **NÚ: 12.000 kr.**

DÖMUR



**FROST peysa**
ÁÐUR: 18.800 kr. **NÚ: 7.500 kr.**

**Faxafen 12 ( 2. hæð), 108 Reykjavík:** Lau. 11 - 16 I Sun. 12 - 16
**Glerárgata 32, 600 Akureyri:** Lau. 11 - 16

ANNA FARIS CHRIS EVANS



What's Your Number?

SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL WYN Á
NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

einkamál.is
KOMIN Í BÍÓ!
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

VILTU VINNA MIÐA?




FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR
GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ.
MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

# Enn eitt stórvirki Bjarkar

Tónlist ★★★★

**Biophilia**
Björk



**MAGNAÐ VERK** Áttunda sólóplata Bjarkar er ekki besta verk hennar en mögnuð engu að síður.

Biophilia, áttunda sólóplata Bjarkar, er mjög metnaðarfullt verk. Platan sjálf, sem er hér til umfjöllunar, er hluti af stærra verkefni sem einnig nær yfir tónleika sem haldnir verða í níu borgum fram til ársins 2014 og forrit fyrir iPad og snjallsíma, en hægt er að kaupa sérstakt smáforrit fyrir hvert laganna tíu á plötunni.

Markaðssetning Biophiliu hefur að mestu snúist um það hversu nýstárlegt og byltingarkennt verkið er og það má til sanns vegar færa jafnt hvað varðar sköpunarferlið, tónleikana og fyrrnefnd smáforrit. Platan var að hluta til samin á iPad og sérstök hljóðfæri sem voru smíðuð samkvæmt hugmyndum Bjarkar eru notuð á plötunni og tónleikunum. Með snjallsímaforritunum er svo hægt að rannsaka hvert lag og hafa áhrif á það hvernig það hljómar. Biophilia-verkefnið í heild fjallar um tengsl tónlistar, náttúru og tækni og leitaði Björk meðal annars til vísindamanna og uppfinningamanna við vinnslu þess.

Biophilia-platan sjálf er samt hefðbundinn geisladiskur sem til að byrja með er fáanlegur í tveimur útgáfum, tíu laga útgáfu og viðhafnarútgáfu sem inniheldur þrjú aukalög, þar á meðal lagið Náttúru sem Björk gerði árið 2008 og Thom Yorke syngur bakraddir í. Eins og áður semur Björk flest lög og texta en Damien Taylor og Mark Bell koma að einstaka lagasmíðum og Oddný Eir Ævarsdóttir og Sjón taka þátt í að semja nokkra textanna. Á meðal annarra samstarfsmanna á plötunni má nefna Matthew Herbert og Zeenu Parkins.

Tónlistarlega er Biophilia kannski ekki eins byltingarkennd og maður hefði getað haldið. Hljómur plötunnar er vissulega einstakur og hún er ekki eins og nein önnur Bjarkarplata, en Björk hefur samt verið að vinna með ámóta hluti áður. Á meðal þess sem setur svip á Biophiliu er bjartur og tær hörpuhljómur, kórútsetningar og harðir og ómstríðir raftónlistartaktar. Lagasmíðarnar eru svolítið tormeltari en áður – það er ekkert Violently Happy eða Isobel hér – en platan vinnur jafnt og þétt á við endurtekna hlustun og eftir nokkrar umferðir í spilaranum á fullum styrk er hún búin að ná manni.

Það eru mörg flott lög á Biophiliu. Flestir þekkja sennilega fyrsta smáskífulagið Crystalline, sem stigmagnast og endar með hörðum trommu- og bassakafla sem breska dúóið 16bit á heiðurinn af, en þeir félagar setja líka svip sinn á lagið Mutual Core. Thunderbolt einkennist af kórsöng og Teslabassalínu, Cosmogony er einfalt og melódískt, en Dark Matter og Hollow eru skrýtin og skuggaleg. Platan byrjar og endar á rólegum og fallegum tónum. Upphafslagið Moon hefst á hörpuleik Zeenu Parkins, en hún sér jafnframt um eina undirspilið í lokalaginu, Solstice. Í því leikur hún á sérsmíðaða pendúlshörpu. Frábært lag. Það þarf líka að geta þess að Björk syngur mjög vel á plötunni.

Á heildina litið er Biophilia enn eitt stórvirkið á ferli Bjarkar. Kannski ekki hennar besta plata, en magnað verk engu að síður og plata sem sýnir að Björk er ekki hætt leitinni að nýjum og spennandi hlutum.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Björk gefur ekkert eftir á metnaðarfullri plötu.

# Önnur plata Árstíða komin út

Þjóðlagahljómsveitin Árstíðir hefur gefið út sína aðra plötu, Svefns og vöku skil. Platan kemur út á vegum Nivalis ehf., sem er í eigu meðlima sveitarinnar, og það var Ólafur Arnalds sem annaðist upptökustjórn. Stutt er síðan fyrsta smáskífulag plötunnar, Ljóð í sand, fór í útvarpsspilun.

Árstíðarmenn eru nýkomnir heim úr þriggja vikna tónleikaferð um Rússland og Búlgaríu. Uppselt var á meira en helming þeirra níu tónleika sem hljómsveitin hélt í Rússlandi og áhorfendafjöldinn var að meðaltali um fjögur hundruð. Árstíðir koma næst fram í Kaldalóni í Hörpu 14. október á Airwaves-hátíðinni. Tvennir útgáfutónleikar verða svo í nóvember. Þeir fyrri verða í Hofi á Akureyri 11. nóvember og hinir síðari í Salnum í Kópavogi 19. nóvember.



**NÝ PLATA** Hljómsveitin Árstíðir hefur gefið út sína aðra plötu.

**Bókabúð Máls og menningar í 50 ár**

Opnum ljósmyndasýningu í Bókabúð Máls og menningar laugardaginn kl. 15.00.
Borgarfulltrúinn og fyrrum starfsmaður Máls og menningar, Óttarr Proppé opnar sýninguna.



Sýningin mun standa uppi í októbermánuði og er hún unnin í góðu samstarfi við Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18



TILNEFND TIL
CAMÉRA D'OR
FESTIVAL DE CANNES
★★★★
HAUKUR VIÐAR ALFREÐSSON, FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★½
DAVÍÐ MÁR STEFÁNSSON, MORGUNBLAÐIÐ
★★★★
ÓLAFUR TORFASON, RÁS 2:
★★★★★
HULDA G. GEIRSDÓTTIR, RÁS 2
MYND EFTIR RÚNAR RÚNARSSON
ELDFJALL
ZIK ZAK FILMWORKS OG FINE & MELLOW KYNNA KVIKMYND EFTIR RÚNAR RÚNARSSON „ELDFJALL“
THEODÓR JÚLÍUSSON MARGRÉT HELGA JÓHANNSDÓTTIR ÞORSTEINN BACHMANN ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR
HÁR OG FÖRÐUN GUÐBJÖRG HULDÍS KRISTINSDÓTTIR BÚNINGAHÖNNUN HELGA RÓS V. HANNAM LEIKMYND HAUKUR KARLSSON
TÓNLIST KJARTAN SVEINSSON HLJÓÐ INGVAR LUNDBERG KLIPPING JACOB SECHER SCHULSINGER KVIKMYNDATAKA SOPHIA OLSSON DFF
FRAMKVÆMDASTJÓRI RANNVEIG JÓNSDÓTTIR SAMFRAMLEIÐANDI HLÍN JÓHANNESDÓTTIR EXECUTIVE FRAMLEIÐANDI THOMAS GAMMELTOFT
FRAMLEIÐENDUR ÞÓRIR SIGURJÓNSSON SKÚLI FR. MALMQUIST EGIL DENNERLINE HANDRIT OG LEIKSTJÓRN RÚNAR RÚNARSSON
STYRKT AF NEW DANISH SCREEN KVIKMYNDASJÓÐI ÍSLANDS NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐNUM
LISTRÆN STJÓRN, NEW DANISH SCREEN JACOB HØGEL RÁÐGJÖF, NEW DANISH SCREEN KIM LEONA FORSTÖÐUMAÐUR NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐSINS HANNE PALMQUIST FORSTÖÐUMAÐUR KVIKMYNDASJÓÐS ÍSLANDS LAUFEY GUÐJÓNSDÓTTIR
FINE & MELLOW
ZIK ZAK
DR
TV2
ICELANDIC Film Centre
NEW DANISH SCREEN

# Samstarf við Lady Gaga-hönnuð

Á opnunarkvöldi alþjóðlegu ráðstefnunnar You Are in Control í Hörpu á mánudagskvöld verður stefnt saman ólíkum listgreinum og sýnt hvernig myndlist, tónlist, leiklist, kvikmyndir, hönnun og tölvuleikir vinna saman með nýstárlegum hætti.

Eldar Ástþórsson og Fiona Cribben hjá CCP kynna afrakstur samstarfs fyrirtækisins við Nichola Formichetti, sem er þekktastur fyrir hönnun sína í kringum poppdívuna Lady Gaga og listræna stjórnun fyrir franska tískuhúsið Mugler. Tölvuleikurinn The Moogies, sem er fyrir snjallsíma og spjaldtölvur, verður kynntur. Hann er ætlaður börnum á aldrinum 2-6 ára og foreldrum þeirra. Hönnunarfyrirtækið Worn By Worship kynnir nýja heimildarþáttaröð, Couture Culture, þar sem rætt verður við unga tískuhönnuði. Gagnvirka netleikhúsið Herbergi 408 verður einnig kynnt. Það hefur verið tilnefnt til Útvarps- og sjónvarpsverðlauna Evrópu fyrir verkið Jöklar. Kvikmyndavefurinn Icelandic Cinema Online verður kynntur, auk þess sem Weird Girls, Snorri Ásmundsson, Ásdís Sif Gunnarsdóttir og Þórður Grímsson sýna listsköpun sína.



**MEÐ GAGA** Nichola Formichetti (lengst til vinstri) ásamt Lady Gaga og Sebastian Peigne á tískuvikunni í París. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þurfa ekki að hlusta

Chris Martin, söngvari Coldplay, segist ekki neyða börnin sín til að hlusta á tónlistina hans. „Ég neyði tónlistina ekki ofan í þau. Enginn í fjölskyldunni þarf að hlusta á hana," sagði Martin, spurður hvort börnin hans hlustuðu á Coldplay. Hann á tvö börn, hina sjö ára Apple og hinn fimm ára Moses. Söngvarinn viðurkennir að barneignir hans hafi breytt sköpunarferli Coldplay.

„Ég er líka orðinn einbeittari vegna þeirra og vil ekki eyða tíma í eitthvað sem er ekki þess virði. Maður vill ekki eyða mörgum mánuðum í eitthvað sem hljómar á endanum ömurlega. Á endanum snýst þetta um að gera börnin sín stolt af manni." Coldplay gefur út plötuna Mylo Xyloto síðar í þessum mánuði.



**COLDPLAY** Chris Martin og félagar gefa út nýja plötu í þessum mánuði.



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**ENGAN DÓNASKAP** Jennifer Aniston kastaði stól í leikstjóra sem var með dónaskap við handritshöfund. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kastaði stólum

Leikkonan Jennifer Aniston er ekki öll þar sem hún er séð því þegar hún reiðist á hún það til að kasta stólum í fólk. Þessu uppljóstraði Aniston í viðtali við tímaritið Elle. Aniston sagðist einu sinni hafa kastað stól í leikstjóra sem fór yfir strikið. „Leikstjórinn var mjög dónalegur í samskiptum við handritshöfund á tökustað. Þegar hann kom síðan inn í herbergið mitt kastaði ég stól í hann og sagði honum að svona kæmi maður ekki fram við fólk," segir Aniston en viðurkennir jafnframt að hún sé ekki mjög stolt af þessu reiðikasti sínu.

Aniston vildi ekki nafngreina leikstjórann sem varð fyrir stólakastinu.



**ÞOLIR EKKI FRÆGÐINA** Gerard Butler segist ekki kunna vel við frægðina og fylgifiska hennar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kann illa við frægðina

**Skoska leikaranum Gerard Butler er illa við frægðina og fylgifiska hennar. Hann segist þó njóta leiklistarinnar en óskar þess stundum að hann gæti horfið í fjöldann.**

**„Ég elska starf mitt. En eftir því sem velgengni mín eykst átta ég mig betur á því að það er margt við leiklistina sem mér líkar ekki við. Oft langar mig bara að gera kvikmynd og svo hverfa en það er ekki hægt. Það er líklega erfitt að vorkenna leikurum sem kvarta undan frægð og frama og margt við starfið er vissulega frábært. Ég fæ enn mikla gleði úr því að hitta og spjalla við aðdáendur mína en ég þoli ekki papparassana sem fylgja manni við hvert fótmál," sagði leikarinn í viðtali við tímaritið Confidential.**

# Óhamingjusöm Jessica

Þrálátar sögusagnir um óléttu söngkonunnar Jessicu Simpson hafa nú náð nýjum hæðum því tímaritið Enquirer heldur því fram að söngkonan ætli sér að ala barnið upp sjálf.

Samband Simpson og íþróttamannsins Erics Johnson stendur á brauðfótum og á parið að hafa frestað brúðkaupinu sínu um óákveðinn tíma. „Þetta ætti að vera hamingjusamasti tími lífs hennar en þess í stað hefur hún aldrei verið óhamingjusamari. Hún og Eric eru ekki ánægð saman og hafa ákveðið að fresta fyrirhuguðu brúðkaupi um óákveðinn tíma. Foreldrar hennar óttast að Jessica endi sem einstæð móðir líkt og systir hennar, Ashlee,“ var haft eftir heimildarmanni.



**ÓÁNÆGÐ** Sögusagnir eru uppi um að Jessica Simpson og Eric Johnson hafi frestað brúðkaupi sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Saknar ekki Leonardo DiCaprio

Leikkonan Blake Lively grætur ekki samband sitt við Leonardo DiCaprio og sást hún í innilegum faðmlögum með Ryan Reynolds á lestarstöð í Boston.

Samkvæmt sjónarvottum sáust leikararnir haldast í hendur, faðmast og kyssast áður en Lively steig um borð í lest sem var á leið til New York. „Blake virtist ekki vera mikið að velta sér upp úr sambandsslitunum við Leo. Hún og Ryan virtust vera mjög hamingjusöm saman og þau kysstust oft og innilega. Hann beið á lestarteinunum allt þar til hún var úr augsýn. Það er augljóst að þau eru hrifin af hvort öðru, en hvort þetta er alvarlegt samband er annað mál,“ var haft eftir sjónarvotti.

Reynolds skildi við leikkonuna Scarlett Johansson í júlí á þessu ári, en parið hafði þá verið skilið að skiptum frá því í lok ársins 2010. Síðan þá hefur hann meðal annars verið orðaður við leikkonurnar Söndru Bullock og Oliviu Wilde.



**EKKI Í ÁSTARSORG** Blake Lively virðist ekki sakna Leonardo DiCaprio ef marka má orð sjónarvotta sem sáu hana kyssa Ryan Reynolds á lestarstöð. NORDICPHOTOS/GETTY



**ANDAR KÖLDU** Cameron Diaz mun vera mjög illa við dívustælana í Jennifer Lopez á tökustað myndarinnar What To Expect When You're Expecting. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þolir ekki Jennifer Lopez

Cameron Diaz og Jennifer Lopez leika saman í kvikmyndinni What to Expect When You're Expecting. Samkvæmt sögusögnum líkar leikkonunum þó ekki við hvor aðra og andar köldu þar á milli.

„Þeim líkar svo illa hvorri við aðra að framleiðendur myndarinnar hafa lagt sig í líma við að halda þeim eins fjarri hvor annarri og hægt er. Þær dvelja ekki á sama hóteli og eru sjaldan á tökustað á sama tíma. Cameron hreinlega þolir ekki dívustælana í Jennifer,“ var haft eftir innanbúðarmanni.

„Í kvöldverðarboði sem haldið var fyrir tökuliðið skvetti Cameron í sig fjórum vínglösum til þess eins að þola samvistirnar við Lopez.“



**NÝTT SAFN** Safn tileinkað Arnold Schwarzenegger hefur verið opnað á æskuheimili hans í Thal. NORDICPHOTOS/GETTY

# Safn opnað á æskuheimili

**Hollywood-leikarinn og ríkisstjórinn fyrrverandi Arnold Schwarzenegger hefur opnað nýtt safn tileinkað honum sjálfum á æskuheimili hans í bænum Thal í Austurríki. „Vonandi skilja allir þeir sem heimsækja safnið að hver sem er getur náð langt í lífinu á sinn hátt,“ sagði Schwarzenegger í viðtali við Reuters. „Verið hungruð! Ein fyrsta bíómyndin mín hét þessu nafni og þetta hefur alltaf verið mitt mottó. Þessi skilaboð ættu að fylgja þessu húsi.“ Schwarzenegger fæddist í Thal árið 1947 en fluttist til Bandaríkjanna þegar hann var 21 árs.**



# Klovn-tvíeykið hneykslar enn

Casper Christensen og Frank Hvam frumsýndu á fimmtudagskvöld nýja uppistandssýningu sína. Klovn-tvíeykið hefur verið duglegt að lýsa því yfir í viðtölum að engum verði hlíft, allt verði látið flakka.

Og þeir stóðu svo sannarlega við stóru orðin. Í það minnsta Casper sem talaði digurbarkalega um samlíf sitt og nýju kærustunnar, Isabel Friis-Mikkelsen, og virtist standa á sama um að stúlkan og faðir hennar, Jarlinn, væru meðal gesta í salnum. Jarlinn er reyndar góðvinur þeirra félaga. Fréttablaðið mun ekki hafa eftir þau orð sem Casper viðhafði um líkamlegt samneyti þeirra tveggja en Casper var borubrattur þegar vefútgáfa danska blaðsins BT spurði hann út í brandarann. „Maður verður að vera algjörlega ónæmur þegar maður gerir grín,“ segir Casper og bætti því við að hann hlakkaði til að hitta góðvin sinn Jarlinn. „Við vorum í sambandi fyrir sýninguna og hann óskaði mér góðs gengis.“

Jarlinn virðist hafa haft húmor fyrir groddaralegum athugasemdum Caspers því vel fór á með þeim eftir sýninguna. „Hann veit alveg hvernig þessi leikur er og hann hló sig máttlausan. Hann hefur húmor, sem betur fer.“ Casper var heldur ekki í vafa um að nýja frúin hefði hlegið. „Hún veit alveg hvernig ég er. Ég var heldur ekki að niðurlægja hana, ég nefndi bara nokkrar fallegar hliðar á sambandi okkar.“



**GRÓFT GRÍN** Casper Christensen hikaði ekki við að gera grín að samlífi sínu og nýju kærustunnar þrátt fyrir að tengdapabbinn væri í salnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| WHAT´S YOUR NUMBER LÚXUS | KL. 1 - 3.20* (SUN) - 5.40 | 12 |
| KILLER ELITE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| KILLER ELITE LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| RAUÐHETTA 2 2D ÍSL.TAL | KL. 1 (TILBOÐ)* AÐEINS SUN | L |
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 1 (TILBOÐ)* AÐEINS SUN - 4 - 6 | L |
| ELDFJALL | KL. 5.45 | L |
| ABDUCTION | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 5.50 | L |
| SPY KIDS 4 IN 4D | KL. 1 - 3.30* AÐEINS SUN, 3.45* AÐEINS LAU | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL. 1 (TILBOÐ)* AÐEINS SUN - 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 (TILBOÐ) | L |
| ELDFJALL | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 5.40 | L |
| PROJECT NIM | KL. 4 - 8 | L |
| LE HAVRE | KL. 6 - 10 | L |
| BOBBY FISHER | KL. 8 - 10 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 8 - 10 | 12 |
| KILLER ELITE | KL. 8 - 10 | 16 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 4 (TILBOÐ)- 6 | 7 |
| ELDFJALL | KL. 6 | L |
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 4 (TILBOÐ) | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁSBÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| KILLER ELITE | 5.50, 8 og 10.20(POWER) |
| ABDUCTION | 8 og 10.20 |
| RAUÐHETTA 2 - 3D | 2, 4(950 kr) og 6 - ISL TAL |
| JOHNNY ENGLISH | 2, 4(700 kr), 6, 8 og 10.20 |
| STRUMPARNIR - 3D | 1.50 og 3.50 (950 kr) - ISL TAL |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| REAL STEEL | kl. 1:30 - 3:30 - 6 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| REAL STEEL Luxus VIP | kl. 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| CONTAGION | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| CONTAGION Luxus VIP | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | VIP |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 4 - 6 | 2D | L |
| JOHNNY ENGLISH | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali | kl. 12 - 2 - 4 - 6 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 12 - 2 - 4 - 6 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8:30 | 2D | 7 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | kl. 1 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| KONUNGUR LJÓNANNA 3D | kl. 2 - 4 | 3D | L |
| REAL STEAL | kl. 6 - 8 | 2D | 12 |
| CONTAGION | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 2 - 4 | 2D | L |
| HRAFNAR SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 6 - 8 | 2D | L |
| SHARK NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| REEL STEEL | kl. 5:30 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| JOHNNY ENGLISH | kl. 5:50 - 8 | 2D | L |
| ABDUCTION | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| THE LION KING | kl. 1:30 - 3:40 | 3D | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 1:30 - 3:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| REAL STEEL | kl. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE LION KING m/ísl tali | kl. 2 - 4 - 6 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 2 - 4 - 6 | 2D | L |
| CONTAGION | kl. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 3 - 5:30 - 8 | 2D | 7 |
| SHARK NIGHT | kl. 10:30 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| REAL STEEL | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| CONTAGION | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 3:40 | 2D | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali | kl. 1:40 - 3:40 - 6 | 3D | L |
| THE LION KING - 3D ótextuð M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 1:30 - 2 - 4 - 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| REAL STEEL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DRIVE | kl. 8 | 16 |
| 30 MINUTES OR LESS | kl. 10:10 | 14 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 2 - 4 | L |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 6 | L |
| BÍLAR 2 íslenskt tal | kl. 2 | L |

ÓDÝRARA Í BÍÓ OG ALLSKONAR FRÍÐINDI SAMbio.is

• 10 ÁRA AFMÆLI • 10 ÁRA
10 ÁRA GÖMUL VERÐ
Á ALLAR SÝNINGAR DAGANA 8. - 9. - 10. OKTÓBER
Gríptu tækifærið og skelltu þér í vinsælasta og tækniværddasta bíó landsins á 10 ára gömlum verðum!
SMÁRABÍÓ - fullkomin gæði




TILBOÐSBÍÓ




SMÁRABÍÓ midi.is

| | | |
|---|---|---|
| RAUÐHETTA 2 ÍSL.TAL | KL. 1 | L |
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 1 | L |
| SPY KIDS 4 IN 4D | KL. 1 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL | KL. 1 | L |

ATH: AÐEINS TILBOÐ Á SUNNUDAG

HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| RAUÐHETTA 2 ÍSL.TAL 3D | KL. 3.40 (TILBOÐ) | L |

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

facebook /smarabio • facebook /haskolabio




tryggðu þér miða á sambio.is
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN SAMbio.is

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

**LAUGARDAGUR:** *CARLOS* 18:00, 21:10 ■ AÐFÖR AÐ LÖGUM 20:00, 22:00 ■ JODOROWSKY: FANDO Y LIS 20:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00 ■ *SVÍNASTÍAN* 18:00, 22:00 ■ THORS SAGA 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00
**SUNNUDAGUR:** *CARLOS* 18:00, 21:10 ■ AÐFÖR AÐ LÖGUM 22:30 ■ JODOROWSKY: FANDO Y LIS 20:00 ■ DEUS EX CINEMA: TÚNDRAN (PAHA MAA) 20:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00 ■ *SVÍNASTÍAN* 18:00, 22:00 ■ THORS SAGA 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00
ÍSLENSKUR TEXTI. *ENGLISH SUBTITLES.*




• 10 ÁRA AFMÆLI •
OPIÐ HÚS Í SMÁRABÍÓI
Í DAG KL. 12 - 15
10 ÁRA
ÓKEYPIS NAMMI OG GOS!
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
SONY
Góðir gestir kíkja í heimsókn.
Risastrumpurinn · Solla stirða · Steindinn okkar
Skemmtiatriði í öllum sölum.
Playstation Move, nýjustu sýnishornin í 3D og Fifa 12 mót á risatjaldi.
Saga kvikmyndarinnar sýnd og skoðunarferðir um sýningaklefann.
10 ÁRA GÖMUL VERÐ Á ALLAR SÝNINGAR DAGANA 6. - 10. OKTÓBER
Almennt verð 800 kr.
Börn 450 kr.
3D sýningar 1.000 kr.
Lúxus 1.700 kr.
Gerðu þér glaðan dag í vinsælasta og tæknivæddasta bíói landsins.
SMÁRABÍÓ - fullkomin gæði
Latibær ® & © 2011 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.

# sport

sport@frettabladid.is




**ÓLAFUR JÓHANNESSON** stýrði íslenska landsliðinu í 39. og síðasta sinn í Porto í gærkvöldi. Íslenska landsliðið vann 11 leiki undir hans stjórn (9 jafntefli og 19 töp) þar af aðeins 2 af 17 leikjum sínum í undankeppni HM eða EM (3 jafntefli og 12 töp). Ólafur var bara einum leik frá því að jafna met Tony Knapp sem er sá þjálfari sem hefur stýrt íslenska A-landsliðinu oftast eða í 40 leikjum á árunum 1974-77 og 1984-85.

## ÚRSLIT

*Undankeppni EM:*

**A-RIÐILL:**

Aserbaídsjan-Austurríki 1-4
Tyrkland-Þýskaland 1-3
0-1 Mario Gomez (35.), 0-2 Thomas Muller (65.), 1-2 Hakan Kadir Balta (79.), 1-3 Bastian Schweinsteiger, víti (86.)
Belgía-Kasakstan 4-1
**Staðan:** Þýskaland 27 stig, Belgía 15, Tyrkland 14, Austurríki 11, Aserbaídsjan 7, Kasakstan 3.

**B-RIÐILL:**

Armenía-Makedónía 4-1
Slóvakía-Rússland 0-1
Andorra-Írland 0-2
0-1 Kevin Doyle (7.), 0-2 Aiden McGeady (20.)
**Staðan:** Rússland 20 stig, Írland 18, Armenía 17, Slóvakía 14, Makedónía 7, Andorra 0.

**C-RIÐILL:**

Norður-Írland - Eistland 1-2
Serbía-Ítalía 1-1
0-1 Claudio Marchisio (2.), 1-1 Branislav Ivanovic (26.).
**Staðan:** Ítalía 23, Eistland 16, Serbía 15, Slóvenía 11, Norður-Írland 9, Færeyjar 4.

**D-RIÐILL:**

Bosnía Hersegóvína-Lúxemborg 5-0
Rúmenía-Hvíta-Rússland 2-2
Frakkland-Albanía 3-0
1-0 Florent Malouda (9.), 2-0 Loic Remy (37.), 3-0 Anthony Reveillere (65.)
**Staðan**: Frakkland 20, Bosnía 19, Rúmenía 13, Hvíta-Rússland 13, Albanía 8, Lúxemborg 4.

**E-RIÐILL:**

Finnland-Svíþjóð 1-2
0-1 Sebastian Larsson (7.), 0-2 Martin Olsson (53.), 1-2 Joona Toivio (73.)
Holland-Moldavía 1-0
1-0 Klaas-Jan Huntelaar (41.).
**Staðan:** Holland 27, Svíþjóð 21, Ungverjaland 18, Finnland 9, Moldavía 6, San Marínó 0.

**F-RIÐILL:**

Lettland-Malta 2-0
Grikkland-Króatía 2-0
**Staðan:** Grikkland 21, Króatía 19, Ísrael 13, Lettland 11, Georgía 10, Malta 1.

**G-RIÐILL:**

Wales-Sviss 2-0
1-0 Aaron Ramsey, víti (60.), 2-0 Gareth Bale (70.).
Svartfjallaland-England 2-2
0-1 Ashley Young (11.), 0-2 Darren Bent (30.), 1-2 Elsad Zverotic (44.), 2-2 Andrija Delibasic (90.+1)
Rautt spjald: Wayne Rooney, England (72.)
**Staðan:** England 18, Svartfjallaland 12, Sviss 8, Wales 6 Búlgaría 5.

**H-RIÐILL:**

Kýpur-Danmörk 1-4
0-1 Lars Jacobsen (6.), 0-2 Dennis Rommedahl (11.), 0-3 Michael Krohn-Delhi (20.), 0-4 Dennis Rommedahl (22.), 1-4 Andreas Avraam (45.)
Portúgal-Ísland 5-3
**Staðan:** Portúgal 19, Danmörk 16, Noregur 13, Ísland 4, Kýpur 2.

**I-RIÐILL:**

**Tékkland-Spánn 0-2**
0-1 Juan Mata (5.), 0-2 Xabi Alonso (23.).
**Staðan:** Spánn 21, Tékkland 10, Skotland 8, Litháen 5, Liechtenstein 4.

# Þrjú mörk í Porto dugðu ekki til

**Íslenska landsliðið skoraði heil þrjú mörk á útivelli gegn Portúgal en tapaði samt, 5-3. Eftir að hafa verið refsað grimmilega kom íslenska liðið af krafti inn í síðari hálfleikinn og skoraði þrjú mörk í stað þess að láta keyra yfir sig. Virðingarverð frammistaða og Ólafur gat leyft sér að brosa eftir allt í lokaleiknum.**

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson fékk fína kveðjugjöf frá strákunum sínum er þeir skoruðu þrjú mörk í síðari hálfleik í Porto. Það dugði ekki til sigurs en framgangan var vaskleg og með smá heppni hefði íslenska liðið getað fengið eitthvað úr leiknum.

Íslenska liðið byrjaði leikinn mikið mun betur en búist var við. Það var kraftur í strákunum og þeir reyndu að sækja frá upphafi er færi gafst. Portúgalarnir áttu greinilega ekki von á því þeir lentu í talsverðum vandræðum með framlínumenn íslenska liðsins.

Ísland var aðeins hársbreidd frá því að komast yfir eftir sex mínútna leik. Aron Einar átti þá langt innkast í teiginn. Sölvi Geir stökk manna hæst og náði frábærum skalla að marki. Aðeins mögnuð markvarsla portúgalska markvarðarins kom í veg fyrir að Ísland næði forystunni í leiknum.

Á 13. mínútu dundi síðan ógæfan yfir. Nani átti þá frábæran skalla í teignum sem Stefán Logi átti ekki möguleika á að verja. Þetta var fyrsta marktilraun Portúgala og hún fór inn. Grátlegt. Enn grátlegra var að Sölvi Geir skyldi gefa Portúgölum annað mark aðeins átta mínútum síðar.

Hann gaf þá glórulausa sendingu inn í teiginn. Nani var fljótur að átta sig, náði boltanum og kom honum í tómt markið. Hrikaleg mistök hjá Sölva sem var annars að leika vel.

Íslenska liðið gafst ekki upp en sem fyrr kom liðið ekki boltanum inn. Það gerði Portúgal aftur á móti rétt fyrir hlé. Þá gleymdist Postiga í teignum. Hann hitti boltann illa en það var eftir öllu að samt fór hann í netið. 3-0 í hálfleik sem gaf alls ekki rétta mynd af gangi mála í fyrri hálfleik.

Íslensku strákarnir lögðu ekki árar í bát og minnkuðu muninn í upphafi seinni hálfleiks. Uppskriftin var svipuð og í fyrri hálfleik.

Fast leikatriði á Sölva sem vann skallaeinvígi, Hallgrímur framlengdi með því að skalla boltann í netið. Smekklega gert og sanngjarnt að Ísland næði inn marki í leiknum.

Strákarnir voru ekki hættir því rúmum 20 mínútum fyrir leikslok skoraði Húsvíkingurinn aftur og aftur eftir skallasendingu frá Sölva. Hornspyrna og Sölvi vinnur skallann í teignum. Hallgrímur klárar með hælnum af stuttu færi. Glæsilegt mark og leikurinn galopinn allt í einu.

Íslenska liðið var allt eins líklegt að jafna er Portúgal kláraði dæmið. Eliseu með flottan sprett upp kantinn, lagði boltann út í teiginn þar sem Moutinho var óvaldaður og lagði boltann í netið. Grátlegt. Fimmta markið kom fyrir lokin en Gylfi Þór klóraði í bakkann með marki úr víti í uppbótartíma.

„Ég er mjög ánægður með leikinn. Það var ósanngjarnt að vera 3-0 undir í hálfleik. Við fengum svo sannarlega færi," sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari eftir leik.

„Ég spurði strákana í hálfleik hvort þeir væru menn eða ekki. Þeir svöruðu því með stæl. Ég er stoltur af þeim því menn gáfust aldrei upp og hættu aldrei. Það er erfitt að segja hvort þetta hafi verið besti leikurinn undir minni stjórn."

henry@frettabladid.is




**SNILLDARTAKTAR** Húsvíkingurinn Hallgrímur Jónasson minnkar hér muninn í 3-2 með frábæru marki með hælnum. NORDIC PHOTOS/AP



**FAGNAÐ** Portúgalar fagna marki Nani.
NORDIC PHOTOS/AP

## PORTÚGAL 5-3 ÍSLAND

*1-0 Nani (13.)*
*2-0 Nani (22.)*
*3-0 Helder Postiga (44.)*
*3-1 Hallgrímur Jónasson (48.)*
*3-2 Hallgrímur Jónasson (68.)*
*4-2 Joao Moutinho (81.)*
*5-2 Eliseu (87.)*
*5-3 Gylfi Þór Sigurðsson, víti (90.+4)*

Estadio do Dragao, áhorf.: 35.715
Dómari: Bas Nijhuis, Hollandi

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 19–7 (9–5) |
| Varin skot | Patricio 2 – Stefán 3 |
| Horn | 9–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–11 |
| Rangstöður | 0–3 |

**ÍSLAND** 4–5–1

| | |
|---|---|
| Stefán Logi Magnússon | 3 |
| Hjörtur Logi Valgarðsson | 6 |
| Sölvi Geir Ottesen | 7 |
| Kristján Örn Sigurðsson | 7 |
| Birkir Már Sævarsson | 6 |
| Aron Einar Gunnarsson | 7 |
| ***Hallgrímur Jónasson** | **8** |
| (89., Matthías Vilhjálmsson | -) |
| Birkir Bjarnason | 8 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 6 |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 6 |
| (81., Kjartan Henry Finnbogason | -) |
| Rúrik Gíslason | 7 |
| (89., Arnór Smárason | -) |

**Bestur hjá Íslandi*



**PISTILLINN**
**Kolbeinn Tumi Daðason** Íþróttafréttamaður

# Gefðu boltann!

Einspilari er orð sem er nánast eingöngu notað í yngri flokkum í knattspyrnu. Krakkar eða táningar sem kjósa ítrekað að fara sínar eigin leiðir frekar en að senda á samherja. Hvers vegna? Þeir vita að oftar en ekki virkar það.

Í yngri flokkum er getumunurinn á leikmönnum oft mikill. Út frá sjónarhorni liðsins getur reynst betra að hæfileikaríkur leikmaður reyni að komast framhjá þremur leikmönnum andstæðinganna en að hann sendi á slakari samherja. Sá gæti tapað boltanum eða er a.m.k. ekki líklegur til afreka með hann.

Hólmfríður Magnúsdóttir, einn besti leikmaður þjóðarinnar, minnti mig á einspilara í yngri flokkum í viðureign bikarmeistara Vals gegn Glasgow City í vikunni. Ítrekað fékk hún boltann úti á kanti með tvo andstæðinga fyrir framan sig. Þrátt fyrir að eiga góða sendingarmöguleika, líkt og oft vill verða hjá leikmanni sem glímir við nokkra leikmenn andstæðinganna, kaus hún alltaf að keyra á varnarmennina án hjálpar annarra rauðklæddra félaga sinna. Í öll skiptin misheppnaðist tilraunin og boltinn tapaðist.

En það var meira sem gerðist en að boltinn tapaðist. Í öll skiptin upplifðu samherjar hennar, tveir á sextánda aldursári, að þrátt fyrir að vera vel staðsettir var þeim ekki treyst fyrir boltanum. Engan sálfræðing þarf til þess að greina að það auki ekki sjálfstraust leikmannanna.

Skoska liðið vann sanngjarnan 3-0 sigur. Liðið hélt boltanum vel innan liðsins, ótrúlega vel reyndar, og eldfjótir sóknarmenn liðsins ollu varnarmönnum Vals erfiðleikum í stöðunni einn gegn einum. Það er nefnilega í góðu lagi að sækja á varnarmenn. Leikmenn sem gera það þurfa öll lið að hafa. Það er ein ástæða þess að unga iðkendur á ekki að skamma fyrir að þora að reyna að komast framhjá varnarmönnunum. Hins vegar er mikilvægt fyrir þjálfara að opna augu leikmanna fyrir því að velja rétta möguleikann hverju sinni. Hann er sjaldnast að sækja á alla varnarlínu andstæðingsins einn síns liðs.









**EKKI Í NÁÐINNI** Athygli vekur að Þorgerður Anna Atladóttir var ekki valin í landsliðið að þessu sinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

